

Ársskýrsla 2023



**Íþróttabandalag Akraness
Stofnað 1946**

80. ársþing 2024

Skýrsla stjórnar ÍA starfsárið 2023

Stjórn ÍA árið 2023 skipuðu:

Formaður:	Hrönn Ríkharðsdóttir
Varaformaður:	Emililía Halldórsdóttir
Meðstjórnendur:	Gyða Björk Bergþórsdóttir, Erla Ösp Lárusdóttir, Heiðar Mar Björnsson
Varamenn:	Tómas S. Kjartansson Trausti Gylfason.

Starfsmenn ÍA 2023:

Eyrún Reynisdóttir: Umsjón með heimasíðu, samfélagsmiðlum ofl.
Guðmunda Ólafsdóttir : Framkvæmdastjóri, daglegur rekstur.
Jóhann Pétur Hilmarsson: Umsjón á þreksal
Petrea Emilía Pétursdóttir : Bókhald, laun og ársreikningur.

Formenn aðildarfélaga ÍA árið 2023 voru:

Brynja Kolbrún Pétursdóttir	formaður Badmintonfélags ÍA
Valgerður Ása Kristjánsdóttir	formaður Blakfélagsins Bresa
Steinar Helgason	formaður Fimleikafélags Akraness
Pétur Ottesen	formaður Golfklúbbsins Leynis
Ása Hólmarsdóttir	formaður Hestamannafélagsins Dreyra
Bjarni Þór Benediktsson	formaður Hnefaleikafélags Akraness
Sigurlaug Njarðardóttir	formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Nanna María Elfarsdóttir	formaður Karatefélags Akraness
Ársæll Rafn Erlingsson	formaður Keilufélags Akraness
Sigurður Reynisson	formaður Klifurfélags ÍA
Eggert H. Herbertsson	formaður Knattspyrnufélags ÍA
Sveinbjörn Hlöðversson	formaður Knattspyrnufélagsins Kára
Einar Örn Guðnason	formaður Kraftlyftingafélags Akraness
Fannar Helgason	formaður Körfuknattleiksfélags ÍA
Guðmundur Benediktsson	formaður Sigurfara - siglingafélags Akraness
Sigfús Agnar Jónsson	formaður Umf. Skipaskaga
Stefán Gísli Örlygsson	formaður Skotfélags Akraness
Valdimar Ingi Brynjarsson	formaður Sundfélags Akraness
Jóhann Pétur Hilmarsson	formaður Vélhjólaíþróttafélags Akraness

Tvö félög halda sína aðalfundi í nóvember ár hvert
Golfklúbburinn Leynir og Hestamannafélagið Dreyri
Nýir formenn tóku við í báðum félögum
Hróðmar Halldórsson tók við hjá Leyni
Guðmundur Sigurðsson tók við hjá Dreyra.

Ávarp formanns

Kæru Þinggestir.

Það er mér mikil ánægja að ávarpa ykkur hér í dag og er bæði glöð og ánægð að sjá hversu margir eru með okkur.

Það hefur verið allnokkur umræða um þátttöku í íþróttum og gildi þess að stunda íþróttir. Flestir eru sammála um mikilvægi þessa. En íþróttastarf snýst ekki bara um iðkendur.

Án sjálfboðaliða væri íþróttastarf ekki mögulegt. Höfum ávallt í huga að fjöldi fólks leggur íþróttahreyfingunni lið með því að sinna sjálfboðaliðastörfum svo sem að sitja í stjórnnum, nefndum, ráðum eða ýmsum vinnuhópum. Sjálfboðaliðar taka þátt í foreldrastarfi, hjálpa til við framkvæmd móta, leikja eða annarra viðburða. Þetta framlag er ekki sjálfgefið, og innan ÍA má ætla að sjálfboðaliðar vinni yfir 10.000 tíma á ári. Þátttaka sjálfboðaliða er dýrmæt auðlind sem oft er tekið sem sjálfsögðum hlut en má í raun leggja enn meiri áherslu á ef eitthvað er.

Við vitum öll að hverskonar sjálfboðavinna hefur jákvæð áhrif. Hún styrkir samband milli foreldra, þjálfara, iðkenda og stjórnarmanna í félaginu. Hún hefur líka hlutverki að gegna varðandi félagslegar þarfir einstaklinga sem um leið styðja félagið sitt. Oft leiðir sá stuðningur til þess að félagið nær settum markmiðum. Jafnframt gefur þátttaka í sjálfboðaliðastarfi einstaklingum tækifæri til að læra m.a. um leikreglur, um það hvernig rekstur félagasamtaka gengur fyrir sig og um félagsstörf almennt. Þó eru sennilega mikilvægustu áhrifin þau að þátttaka og stuðningur foreldra og forráðamanna auka tvímælalaust líkurnar á að barnið haldi áfram að stunda íþróttir. Það hefur fyrir löngu verið sannað að heilbriggt og gott félagslegt uppeldi barna og unglinga er lykillinn að góðu samfélagi fyrir okkur öll.

Eðli sjálfboðaliðastarfsins hefur hins vegar verið að breytast á undanförunum árum. Sviðsmyndin breytist hratt og sjálfboðaliðastörf eiga undir högg að sækja, samkeppni um tíma fólks er meiri í dag en áður var, fólk forgangsraðar frítíma sínum öðruvísi og oftast ekki fellur sjálfboðaliðastarfið fyrir utan þá röð. Einnig hefur krafan um fagmennsku, uppeldisþekkingu og ýmiskonar aðra sérþekkingu innan íþróttahreyfingarinnar gert það að verkum að færri störf eru í boði þar sem ábyrgðin er oft meiri en fólk er til í eða hefur tök á, sem hefur í för með sér meiri kostnað fyrir félögin. Fjármálaleg umsýsla hefur t.d. fæst í auknum mæli á hendur launaðra starfsmanna félaganna á meðan sjálfboðaliðar taka að sér önnur verkefni. Og aðildarfélögin okkar verða að sjálfsögðu að hafa bolmagn til að greiða þjálfurum og öðru starfsfólki laun við hæfi. Það skiptir samfélagið miklu máli að hafa sem fjölbreyttast íþróttastarf innan sinna vébanda, það skilar sér margfalt til baka. Sjálfboðaliðar verða líka að hafa tækifæri að vinna með og hafa áhrif til að efla tengsl og efla veg íþróttanna. Hundruð sjálfboðaliða leggja á sig ómælda vinnu við störf innan aðildarféлага og hafa þannig ekki bara áhrif á íþróttafélögin heldur á samfélagið okkar í heild. Án þeirrar miklu vinnu sem sjálfboðaliðar leggja af mörkum ætti öflugt starf innan ÍA sér ekki stað.

Um leið og mig langar að hvetja okkar sjálfboðaliða til dáða og hrósa þeim fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina, langar mig að hvetja ykkur öll að sýna þakklæti því mikilvæga fólki sem hefur gefið af sér í þágu annarra. Höldum sjálfboðaliðastarfinu á lofti og lifandi í þágu íþróttanna, ekki síst barna, ungmenna og samfélagsins í heild sinni.

Ég mun láta af störfum sem formaður ÍA að loknu þessu ársþingi. Ég er mjög þakklát fyrir það tækifæri sem mér gafst til að sinna þessu verkefni og taka þátt í störfum stjórnar Íþróttabandalagsins og vinna með ykkur. Það eru forréttindi sem hafa vikkað sjóndeildarhringinn minn og ég er ríkari í viðum skilningi þess orðs fyrir. Ég vil þakka ykkur samstarfið og óska ykkur velfarnaðar á ókomnum tímum. Nýrri stjórn ÍA og formanni óska ég alls hins bestu í sínum störfum.

Hrönn Ríkharðsdóttir – formaður ÍA

79. ársþing ÍA

Þann 25. apríl var 79.ársþing ÍA haldið með hefðbundum hætti í sal Tónlistarskólans. Eftir smá bras í byrjun tókst þingið vel að lokum.

Þingið gekk vel að mati stjórnar ÍA, þó svo að nokkur atriði fyrir þing hafi ekki alveg gengið upp eins og áætlanir gerðu ráð fyrir gekk allt upp að lokum.

Ungur þingforseti spreytti sig í fyrsta skiptið sem slíkur, þar var mættur fulltrúi ÍA í ungmennaráði Akraness, Björn Viktor Viktorsson. Hann leysti hlutverkið sitt mjög fagmannlega og vel úr hendi.

Mæting var þökkalega góð, formaður kjörbréfanefndar Trausti Gylfason fór yfir kjörbréf og lét vita að 46 fulltrúar voru mættir af þeim 66 fulltrúum sem rétt hafa til setu á þinginu.

Hrönn Ríkhardsdóttir formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar.

Í forföllum gjaldkera ÍA fór framkvæmdastjórinn Guðmunda Ólafsdóttir yfir reikninga og gerði grein fyrir þeim litlu breytingum sem orðið hafa á milli ára.

Engar spurningar eða vangaveltur komu um reikningna bandalagsins né skýrslu stjórnar Fulltrúi ÍSÍ á þinginu Garðar Svansson ávarpaði þingið og flutti kveðju stjórnar og starfsfólks ÍSÍ ásamt því að afhenda gullmerki ÍSÍ fyrir framúrskarandi störf í þágu íþróttá Akranesi.

Marella Steinsdóttir fyrrum formaður ÍA veitti merkinu viðtöku.

ÍA þakkaði Marellu fyrir sitt óeigingjarna starf í þágu íþróttá Akranesi á sama tíma er henni óskað innilega til hamingju með gullmerki ÍSÍ.

Fulltrúi UMFÍ ávarpaði þingið og flutti kveðjur stjórnar UMFÍ og starfsfólki þess. Einnig var sérstaklega vakin athygli á viðburðum á vegum UMFÍ eins og landsmót 50+ sem haldið var í Stykkishólmi dagana 23.-25. júní svo og Unglingalandsmóti sem haldið var á Sauðárkróki um verslunnarmannahelgina 3-6. ágúst.

Í veitingahlé sá Sundfélag Akraness um stórkostlegar veitingar.

Stjórn ÍA gaf öll kosta á sér aftur og var kjörin til áfamhaldandi setu næsta starfsárið.



Bandalagsmerki

Átta einstaklingar voru sæmdir bandalagsmerki ÍA fyrir langt og farsælt starf í þágu ÍA og aðildfélög þess.

Þau sem hlutu viðurkenningu á 79. ársþingi ÍA voru í starfrófsröð þessi :

Daníel Þór Heimisson Badmintonfélagi Akraness

Egill Guðvarður Guðlaugsson Badmintonfélag Akraness

Elín Klara Svavarsdóttir Íþróttabandalag Akraness

Jóhann Þór Sigurðsson Golfklúbburinn Leynir

Karitas Eva Jónsdóttir Badmintonfélag Akraness

Reynir Sigurbjörnsson Golfklúbburinn Leynir

Steinn Mar Helgason Íþróttabandalag Akraness

Þórður Emil Ólafsson Golfklúbburinn Leynir

Bandalagsmerki ÍA er hannað
og handsmíðað af Dýrfinnu
Torfadóttur



Árið 2023 starfið

Árið 2023 var viðburðaríkt þó hefðbundið stjórnarstarfi hafi verið almennt í föstum skorðum. Stjórn hélt reglulega fundi einu sinni í mánuði ásamt því að halda starfsdag stjórnar tvisvar yfir árið.

Sú nýjung hefur reynst stjórn vel, fyrsti starfsdagur er í upphafi árs og línunar lagðar fyrir árið, fram að þingi og síðan er annar dagur tekinn almennt fyrir sumarfrí og línur lagðar fyrir restina af árinu.

Haldnir voru þrjár formannafundir á árinu sem allir voru mjög vel sóttir.

Í maí var haldið áfram að vinna með stefnumótunar spurningar í vinnustofu formi, er það gert til þess að stjórn átti sig á því hvað félögin vilja leggja áherslu á.

Þetta fyrirkomulag á formannafundum að hafa vinnustofur er að reynast vel og hafa mörg félög líst mikill ánægju með þessa fundi og útkomu þeirra.

Stjórn passar að það séu góðar veitingar á öllum fundum til þess að fólk farið vel nært af þeim.

Formenn og forsvarsmenn heimiluðu stjórn ÍA að halda áfram með undirbúning á verkefninu “Íþróttagrunnur” en vinnuheiti þess verkefnis breyttist á árinu í “Farsæl frístund” og er unnið í nánun samstarfi við Skóla og frístundasvið.



Árið 2023 starfið framhald

Það sem félögin hafa meðal annars viljað leggja áherslu á er fræðsla fyrir þjálfara og sjálfboðaliða.

Íþróttabandalagið var með einn þjálfaradag þar sem allir þjálfarar voru boðaðir á skyndihjálpar námskeið og fræðslu varðandi börn og ungmenni. Nýtt verkefni á vegum Akraneskaupstaðar var einnig kynnt og er það Farsæld í frístund - stuðningur alla leið.

Verkefnið hefur það megin markmið að tryggja öllum börnum sem það þurfa stuðning í tómsundastarf. Með því er verið að auka aðgengi allra barna að íþróttum. Það var frábær mæting hjá þjálfurum eða um 50 þjálfarar sem mættu.

Einn fræðslufundur var haldinn og streymt í gegnum ÍATV á vegum ÍA. Það var foreldrafraeðsla um næringu barna í íþróttum á vegum 300g.

Tókst það vel til og áætlað að hafa meira af þessu í framtíðinni.



Árið 2023 starfið meira framhald

Það bættist í flóru íþróttanna á árinu 2023 þegar rafíþróttir hófu göngu sína.

Æfingar byrjuðu í febrúar 2023 í íþróttahúsinu á Vesturgötu á efri hæð í rými sem gegnur undir nafninu Þekjan. Vel tókst til og fylltust nokkrir hópar strax. Starfsemin færði sig svo niður í kjallara íþróttahúsins fyrir haustönn 2023.

Breyting á starfsmannahaldi var lítið, en seinni hluta árs var Eyrún Reynisdóttir fengin til aðstoðar inn á skrifstofu ÍA í hlutastarf meðfram sínu starfi hjá Fimleikafélaginu.



Húsnæðismál

Húsnæðismálin eru alltaf í brennidepli á Akranesi.

Í maí 2023 var ný reiðhöll vígð og var það fyrsta embættisverk nýs bæjarstjóra Haraldar að klippa á borða í vígslunni.



Allir hjá ÍA héldu að verið væri að sigla inni í aðeins betra ástand en verið hefur, þar sem hluti af kjallara Vesturgötu var opnaður haustið 2023. Rafíþróttir komu sér vel fyrir í kjallara og var verið að skipuleggja rými fyrir æfingatæki 60+.

Skjótt skipast veður í lofti eins og sagt er og úttekt á loftgæðum í íþróttahúsinu á Vesturgötu sýndi að óheilmæmt loft væri þar.

Ákvörðun var tekin um að loka íþróttahúsinu þann 20.september. Það kom sér ekki vel eins og flestir geta ímyndað sér, stutt var í byrjunarleik Körfubolta sem hefur spilað sína heimaleiki þar.

Með mikilli samvinnu aðila tókst að koma flestu fyrir í íþróttahúsinu á Jaðarsbökku. Körfuboltinn hefur spila alla sína leiki á Jaðarsbökkum með ágætis árangri. ÍA-Raf fór í FVA. Keilufélagið þurfti að fara lengra fyrir sínar æfingar og keppnir eða alla leið til Reykjavíkur þar sem næsti keilusalur er. Áhersla var lögð á að finna tíma og pláss fyrir barna og unglिंगastarf og þurfti því Blakfélagið að víkja alveg með sína starfsemi og gat ekki stundað neitt á haustönn. Áætlað er að Vesturgata opni aftur haustið eða í skólabyrjun 2024.

Bygging nýs íþróttahús á Jaðarsbökkum gengur vel.

Þetta nýja glæsilega hús verður tekið í notkun árið 2025 og verður það mikil lyftistöng fyrir íþróttalíf á Akranesi. Bæði hvað varðar aðstöðu iðkenda og einnig þjálfara og starfsfólks íþróttafélaga.

Það hefur vel verið fjárfest í mannvirkjum á vegum Akraneskaupstaðar síðustu árin, því má ekki gleyma. Frístundamiðstöð, Fimleikahús, Reiðhöll og nú Jaðarsbakki með nýtt hús eins og áður sagði.

Íþróttabandalagið átti fulltrúa ásamt KFÍA inni í starfshópi á vegum Akraneskaupstaðar um enn frekari uppbygginu á Jaðarsbökkum.

Íþróttabandalagið situr fundi með skipulags og umhverfissvið einu sinni í mánuði vegna þessa verkefnis sem rétt er að byrja og ekki vitað hver endanlega niðurstaða verður.




Iðkenda fjöldi 2023

Ákveðið var í samstarfi við Akraneskaupstað að fara í greiningarvinnu á iðkenda tölum.

Almennt eru öll félög sem eru með barna og unglingastarf að nota Abler skráningarkerfi.

Íþróttabandalagið stendur straum af kostnaði og því auðvelt fyrir félögin að nýta sér þetta kerfi.

Á sama tíma er mjög auðvelt fyrir íþróttabandalagið að sækja upplýsingar um fjölda iðkenda hjá hverju félagi fyrir sig og vinna með, en allt innan ramma persónuverndar.



Taflan sem unnið er eftir og sýnir iðkenda fjölda með lögheimili í póstnúmeri 300

Aldur	Iðkend.	Íbúar	%	kk	kvk	kk íbúar	kk %	kvk íbúar	kvk %
6	79	94	84%	35	44	40	87,50%	54	81,48%
7	83	107	78%	33	50	45	73,33%	64	78,13%
8	92	108	85%	45	47	52	86,54%	56	83,93%
9	73	108	68%	30	43	49	61,22%	59	72,88%
10	63	100	63%	34	29	56	60,71%	44	65,91%
11	90	131	69%	43	47	59	72,88%	72	65,28%
12	87	130	67%	49	38	66	74,24%	64	59,38%
13	76	130	58%	45	31	69	65,22%	61	50,82%
14	69	129	53%	38	31	70	54,29%	59	52,54%
15	60	111	54%	32	28	48	66,67%	63	44,44%
16	42	123	34%	27	15	75	36,00%	48	31,25%
17	44	112	39%	28	16	60	46,67%	52	30,77%
18	34	107	32%	24	10	61	39,34%	40	25,00%

Innan íþróttabandalagsins eru 19 aðildarfélög með tæplega 4000 iðkendur / félagsmenn á öllum aldri.

Innan Umf. Skipaskaga er ÍA-Raf og því eru félögin ekki fleiri þó svo að bæst hafi í flóru íþróttá á Akranesi og iðkendum fjölgað. Stærð félag er misjöfn eins og þau eru mörg.

Ef bara er skoðað póstnúmer 300 og iðkendur á aldrinum 6 til 18 ára er Fimleikafélagið með flesta iðkendur eða 291.

Ef heildariðkendur eru teknir á sama aldursbili 6 til 18 ára eru þeir flestir hjá Knattspyrnufélagi ÍA eða 573

Flestir iðkendur / félagsmenn eru hjá Golfklúbbnum Leyni með 817 samkvæmt Abler kerfinu. Allar þessar tölur eru teknar úr því kerfi.

Iðkendafjöldi hjá félögum ÍA hefur aukist um 2% í heildina á milli árunna 2022 og 2023.

Hástökkvarinn er Hnefaleikafélag Akraness sem jók iðkendafjölda sinn á milli ára um 600% eða frá fjórum í 28 og býr samt við mjög erfiðar æfingaaðstæður



Styrkir

Aðildarfélög Íþróttabandalagsins fengu styrki á árinu 2023 Íþróttabandalagið sjálft fær rekstarstyk frá Akraneskaupstað sem er vísitölutryggður og nam rétt rúmum 16 milljónum.

Bandalagið sækir einnig um styrki í ýmis verkefni til UMFÍ í fræðslu og verkefnasjóð.

Um nokkra styrki er að ræða sem greiddir eru út í gegnum ÍA.

Akraneskaupstaður greiðir styrkir er varðar íþróttastarfið hjá félögum og námu þeir styrkir samtals um 50 milljónir króna.

Úthlutað er 50% í barna og unglingastarf og er það greitt samkv. fjölda iðkenda.

50% skiptist 90% af þessum 50% fer í grunnstyrk sem greitt er út samkvæmt stærð í skilgreindum grunnkostnaði. 10% af 50% er styrkur m.a. í landsliðsverkefni þar sem sérsambönd styrkja ekki.

Hvalfjarðarsveit styrkti tæpar 4,8 milljónir og fór það til þeirra félaga sem hafa iðkendur með lögheimili í Hvalfjarðarsveit.

Íþróttabandalagið styrkir beint til félag það fjármagn sem ÍA hefur um að ráða umfram rekstur.

Árið 2023 nam sú styrkupp hæð rúmar 20 milljónir. Íþróttabandalagið hefur það að markmiði sínu að safna ekki peningum heldur setja eins mikið og hægt er í vinnu hjá félögum þar sem þeim er best varið í eflingu á félögum.

Samtals námu því beinir styrkir til aðildarfélga ÍA tæpum 75 milljónum.



Akraneskaupstaður



HVALFJARÐAR
SVEIT



Íþróttahreyfing

Íþróttabandalag Akraness er aðili að ÍSí / íþrótt og Ólympísambandi Íslands samkvæmt Íþróttalögum og er einnig með viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSí.

ÍA reynir að mæta á alla þá viðburði og fundi sem ÍSí boðar til. Árið 2023 í maí var 76. íþróttaping ÍSí haldið á Haukasvæði í Hafnarfirði.

Þar mættu fulltrúar ÍA Hrönn formaður og Guðmunda framkv.stjóri. Þetta þing var sögulegt því þar var samþykkt breyting sem verður líklega ein af stærstu breytingum í íþróttasögunni og fer í sögubækurnar.

Samþykkt var samhljóða af öllum þingfulltrúum að setja á stofn átta svæðaskrifstofur sem hafa það að markmiði m.a. að efla starf innan hvers svæðis fyrir sig. Samhljóða þessum breytingum var einnig verið að gera breytingu á Lottó úthlutun sem mun skerða flest öll héruð vegna 15% sem verður varið í fjármögnun á svæðaskrifstofa.

Formannafundur ÍSí var haldinn í nóvember og þá heimsóttum við nýtt hús Framar í Úlfarsárdal í Reykjavík. Fulltrúar ÍA voru þar mættir Hrönn formaður og Guðmunda framkv.stjóri.

Aðalmálefni bæði þings og funda hjá ÍSí eru svæðaskrifstofur og uppbygging á þeim ásamt endurskoðun á afreksmálum ÍSí.

Mæting var nokkuð góð á formannafund eða um 100 formenn, hérðað og sérsbambanda ásamt stjórn og starfsfólki ÍSí.

Hreyfivikan #beactive var haldin í september með mjög metaðnaðar fullri dagskrá á Akranesi í samstarfi við Heilsueflandi samfélag.

Ásamt því að ÍA hvetur ávallt alla sína aðila og nærsamfélagið að taka þátt í þeim viðburðum sem ÍSí býður uppá.

Syndum í samsarfi við sundsambandið, Göngum í skólann, hjólað í vinnuna svo eitthvað sé nefnt.

#BEACTIVEICELAND
ÍÞRÓTTAVÍKA EVRÓPU 23. TIL 30. SEPTEMBER



ÍSÍ

Höfuðstöðvar ÍSÍ

Á árinu 2023 störfuðu 16 á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík og einn á Akureyri. Að auki starfa á skrifstofunni í Reykjavík tveir verkefnastjórar Heilsuefningar +60, sameiginlega verkefnis ÍSÍ og Landssambands eldri borgara (LEB). Annar þeirra er verkefnastjóri á vegum ÍSÍ og hinn á vegum LEB.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Ráðist var í miklar breytingar á 3. hæð í húsi 3 vegna flutninga þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina í Laugardal og voru ráðstefnu- og fundarsalir á hæðinni uppfærðir á sama tíma. Aðstaðan er nútímaleg og öll hin glæsilegasta.

Íþróttaping ÍSÍ

Íþróttaping ÍSÍ fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 5. og 6. maí 2023. Kosið var um helming stjórnar og fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ var staðfestur. Sjö nýir Heiðursfélagar ÍSÍ voru kjörnir á þinginu, fimm einstaklingar voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ og tvö Gullmerki veitt. Á þinginu voru teknar fyrir breytingar á lögum ÍSÍ og einnig voru þar til umfjöllunar fjölmörg mál er varða hagsmuni hreyfingarinnar. Unnið er að þeim málum á milli þinga.



Ólympísk verkefni 2023

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Friuli Venezia Giulia á Ítalíu í janúar 2023. Hátt í 20 íslenskir keppendur tóku þátt í hátíðinni, ásamt föruneyti.

Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Maribor í Slóveníu 23. – 29. júlí 2023. Íslensku keppendurnir voru 35 talsins, í sex íþróttagreinum.

Smáþjóðaleikarnir 2023

Smáþjóðaleikarnir fóru fram á Möltu 29. maí – 3. júní 2023. ÍSÍ sendi 75 keppendur til leikanna, ásamt þjálfurum og fylgdarliði. Þátttaka í Smáþjóðaleikum er alltaf stórt verkefni fyrir ÍSÍ, bæði í undirbúningi og framkvæmd.

Evrópuleikarnir 2023

Evrópuleikarnir fóru fram í Póllandi að þessu sinni og tóku átta íslenskir keppendur þátt í leikunum, í fimm íþróttagreinum.

Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði alls rúmlega 535 milljónum króna til afreksstarfs sérsambanda ÍSÍ vegna ársins 2023. Heildarkostnaður afreksíþróttastarfs hjá þeim sérsamböndum sem sóttu um til Afrekssjóðs ÍSÍ vegna ársins 2023 námu um 3.057 m.kr. og var stuðningur sjóðsins því að meðaltali rúmlega 17,5% af þeim kostnaði.



Blásið til sóknar í afreksíþróttastarfi

Mennta- og barnamálaráðuneytið og Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands gerðu með sér samstarfssamning, í janúar 2023, um stefnumörkun og uppbyggingu afreksíþróttastarfs á Íslandi. Vésteinn Hafsteinsson var ráðinn Afreksstjóri ÍSÍ og samhliða því starfi var hann fenginn til að leiða nýjan starfshóp Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra, um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks. Markmiðið er að umgjörð afreksíþróttastarfs verði eins og best verður á kosið þannig að afreksíþróttafólk okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á alþjóðavísu. Starfshópi ráðuneytisins er ætlað að yfirfara og leggja til breytingar á umgjörð, löggjöf og öðru sem þurfa þykir til að stuðningur við afreksíþróttafólk hér á landi verði í fremstu röð. Honum er falið að skoða sérstaklega kostnaðarpátttöku keppenda og fjölskyldna þeirra í landsliðsstarfi og lýðréttindi afreksíþróttafólks innan almannatryggingakerfisins. Starf Afreksstjóra ÍSÍ felur í sér umsjón með Afreksstefnu ÍSÍ og ráðgjöf varðandi afreksstefnur sérsambanda ÍSÍ. Afreksstjóri ÍSÍ vinnur að framgangi Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ, undirbúningi íslenskra keppenda fyrir ólympíska viðburði og að markmiðasetningu í íslensku afreksíþróttastarfi til næstu ára. Vésteinn hefur komið inn af krafti og fundað stíft með öllum hagaðilum, um allt land þá mánuði sem hann hefur verið í starfi.

Ráðstefnan Vinnum gullið

Mennta- og barnamálaráðuneyti, í samstarfi við ÍSÍ, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga stóðu að ráðstefnunni Vinnum gullið!, í Silfurbergi í Hörpu í nóvember 2023. Um er að ræða stærstu ráðstefnu um íþróttaleg málefni sem haldin hefur verið á Íslandi. Rúmlega 400 manns mættu og tóku virkan þátt auk þess sem fjöldi manns fylgdist með í gegnum streymi.



Fræðslumál

ÍSí stendur árlega fyrir mörgum fræðsluviðburðum um margvísleg málefni er varða íþróttahreyfinguna og íþróttastarfið í landinu. Einnig stendur ÍSí fyrir þjálfaramenntun sem er áfangaskipt fræðslukerfi.

Námið fer eingöngu fram í fjarnámi og gefur réttindi til íþróttþjálfunar. Kerfið er samræmt fyrir allar íþróttagreinar. ÍSí útskrifar að jafnaði 100- 150 þjálfara árlega.

Allir með – farsælt samfélag fyrir alla – Brúum bilið

ÍSí, UMFÍ og Íþróttasamband fatlaðra standa að ofangreindu verkefni sem er þriggja ára verkefni með eftirfarandi markmið:

- Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.
- Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við sínar óskir .
- Að allir skuli eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap.

Verkefnið er styrkt af þremur ráðuneytum og stendur yfir árin 2023- 2025.

Ferðasjóður íþróttafélaga

ÍSí úthlutaði í marsmánuði 2023 styrkjum úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferðakostnaðar íþróttá- og ungmennafélaga vegna þátttöku í fyrirfram skilgreindum styrkhæfum mótum ársins 2022. Til úthlutunar voru 123,9 m. króna.

Almenningsíþróttaverkefni

Líkt og fyrri ár þá stóð ÍSí fyrir heilsu- og hvatningarátakinu Lífshlaupinu, Hjólað i vinnuna, Ólympíuhlaupinu, Ólympíudeginum, Göngum í skólann, Íþróttaviku Evrópu og áttakinu Syndum.



UMFÍ

Íþróttabandalag Akraness hefur verið aðili að UMFÍ frá 2019 þegar samþykkt var á 51. sambandsþingi UMFÍ á Laugarbakka, heimiluð innganga íþróttabandalaga sem aðilar að UMFÍ.

Framkv.stjóri ÍA Guðmunda Ólafsdóttir á sæti í varastjórn UMFÍ og hefur setið þar síðan 2021.

Árið 2023 var 53. sambandsþing UMFÍ haldið í október að Geysi í Haukadal. ÍA reynir eftir fremsta megni að hafa fullmannað á þeim viðburðum sem UMFÍ boðar til.

Á sambandsþing mætti góður hópur frá ÍA, þar sem Akranes á einnig tvo fulltrúa í ungmennaráði UMFÍ þau Höllu og Eið.

Þingið var sögulegt hvað varðar mætingu og samstöðu um breytingu á lottó reglugerð.

Guðmunda Ólafsdóttir
framkv.stjóri ÍA
Gyða Björk Bergþórsdóttir Ritari
stjórnar ÍA
Eyrún Reynisdóttir
starfsmaður ÍA
Anna Bjarnadóttir stjórn
UMF.Skipaskagi
Halla Margrét Jónsdóttir
Eiður Andri Guðlaugsson
Bæði úr ungmennaráði UMFÍ



Nágrannar okkar í HSH héldu UMFÍ landsmót 50+ í Stykkishólmi og áttu Skagamen fulltrúa þar sem unnu Boccia keppni, eitthvað var um þátttakendur frá Skagnum á unglíngalandsmóti sem haldið var á Sauðárkróki fyrstu helgina í ágúst. ÍA ætti að fjölmenna á næsta unglíngalandsmót þar sem það verður haldið hjá nágrönnum okkar í UMSB og því stutt að fara.

Fréttapunktur UMFÍ 2023

Mikið var um að vera í starfi UMFÍ árið 2023. Tímamót urðu á sambandsþingi UMFÍ í október þegar einróma var samþykkt stofnun svæðaskrifstofa íþróttahéraða víða um land og breyting á lottóúthlutun. Ráðherra skrifaði undir samning um stofnun svæðaskrifstofanna ásamt fulltrúum íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar undir lok árs.

Grindavík

Jarðhræringar í Grindavík um miðjan nóvember 2023 urðu til þess að Grindvíkingar urðu að yfirgefa heimili sín í flýti og hafa ekki getað snúið aftur til síns heima. Iðkendur hjá Ungmennafélagi Grindavíkur misstu heimavöll sinn og æfingahúsnæði.

Íþróttahreyfingin sneri bökum saman og lögðust allir á eitt til að hjálpa bæjarbúum, útvega iðkendum á öllum aldri íþróttaföt, æfingahúsnæði og allt það sem til þarf til að sinna æfingum og keppnum. Stjórn Ungmennafélags Grindavíkur hefur fengið afnot af þjónustumiðstöð UMFÍ til fundarhalda.

Skólabúðir á Reykjum

Haustið 2022 tók UMFÍ við rekstri Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði. Árlega heimsækja búðirnar um 3.200–3.600 nemendur í 7. bekk og umsjónarfólk af öllu landinu. Þar dvelja þau frá mánudegi til fimmtudags. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogahæfni og sjálfsmynd og þroska styrkleika sína.

Sveitarstjórn sveitarfélagsins Húnaþings vestra og UMFÍ hafa saman unnið að umfangsmiklum endurbótum á öllu húsnæði Skólabúðanna á Reykjum. Starfsemi búðanna er veigamikil og eru tæplega 10 stöðugildi tengd starfseminni á Reykjum. Húsnæði Skólabúðanna á Reykjum henta afar vel fyrir vinnustofur, fundi og ráðstefnur. Þar er gisting fyrir 120 manns og rými til funda í þremur stórum húsum, íþróttahús, sundlaug og gott útivistarsvæði. UMFÍ hefur staðið fyrir ráðstefnum og fundum í húsnæði Skólabúðanna og leigt aðstöðuna út til annarra félagasamtaka.

The logo for UMFÍ, consisting of the letters 'UMFÍ' in a bold, blue, sans-serif font. The 'I' has a small blue triangle above it.

Ungmennabúðir UMFÍ

Í byrjun árs 2023 greindust rakaskemmdir og mygla í húsnæði Ungmennabúða UMFÍ á Laugarvatni. Starfsemin var stöðvuð í kjölfarið. Síðar sama vor var ákveðið að hætta starfseminni. Þar með var punktur settur aftan við sögu ungmennabúða UMFÍ sem hóf starfsemi árið 2005.

Mótahald og viðburðir

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið dagana 23. - 25. júní 2023 í Stykkishólmi.

Mótshaldarar voru Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (HSH) og sveitarfélagið Stykkishólmur. Þátttakendur voru 306, sem var yfir meðallagi undangenginna ára. Ómar Bragi Stefánsson var starfsmaður mótsins af hálfu UMFÍ en Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri HSH, vann ásamt Magnúsi Bæringssyni, íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Stykkishólms, ötullega að undirbúningi þess og framkvæmd.

Næsta Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Vogum á Vatnsleysuströnd dagana 7. - 9. júní í samstarfi við ungmennafélagið Þrótt Vogum og sveitarfélagið Voga.

Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2023.

Mótshaldarar ásamt UMFÍ voru Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS) og sveitarfélagið Skagafjörður. Boðið var upp á meira en 20 íþróttagreinir fyrir 11 – 18 ára. Strandblak, pílukast og kökuskreytingar voru meðal vinsælustu greina.

Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS) hlaut Fyrirmyndarbikar mótsins annað árið í röð.

Næsta Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2024 í samstarfi við Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) og sveitarfélagið Borgarbyggð.

The logo for UMFÍ, consisting of the letters 'UMFÍ' in a bold, blue, sans-serif font. The 'I' has a small blue accent mark above it.

Drulluhlaup Krónunnar

Drulluhlaupið er samstarfsverkefni UMFÍ og Krónunnar. Það var haldið í annað sinn í Mosfellsbæ 12. ágúst 2023. Þátttakendur voru 800 talsins á öllum aldri og er það tvöfalt fleiri en fyrir ári.

Forsetahlaup UMFÍ

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, tók virkan þátt í Forsetahlaupi UMFÍ sem fram fór á Patreksfirði í september. Þátttakendur voru um 70 talsins. Þetta var annað skiptið sem hlaupið fór fram en það fyrsta fór fram á Álftanesi.

Drulluhlaup UMFÍ og Forsetahlaup UMFÍ verða auglýst síðar.

Fræðsla og forvarnir

Niðurstöður Ánægjuvogarinnar sýna mikilvægi þess að halda börnum í skipulögðu íþróttastarfi, hampa fyrirmyndum og gæta þess að íþróttir séu fyrir alla. Niðurstöðurnar sýna að þeim börnum og ungmennum sem stunda íþróttir í skipulögðu starfi líður almennt betur en börnum sem ekki eru í skipulögðu íþrótt- og tómskundastarfi. Þau eru líka ólíklegri til að nota vímuefni, nikótín og orkudrykki. Í niðurstöðunum kom líka fram að börn af erlendum uppruna og nemendur sem skilgreina sig kynsegin stunda mun síður íþróttir í skipulögðu starfi en önnur börn.

Ungt fólk og lýðræði

80 þátttakendur frá öllu landinu tóku þátt á ráðstefnu ungmennaráðs UMFÍ; Ungt fólk og lýðræði. Ráðstefnan fór fram í húsnæði Skólalúðanna á Reykjum í Hrútafirði í september. Umhverfis- og loftslagsmál voru í brennidepli ásamt endurnýtingu, umhverfissporum fyrirtækja og neytenda. Ungmennaráð UMFÍ stóð að öllum undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar.

Stefnt er að því að næsta ungmennaráðstefna UMFÍ verði helgina 20. - 22. september árið 2024. Hún verður auglýst síðar.

The logo for UMFÍ (Ungmennafélagið Ísland) is displayed in a bold, blue, sans-serif font. The letters are slightly shadowed, giving it a three-dimensional appearance. The logo is positioned in the lower center of the page.

Rekstur

Þjónustumiðstöð UMFÍ flytur í Íþróttamiðstöðina

Í febrúar 2023 opnaði þjónustumiðstöð UMFÍ á þriðju hæð Íþróttamiðstöðvarinnar við Engjaveg. Þar höfðu verið fundarsalir ÍSÍ um árabíl. Á meðan flutningum stóð var umfangsmiklu gagna- og heimildasafni UMFÍ komið fyrir í varanlega vörslu á Þjóðskjalasafni.

Þetta reyndust um 200 kassar af gögnum í mannhæðarháum stöflum, sem fóru á fimm vörubrettum á safn til frekari flokkunar og geymslu.

Mörg önnur söguleg gögn voru flutt í húsnæði Skólalabúðanna á Reykjum. Flutningur þjónustumiðstöðvar UMFÍ í Íþróttamiðstöðina hefur reynst happa skref. Samskipti við forsvarsfólk Íþróttahreyfingarinnar hefur aukist mikið og hefur þjónustumiðstöðin nýst fólki í Íþróttahreyfingunni til fundarhalda.

Lottó

UMFÍ greiddi sambandsaðilum rúmar 297 milljónir króna árið 2023. Þetta er tæpum 19 milljónum krónum meira en árið á undan.

Fræðslu- og verkefnasjóður

Sambandsaðilar UMFÍ og fleiri geta sótt um í nokkrum sjóðum. Stærstur þeirra er Fræðslu- og verkefnasjóður sem styður við fræðsluverkefni hreyfingarinnar. Árið 2023 hlutu 144 verkefni innan Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar 20,6 milljónir króna í styrki úr sjóðnum.

Lýðháskólastyrkir

UMFÍ styrkir líka ungmenni sem hyggja á nám í lýðháskóla í Danmörku. Fyrir skólaárið 2022-2023 voru 38 umsóknir styrktar um tæpar 3,2 milljónir króna. Þetta er einni milljón króna hærri upphæð en árið áður.

Umhverfissjóður UMFÍ

UMFÍ veitir jafnframt styrki úr Umhverfissjóði. Árið 2023 voru styrkir veittir til fimm verkefna upp á rúmar 1,8 milljónir króna.

The logo for UMFÍ, consisting of the letters 'UMFÍ' in a bold, blue, sans-serif font. The letters are slightly italicized and have a white outline.

Svæðaskrifstofur

Með stuðningi stjórnvalda ætla ÍSÍ og UMFÍ að setja á laggirnar átta starfsstöðvar um allt land sem munu þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins. Einnig verður stofnaður svokallaður hvatasjóður sem hefur það markmið að jafna tækifæri allra barna til þátttöku í íþróttum. Sérstök áhersla verður lögð á fötluð börn og börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Öflugt íþróttastarf er lykilþáttur í að stuðla að farsæld barna og eru áherslur starfsstöðvanna að mörgu leyti þær sömu og í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Vonast er til að með tilkomu starfsstöðvanna verði hægt að þjónusta íþróttahéruðin með samræmdum hætti og geri þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni með skilvirkari hætti.

Stofnaður var starfshópur með það að markmiði að móta starfsemi nýju svæðisskrifstofanna og var óskað var eftir tilnefningum frá öllum íþróttahéruðum varðandi fulltrúa fyrir þeirra hönd. Var Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri UMSB, tilnefnd fyrir hönd íþróttahéraðanna á Vesturlandi.

Hér má sjá mynd sem var tekin þegar tengiliðir allra íþróttahéraðanna, ásamt starfsfólki ÍSÍ og UMFÍ, komu saman til vinnufundar í Laugardalnum þann 19. janúar sl.



Undir svæðisskrifstofu Vesturlands verða, UMSB, ÍA, HSH og UDN. Síðastliðið ár hafa þessi fjögur íþróttahéruð markvisst eflt samstarfið og eru allar sammála um að það hafi breytt starfsumhverfinu til mikilla mun og aukið gæði starfsins hjá öllum samböndunum.

Hér má sjá þær Gunnhildi Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóra HSH, Jóhönnu Sigrúnu Árnadóttur, formann UDN, Guðmundu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra ÍA og Bjarneyju, framkvæmdastjóra UMSB, þegar þær hittust á vinnufundi í höfuðstöðvum UMFÍ í nóvember 2023



Þessi fjögur héruð hafa nýtt sér fundaraðstöðu sem UMFÍ býður sambandsaðilum uppá að nota.

Eins er verið að hittast víðsvegar á Vesturlandi.

Íþróttamaður Akraness

Val á íþróttamanni Akranes fór fram 6. janúar eins og venja er og að þessu sinni var nýr fulltrúi kynntur sem sigurvegari í kjörinu. Einar Margeir Ágústsson sundkappi var kjörinn Íþróttamaður Akraness 2023

Einar Margeir í viðtali hjá ÍATV sem streymdi viðburði



Einar Margeir hélt áfram að bæta sig á árinu, Einar er Íslandsmeistari í 100m fjórsundi, unglिंगameistari í 50m, 100m, 200m bringusundi og 100m fjórsundi. Einar setti einnig unglिंगamet í sömu greinum. Einar á 9 Akranesmet í fullorðins flokki og 13 í unglिंगaflokki. Einar Margeir á þriðja hraðasta tímunn frá upphafi í 200m bringusundi og 50m bringusundi. Einar er í A-landsliði Íslands, tók þátt í alþjóðlegum mótum fyrir hönd Íslands og á Evrópumeistaramótinu í 25m laug var Einar í sætum númer 21. í 200m bringusundi, 22. í 50m bringusundi og 24. í 100m bringusundi. Einar var í 14 sæti í 50m bringusundi á Evrópumeistaramóti unglinga.

Þau sem tilnefnd voru 2023:

Aníta Hauksdóttir Vélhjólafélagi
Aníta Sól Ágústsdóttir Knattspyrnufélagi ÍA Beníta
Líf Palladóttir Klifurfélagi
Björn Jónatan Björnsson Hnefaleikafélagi Drífa
Harðardóttir Badmintonfélagi
Einar Margeir Ágústsson Sundfélagi Elsa
Maren Steinarsdóttir Golfklúbbi
Guðfinnur Þór Leósson Knattspyrnufélaginu Kári
Guðrún Julianne Unnarsdóttir Fimleikafélagi Ísak
Birkir Sævarsson Keilufélagi
Kristín Þórhallsdóttir Kraftlyftingafélagi Kristrún
Bára Guðjónsdóttir Karatefélagi Viktor Jónsson
Knattspyrnufélagi ÍA Þórður Freyr Jónsson
Körfuknattleiksfélagi





Hrönn formaður ÍA ávarpaði gesti



**Fulltrúi Skóla og frístundaráðs
flutti ávarp
Liv Áse**



**Helga Dan Bikarinn er
veittur ár hvert.**



Viðurkenningar sem veittar voru



**ÍATVI streymdi og sá Örn um
kynningu og viðtöl**

Áritun stjórnar og skoðunaraðilar


Áritun

Ársreikning þennan fyrir Íþróttabandalag Akraness höfum við yfirfarið og sannreynt stöður þar með talið banka. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1.1.2023 til 31.12.2023 og efnahagsreikningi hinn 31.12.2024 og er hann í samræmi við bækur og upplýsingar frá félaginu

Akranes 08.04.2024



Félagskjörinn skoðunarmaður



Félagskjörinn skoðunarmaður




Formaður Íþróttabandalags Akraness




Frákvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness




Gjaldkeri



Ritari stjórnar



Varaformaður



Meðstjórnandi

Rekstarreikningur ÍA

Rekstrarreikningur 1.1.2023 - 31.12.2023

	Skýringar	Raun 2023	Raun 2022	Raun 2021
Rekstrartekjur				
Lottó		15.457.772	14.585.137	11.677.925
Styrkur frá Akraneskaupstað		73.372.787	65.868.545	49.595.570
Styrkur frá Hvalfjarðarsveit		4.798.620	3.717.500	
Styrkur frá UMFÍ /Fræðslu og verkefnasjóður		0	795.000	5.887
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ		1.552.875	133.003	1.367.561
Hlutdeild í sölu getrauna		0	849.607	800.000
Trimm/aðstöðugjöld		0	0	982.772
Þreksalur		0	0	8.940.104
Ýmsar tekjur	1	7.407.041	1.835.121	5.188.957
Rekstartekjur samtals		102.589.095	87.783.913	78.558.776
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld, verktakagreiðslur		17.061.290	15.299.000	11.859.160
Styrkir til aðildafélaga		76.905.066	62.596.641	48.973.920
Tryggingar		130.722	123.820	112.735
Fasteignagjöld		0	0	787.041
Vatn og fráveita		277.687	280.817	
Íþróttaáhöld		6.285	841.209	1.451.136
Önnur áhöld		0	17.950	352.631
Skrifstofuáhöld		71.895	402.929	0
Prentun, pappír og ritföng		93.752	64.174	97.136
Kaffi og veitingar		0	1.980	30.035
Auglýsingar		31.000	27.280	327.280
Sími, internet, sjónvarps og tölvuþjónusta	2	2.331.588	1.999.883	2.862.579
Skráningakerfi aðildafélaga		2.176.494	2.769.147	1.877.859
Funda og þingkostnaður	3	1.041.796	1.102.546	454.762
Stuðningsmannavörur		9.290	7.000	151.035
Verkefni v. ÍA	4	2.814.865	0	0
Birgðabreiting		477.550	197.900	664.200
Annar kostnaður	5	4.669.554	2.275.394	1.555.105
Afskriftir	6	340.036	2.099.341	1.809.977
Rekstrargjöld samtals:		108.438.870	90.107.011	73.366.591
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		-5.849.775	-2.323.098	5.192.185
Fjármagnsliðir				
Vaxtatekjur		1.823.521	834.946	125.915
Vaxta- og þjónustugjöld		-8.075	-24.107	-43.462
Fjármagnstekjuskattur		-401.402	-183.685	0
		1.414.044	627.154	82.453
Hagnaður/tap ársins		-4.435.731	-1.695.944	5.109.732

Efnahagsreikningur ÍA

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	2023	2022	2021
Veltufjármunir			
Bankareikningar	19.539.491	26.086.014	25.624.339
Útistandandi kröfur	7 4.196.675	1.145.184	4.157.873
Veltufjármunir samtals	23.736.166	27.231.198	29.782.212
Fastafjármunir			
ÍA íþróttavörur til endursölu	0	477.550	675.450
Skrifstofubúnaður, fjölmíðlatæki ofl.	0	100.282	133.709
Búnaður í veitningasal	1.203.107	1.203.107	1.604.143
Skilti á íþróttamannvirkjum	719.262	959.016	
Íþróttatæki í þreksólum	3.837.810	3.837.810	3.692.080
Eignarhluti í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum	54.860.000	47.460.000	40.060.000
Fastafjármunir samtals	60.620.179	54.037.765	46.165.382
Eignir samtals	84.356.345	81.268.963	75.947.594
Eigið fé			
Höfuðstóll frá fyrra ári	80.195.662	74.491.606	66.491.874
Hækkun á fasteignamati	7.400.000	7.400.000	2.890.000
Afkoma ársins	-4.435.731	-1.695.944	5.109.732
Eigið fé samtals	83.159.931	80.195.662	74.491.606
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir, ógreiddur kostnaður	513.629	452.059	447.515
Ógreidd laun og launatengd gjöld	682.785	621.242	843.567
Fyrirframinnheimtar tekjur	0	0	0
Skuldir samtals	1.196.414	1.073.301	1.291.082
Eigið fé og skuldir samtals	84.356.345	81.268.963	75.782.688

Skýringar ÍA

1. Ýmsar tekjur

Ríkissjóður Íþróttagrunnur	250.000
Ríkissjóðru styrkur v. covid	4.038.418
Styrkir frá fyrirtækjum og einstakl. v/IATV..	1.021.292
Leiga á borðum og stólum.....	909.930
ÍA vörur	224.990
Aðildafélög vegna leiga Kirkjuhvoll.....	916.226
Aðrar tekjur.....	41.679
	<u>7.402.535</u>

2. Sími, internet, sjónvarps og tölvubjónusta

Sími og internet.....	55.683
ÍA vefurinn	329.895
Tölvukostn. M.a.Officeleyfi fyrir aðildarfélö	794.918
ÍA TV.....	859.024
Fréttir og upptökur v. íA	0
Útbreiðsla sjónvarpsefnis Sýn og STEF.....	292.068
	<u>2.331.588</u>

3. Funda og þingkostnaður

Vegna ársþing ÍA	681.202
UMFÍ þing	173.931
Formannafundir á vegum ÍA	186.663
	<u>1.041.796</u>

4. Verkefni á vegum ÍA

KPMG ráðgjöf vegna íþróttagrunnur	487.196
Heryfivika	465.000
Þjálfaradagur	247.916
Íþróttamaður Akraness	704.753
Fyrirlestrar.....	310.000
Jákvæð leiðtogaþjálfun UMFÍ styrkur	600.000
	<u>2.814.865</u>

5. Annar kostnaður

Viðhald íþróttatækja	81.882
Innheimtugjöld/seðilsgjöld...	34.026
Kostnaður v/Kirkjuhvoll	1.501.524
Jólagjafir á jólafundi og aðrar gjafir.....	1.298.500
Félög vegna ýmisskonar vinna.....	500.000
Héraðskostnaður ÍA	869.566
Styrkir í önnur verkefni	289.000
Vegna forvarnir og fræðsla.....	40.756
Ýmis kostnaður.....	54.300
	<u>4.669.554</u>

6. Afskriftir

Staða áhald, tækja og búnaðar 01.01.....	6.100.215
Eignfært á árinu.....	0
Afskriftir ársins	-340.036
	<u>5.760.179</u>

Afskriftahlutföll eru 25%

7. Útistandandi kröfur

Skuld aðildafélaga v. Kirkjuhvoll	916.232
Lottó vegna des	1.518.740
Akraneskaupstaður reikningr v. des	761.703
Klifurfélagið brúarlán	1.000.000
	<u>4.196.675</u>

Minningasjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2023

	2023	2022
TEKJUR:		
Sala minningarspjalda	0	0
Vextir og verðbætur	84.699	47.641
Tekjur	84.699	47.641
GJÖLD:		
Þjónustugjöld	0	0
Styrkir	450.000	450.000
Gjöld	450.000	450.000
Gjöld umfram tekjur	-365.301	-402.359
Tap	-365.301	-402.359
Efnahagsreikningur 31. desember 2023		
EIGNIR:		
Íslandsbanki 552-14-645	1.590.342	1.955.643
Eignir	1.590.342	1.955.643
SKULDIR:		
	0	0
Skuldir	0	0
EIGIÐ FÉ:		
Eigið fé frá fyrra ári	1.955.643	2.358.002
(Halli)/hagnaður ársins	-365.301	-402.359
Eigið fé	1.590.342	1.955.643
Skuldir og eigið fé	1.590.342	1.955.643

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi 15. apríl 2024

Bergþór Guðmundsson
Majlín Þardarsen

Helstu tölur úr rekstri aðildarfélag og ÍA

Félag	Tekjur	Gjöld	Hagn. / Tap	Eignir	Skuldir	Tekjur	Gjöld
Badmintonfélag Akraness	10.798.156	10.813.949	- 15.793	2.919.539	189.887	1,64%	1,67%
Blakfélagið Bresi	366.686	464.000	- 97.314	901.428	-	0,06%	0,07%
Fimleikafélag Akraness	77.020.378	64.427.157	12.593.221	37.967.157	2.616.888	11,67%	9,96%
Golfklúbburinn Leynir	152.210.666	150.396.609	1.814.057	195.478.668	56.434.168	23,06%	23,25%
Hestamannafélagið Dreyri	12.772.815	11.296.133	1.476.682	68.803.453	-	1,93%	1,75%
Hnefaleikafélag Akraness	1.556.509	605.760	950.749	1.193.524	-	0,24%	0,09%
Íþróttafélagið Þjótur	1.648.753	1.590.095	58.658	990.039	40.871	0,25%	0,25%
Karatefélag Akraness	3.665.547	3.091.148	574.399	2.350.317	-	0,56%	0,48%
Keilufélag Akraness	12.699.380	13.041.176	- 341.796	2.182.792	-	1,92%	2,02%
Knattspyrnufélag ÍA	285.467.172	298.621.659	-13.154.487	140.066.051	14.586.757	43,24%	46,16%
Knattspyrnufélagið Kári	6.406.791	5.746.892	659.899	1.578.911	-	0,97%	0,89%
Klifurfélag ÍA	7.066.135	6.256.137	809.998	624.443	-	1,07%	0,97%
Kraftlyftingafélag Akraness	844.428	334.722	509.706	740.783	-	0,13%	0,05%
Körfuknattleiksfélag Akraness	28.066.975	26.128.820	1.938.155	3.605.677	1.515.147	4,25%	4,04%
Siglingaklúbburinn Sigurfari	447.241	4.036	443.205	2.147.585	-	0,07%	0,00%
Skotfélag Akraness	6.310.850	4.108.401	2.202.449	8.772.962	-	0,96%	0,64%
Sundfélag Akraness	36.710.984	33.649.827	3.061.157	14.841.610	2.199.167	5,56%	5,20%
UMF Skipaskagi	1.431.496	128.861	1.302.635	1.958.690	-	0,22%	0,02%
ÍA Raf	8.921.053	8.867.566	53.487	204.649	-	1,35%	1,37%
Vélhjólaiþróttafélag Akraness	5.732.049	7.347.992	- 1.615.943	1.957.418	-	0,87%	1,14%
Samtals	660.144.064	646.920.940	13.223.124	489.285.696	77.582.885	100,00%	100,00%
Íþróttabandalag Akraness	102.589.095	108.438.870	- 5.849.775	84.356.345	1.196.414		
Samtals	762.733.159	755.359.810	7.373.349	573.642.041	78.779.299		

Samantekt rekstarreikninga aðildarfélaga og ÍA 2023

TEKJUR	Aðildarfélög		ÍA	Samtals
Fjárafilanir, framlög og styrkir	223.881.073	30,03%	95.182.054	319.063.127
Tekjur af mótum	96.317.686	12,92%	0	96.317.686
Auglýsingatekjur	2.830.600	0,38%	0	2.830.600
Húsa- og vallarleigutekjur	76.770.114	10,30%	0	76.770.114
Félagsgjöld og sala leikmanna	98.844.701	13,26%	0	98.844.701
Æfingagjöld	202.375.739	27,15%	0	202.375.739
Aðrar tekjur	44.386.367	5,95%	7.407.041	51.793.408
TEKJUR ALLS	745.406.280	100%	102.589.095	847.995.375
GJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	374.744.096	76,08%	17.061.290	391.805.386
Styrkir til einstaklinga og deilda	405.000	0,08%	76.905.066	77.310.066
Félagaskipti og sala leikmanna	1.991.003	0,40%	0	1.991.003
Búningar, áhöld og tæki	16.889.770	3,43%	6285	16.896.055
Ferðakostnaður v/móta innanlands	7.038.140	1,43%	0	7.038.140
Ferðakostnaður v/móta erlendis	0	0,00%	0	0
Þátttaka í mótum	14.420.372	2,93%	0	7.053.100
Kostnaður v/mótahalds	15.216.661	3,09%	0	15.216.661
Rekstur mannvirkja	41.724.084	8,47%	408.409	42.132.493
Rekstur skrifstofu	554.250	0,11%	165.647	719.897
Auglýsingar, kynning og fræðsla	1.235.060	0,25%	0	556.500
Kostn. v/samkeppnisreksturs	6.029.435	1,22%	0	6.029.435
Önnur gjöld	12.287.873	2,49%	4.669.554	16.957.427
Gjöld alls fyrir fjármagnsliði	492.535.744	100%	99.216.251	591.751.995
Hagnaður/(tap) fyrir fjármagnsliði	252.870.536		-5.690.130	36.152.561
Fjármagnsliðir og fyrningar	4.094.584		1.995.628	12.553.482
GJÖLD ALLS	496.630.328		95.521.749	592.152.077
HAGNAÐUR+/(TAP)	248.775.952		-5.550.678	243.225.274



Pinggerð 79.ársþings ÍA

25. apríl 2023 kl. 18:00 Tónberg

Pingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Hrönn Ríkharðsdóttir formaður Íþróttabandalags Akraness setur 79. ársþing ÍA og býður gesti velkomna og flytur ávarp formanns. Björn Viktor Viktorsson er tilnefndur og kosinn þingforseti og Gyða Björk Bergþórsdóttir sem þingritari.

Kosning kjörbréfanefndar og kjörbréf lögð fram

Tilnefnd eru Trausti Gylfason (formaður), Emilía Halldórsdóttir og Heiðar Mar Björnsson og samþykkir ársþing þau til kjörbréfanefndar. 63 aðilar eiga rétt á að sitja þingið og eru 46 mættir. Öll aðildarfélög eiga fulltrúa á þinginu nema aðilar frá Körfuknattleiksfélaginu

Ársskýrsla ÍA lögð fram

Hrönn Ríkharðsdóttir, formaður ÍA, kemur í pontu og fer yfir ársskýrslu stjórnar. Fer yfir hverjir skipa stjórn ÍA. Stjórn ÍA - 2022

Hrönn Ríkharðsdóttir, formaður Emilía Halldórsdóttir, varaformaður Heiðar Mar Björnsson, meðstjórnandi

Gyða Björk Bergþórsdóttir, meðstjórnandi og ritari Erla ÖspLárusdóttir, gjaldkeri

Trausti Gylfason, varamaður Marella Steinsdóttir, varamaður

Starfsmenn ÍA

Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Eyrún Reynisdóttir

Jóhann Pétur Hilmarsson Petrea Emilía Pétursdóttir

Stjórnarstarf ÍA hefur verið virkt og er dagskrá svohljóðandi:

- Fundir annan þriðjudag í mánuði og alltaf vel mætt.
- Vinnufundir á laugardagsmorgnum 2x á ári.
- Tveir formannafundir, á þeim fyrri voru farsældarlög kynnt og á seinni var farið yfir hugmyndir að íþróttagrunn

Farið yfir síðastliðið ár:

Hrönn Ríkharðsdóttir tók við formennsku af Marellu Steinsdóttur á 78.þingi ÍA.

Styrkveitingar hafa verið með svipuðum hætti frá 2021 þegar breyting var gerð. Fengum 5 milljónir 2020, 45 milljónir 2021. Hvalfjarðarsveit greiðir nú styrk til ÍA fyrir iðkendur með lögheimli í Hvalfjarðarsveit.

ÍA er bæði aðilar að ÍSÍ og UMFÍ

ÍA-Raf stofnað, sem deild innan Skipaskaga

Kjör íþróttamanns ársins haldið með venjubundnum hætti 6.jan.

Fyrst og síðast er hlutverk stjórnar ÍA að þjónusta aðildarfélögin og gera það eins vel og mögulegt er.

Aðildarfélögin eru 19 talsins innan ÍA

Brynja Kolbrún Pétursdóttir, formaður Badmintonfélags ÍA

Valgerður Ása Kristjánsdóttir, formaður Blakfélagsins Bresa

Eyrún Reynisdóttir, formaður Fimleikafélags Akraness

Pétur Ottesen, formaður Golfklúbbsins Leynis

Ása Hólmarsdóttir, formaður Hestamannafélagsins Dreyra

Bjarni Þór Benediktsson, formaður Hnefaleikafélags Akraness

Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts

Nanna María Elvarsdóttir, formaður Karatefélags Akraness

Einar Jóel Ingólfsson, formaður Keilufélags Akraness Sigurður

Reynisson, formaður Keilufélags ÍA

Eggert H. Herbertsson, formaður Knattspyrnufélags ÍA

Sveinbjörn Hlöðversson, formaður Knattspyrnufélags Kára

Einar Örn Guðnason, formaður Kraftlyftingafélags Akraness

Fannar Helgason, formaður Körfuknattleiksfélags Akraness

Guðmundur Benediktsson, formaður Sigurfara – siglingafélags Akraness

Sigfús Agnar Jónsson, formaður Ungmennafélags Skipaskaga

Stefán Gísli Örlygsson, formaður Skotfélags Akraness

Valdimar Ingi Brynjarsson, formaður Sundfélags Akraness

Jóhann Pétur Hilmarsson, formaður Vélhjólaiþróttafélags Akraness

Niðurstaða kjörbréfanefndar Niðurstaða kjörbréfanefndar var kynnt.

Trausti Gylfason kom í pontu og gerði grein fyrir niðurstöðu. Af 63 fulltrúum eru 46 mættir og allt löglegt.

Ársreikningar ÍA lagðir fram

Björn Viktor kynnir Guðmundu sem tekur þennan lið í fjarveru gjaldkera, Erlu Aspar.

Reksturinn hefur aðeins stækkað síðastliðið ár.

Ákvörðun tekin um að hætta sölu á ÍA vörum og er sú sala nú í höndum aðildarfélaganna.

Hvalfjarðarsveit greiðir til ÍA, öll félög sem eru með skráða iðkendur fá styrk. Það skiptir því miklu máli að skráning iðkenda sé rétt í Sportabler.

Útgjöld – hækkun á greiðslum til Sportabler

Annar kostnaður er aðeins hærri en hefur verið, t.d. var tekin ákvörðun um að setja meiri fjármuni í kjör Íþróttamanns Akraness, ástæðan var til þess að upplifun þeirra sem fengu viðurkenningu væri eftirminnilegri. ÍATV með beina útsendingu úr kjörinu.

Taprekstur skýrist af auknum fjármunum í styrki til aðildarfélaganna ásamt þátttöku ÍA í ýmiss verkefni með Akraneskaupstað, eins og t.d. verkefninu Þjálfum þjálfara.

Útistandandi kröfur eru eingöngu vegna lottópeninga, gefið upp í desember en greitt í janúar. Getraunir 0 kr fyrir 2023 er vegna þess að íþróttabandalagið fær hlutdeild í getraunastarfi sem unnið er á Akranesi. Eftir skýringar kom í ljós að KFÍA væri að skila inn 99% af tekjum vegna getrauna og því hafi verið ákveðið í stjórn að þá færi 99% þessa peninga til KFÍA. Önnur aðildarfélög hvött til að taka KFÍA til fyrirmyndar og reyna þannig að skapa sér auknar tekjur hjá sér.

Áætlun:

Vísitölutryggður og íbúatryggður samningur við Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit sýnir sig að það skiptir máli. Með þessum breytum er hefur orðið hækkun, endar í 70 milljónum.

Lækkun má skýra vegna greiðslu á heimasíðunni.

Mörg verkefni í kortunum.

Minningarsjóður Guðmundar – Penninn hefur ekki fengið heimild til að selja minningarkort lengur og ekki hefur verið lögð áhersla á að efla minningasjóðinn síðustu ár, því hefur gegnið á eigið fé sjóðsins. Efstu þrjú sætin í kjöri um íþróttamann Akraness fá styrk úr þessum sjóð á hverju ári.

Umræður um ársskýrslu og ársreikninga – atkvæðagreiðsla um reikninga og áætlun.

Spurt um útbreiðslustyrk ÍSÍ en hann þótti lár, hverjar eru skýringarnar þar á bakvið? Því var svarað með því að þyrfti að skoða betur, en líklegt sé að um bókunar mistök sé að ræða.

Þingforseti leggur reikninga og áætlun fyrir þing og er það samþykkt.

Ávarp gesta

Garðar Svansson fulltrúi ÍSÍ ávarpaði þingið. Hann hefur setið í framkvæmdastjórn ÍSÍ síðustu 12 ár.

Garðar fór yfir ýmiss mál á borðum ÍSÍ, byrjaði á því að skila kveðju frá starfsfólki ÍSÍ og nefndi það að starfsfólk ÍSÍ er tilbúið að aðstoða eftir þörfum. Ræddi um fjárhagsmál og stuðning frá ríkinu, má vera að hann verði ekki jafn rausnarlegur og var

t.d. á tímum Covid. Garðar kom inn á mikilvægi stuðnings við afreksstarf, sem er of lítið í dag, en afreksfólk þarf flest allt að taka kostnað vegna móta og ferða erlendis á sig, sem veldur því að það er orðið íþyngjandi fyrir iðkandann, foreldra iðkanda og félög að taka þátt í landsliðsverkefnum. Vésteinn Hafsteinsson mun þó koma inn í þennan málaflökk í maí og eru bundnar vonir við að styrkir verði hækkaðir, frábært að þeir hafi hækkað en þeir þurfa að hækka meira. Nefnir í þessu samhengi að ferðasjóður hefur verið óbreyttur í 12-15 ár.

Garðar fór einnig inn á lýðheilsumálin í sínu ávarpi en þau eru mjög mikilvæg, og þar skiptir miklu máli gott samstarf við sveitafélögin. Nefnir í þessu samhengi glæsilega uppbyggingu sem hefur átt sér stað á Akranesi síðustu ár og er enn í vinnslu.

Stuðningur Akraness við íþróttahreyfinguna góður, ásamt því að gott samstarf er á Vesturlandi.

Garðar ræddi einnig tillögu ÍSÍ og UMFÍ umbreytingu á íþróttahéruðum til að stuðla að betra samstarfi á ákveðnum landssvæðum. Þessar tillögur munu verða lagðar fyrir þing ÍSÍ og UMFÍ. Aukið samstarf hefur verið hjá UMFÍ og ÍSÍ og eru nú í sama húsnæði.

Samskiptaráðgjafi er sjálfstætt starfandi og hvetur Garðar til þess að hugsa til samskiptaráðgjafa ef upp koma vandamál. Garðar kom einnig inn á mikilvægi sjálfbóðaliða sem eru mikilvægir hlekkir í starfi íþróttabandalaga.

Að lokum kom hann einnig inn á að þing ÍSÍ yrði haldið þann 5-6. maí. Garðar afhenti því næst Gullmerki ÍSÍ:

Á stjórnar fundi ÍSÍ 17 apríl var ákveðið að Marella Steinsdóttir, sem setið hefur í stjórn ÍA frá 2016, og formaður frá 2018- 2022 fái afhent gullmerki ÍSÍ.

Björn Viktor þakkar Garðari fyrir. Og býður Guðmundur Ólafsdóttur þá fulltrúa frá UMFÍ og því næst velkomna á svið. Guðmunda ávarpar þingið og segist setja á sig hatt UMFÍ í augnablik, sendir kveðjur stjórnar, formanns UMFÍ og starfsfólks. Þakkar fyrir tækifæri að fá að sitja í stjórn UMFÍ meðfram starfi sínu sem framkvæmdastjóri ÍA, sem er mjög mikilvæg tenging. Guðmunda fer yfir það sem helst var í gangi hjá UMFÍ á síðasta starfsári og nefnir ma.a. í því samhengi hittinga einu sinni í mánuði með UMSSB og byrjun á samstarfi á Vesturlandi. Þá er landsmót fyrir 50+ haldið verður hjá nágrönnum ÍA eða hjá HSH í Stykkishólmi og unglíngalandsmót sem haldið verður á Sauðárkróki.

Veitinga hlé í 15 mín. – Sundfélag Akraness sér um veitingar í hléi.

Heiðursviðurkenningar - Bandalagsmerki

Björn Viktor kynnir Hrönn Ríkharðsdóttur, formann ÍA í pontu til að fara yfir heiðursviðurkenningar, Emilía Halldórsdóttir varaformaður ÍA og Heiðar Mar Björnsson, meðstjórnandi í stjórn ÍA afhenda viðurkenningarnar.

Daníel Þór Heimisson:

Daníel byrjaði ungur að æfa hjá Badmintonfélagi Akraness og hefur unnið mikið og gott starf fyrir félagið síðan. Hann er gæddur mörgum góðum kostum sem gera hann að dýrmætum og mikilvægum hlekk félagsstarfi og sjálfböðastörfum. Daníel hefur verið í stjórn félagsins í mörg ár eða frá árinu 2017 til 2023. Daníel er alltaf boðinn og búin að aðstoða við alla viðburði félagsins. Sérstaklega við öll mót sem félagið stendur fyrir. Daníel hefur síðastliðin ár verið að rífa upp fullorðinsbadminton og virkja trimmhóp. Einnig hefur Daníel verið duglegur að keppa síðasta ár.

Egill Guðvarður Guðlaugsson:

Egill hefur verið sigursæll spilari fyrir félagið. Byrjaði ungur að æfa og á marga Íslandsmeistararitla að baki, bæði í unglingsflokkum og fullorðinsflokkum. Hann var í landsliðshópum frá U13 og upp í A hóp fullorðinna. Egill hefur verið í stjórn félagsins í mörg ár eða frá árinu 2016 til 2023. Egill er alltaf boðinn og búin að aðstoða við alla viðburði félagsins. Sérstaklega við öll mót sem félagið stendur fyrir. Hann var aðstoðarþjálfari hjá félaginu á unglingsárum.

Jóhann Þór Sigurðsson

Jóhann Þór Sigurðsson hefur verið meðlimur í Golfklúbbnum Leyni frá því 1988. Hann er öflugur kylfingur sem hefur ófáa fjöruna sopið í keppnisgolfi, tekið þátt í fjölda sveitakeppna sem og mótum á vegum GL – þar standa Meistaramótin upp úr. Jóhann Þór hefur einokað sigur í ákveðnum keppnisflokkum Meistaramóta um margra ára skeið. Hann hefur verið meðlimur í vallarnefnd og hefur látið mikið til sín taka í verkefnum á Garðavelli. Jóhann Þór er með betri tækjamönnum sem finnast og hefur Golfklúbburinn Leynir notið hæfileika hans sem vélamanns í fjölmörgum verkefnum, ekki síst þar sem þörf er á liprum gröfumanni. Hefur því verið fleygt að hann sé svo lipur gröfumaður að líklega gæti hann framkvæmt tannviðgerðir með gröfunni. Í þeim fjölmörgu sjálfböðaliðsstörfum sem - eru eitt af hryggjarstykkjum í starfi Golfklúbbsins Leynis, hefur Jóhann Þór verið einn af lykilmönnum starfsins – Jóhann Þór Sigurðsson er ein af styrkustu stöðum þessarar sjálfböðavinnu og er einstaklega vel að því kominn að bera bandalagsmerki Íþróttabandalags Akraness.

Karitas Eva Jónsdóttir:

Karitas byrjaði ung að æfa badminton og var framarlega á landsvísu öll unglingsárin. Hún á nokkra Íslandsmeistararitla í öllum greinum í unglingsflokkum og í A og B flokkum fullorðinna. Hún var í landsliðshópum U13-U19. Karitas hefur verið gjaldkeri

og bókari félagsins í mörg ár og hefur hún séð um uppsetningu móta fyrir félagið í mörg ár. Alltaf er hún boðin og búin til að aðstoða og hjálpa til varðandi mótahald, bakstur, fjáraflanir eða hvað sem er fyrir félagið.

Reynir Sigurbjörnsson

Reynir Sigurbjörnsson hefur verið meðlimur í Golfklúbbsnum Leyni til frá árinu 1986 og verið virkur í almennum golfleik og keppnisgolfi. Hefur spilað í sveitakeppnum, ófáum Meistaramótum sem og öðru mótum, bæði innanfélags og utan. Reyni hefur verið einstaklega umhugað um ástand og umhirðu Garðavallar, starfaði sem vallarstjóri árin 1994 og 1995 og hefur í áranna rás lagt fram mörg hundruð klukkustundir í sjálfboðavinnu fyrir GL. Reynir átti t.a.m. sæti í vallarnefnd klúbbsins á árunum 2020 – 2022, en lungað af hans sjálfboðaliðastarfi hefur hann innt af hendi sem almennur félagsmaður í klúbbsnum. Reynir hefur alltaf verið boðinn og búinn til að rétta fram hjálparhönd, er af bændum kominn og hefur því gott auga og góðan skilning á öllu því sem snýr að gróðri og umhirðu hans.

Reynir Sigurbjörnsson hefur verið ómetanlegur félagsmaður og mun bera bandalagsmerki Íþróttabandalags Akraness með sóma fyrir sitt framlag til handa Golfklúbbsins Leynis.

Þórður Emil Ólafsson

Þórður Emil Ólafsson hefur komið að mörgum þáttum í starfi Golfklúbbsins Leynis og hefur til margra ára verið öflugur félagsmaður og sjálfboðaliði. Frá unga aldri hefur Þórður Emil vanið komu sína á Garðavöll og þekkir því mjög vel allt umhverfi hans og aðstæður. Þórður Emil sat í stjórn Leynis til margra ára og þar af var hann formaður í 8 ár. Þórður Emil var og er enn góður kylfingur og hefur unnið til ýmissa verðlauna í gegnum árin og keppt um ára bil fyrir hönd Golfklúbbsins Leynis í sveitakeppni golfklúbba með góðum árangri. Þórður Emil tók þátt í landsliðsverkefnum á vegum Golfsambands Íslands á yngri árum. Árið 1997 varð Þórður Emil Íslandsmeistari í golf og um leið gerður að heiðursfélagi Golfklúbbsins Leynis. Þá hefur Þórður Emil komið á fót og staðið m.a. fyrir Opna Hjóna og Para golfmóti sem haldið er ár hvert á Garðavelli í byrjun sumars. Það er sannur heiður að Golfklúbbsurinn Leynir tilnefni Þórð Emil Ólafsson til bandalagsmerki Íþróttabandalags Akraness, hann er svo sannarlega vel að því kominn.

Steinn Mar Helgason og Elín Klara

Tilnefnd af stjórn ÍA. Kom okkur hjá ÍA á að óvart að þetta hafi ekki verið löngu. Steini er maður sem ekki ætti að þurfa að kynna fyrir ÍA fólki, þjálfari með meiru. Þar sem Steini var var Ella líka studdi vel við allt það starf sem Steini tók sér fyrir hendur. Þau eiga fimm börn – Dódó, A landsliðskona í knattspyrnu, hinar þrjár systurnar spiluðu með meistaraflokki KFÍA lengi vel, Helgi Dan golfari.

Þau heiðurs hjón hafa stutt fjárhagslega í gegnum fyrirtæki sitt og félagslega lengi við bakið á íþróttum á Akranesi í víðu samhengi. Fjölskyldan tók ákvörðun um að gefa Helga Dan bikarinn sem afhentur er Íþróttamanni Akraness nú ár hvert og tók sá bikar við af Friðþjófsbikarnum.

Samfélagsskjöldur:

Verslunin Einar Ólafsson hlaut samfélagssjöldinn þetta árið. Versluninn hefur veitt íþróttastarfi á Akranesi mikinn stuðning. Þingforseti kemur aftur í pontu og heldur áfram með dagskrá

Ákvörðun um skattgreiðslur

Ákvörðun um skattgreiðslur. Stjórn ÍA hefur ákvað leggja 0 krónur í skattgreiðslur og var Kosning í stjórn ÍA

Formaður og varaformaður gefa aftur kost á sér til setu næsta ár og var það samþykkt með lófaklappi. Enginn mótframboð bárust. Gyða Björk Bergþórsdóttir, Heiðar Mar Björnsson og Erla Ösp Lárusdóttir gefa áframhaldandi kost á sér í stjórn ÍA og var það samþykkt.

Marella Steinsdóttir gefur ekki áframhaldandi kost á sér sem varamaður í stjórn ÍA.

Trausti Gylfason og Tómas Sjöberg Kjartansson bjóða sig fram sem varamenn í stjórn ÍA og var það samþykkt með lófaklappi.

Skoðanamenn: Bergþór Guðmundsson og Magnús Brandsson, samþykkt með lófaklappi.

Ákvörðun um fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ og sambandsþing

Ákvörðun fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ og sambandsþing UMFÍ var vísað til stjórnar.

Önnur mál

Sigfús formaður Skipaskaga tekur til máls, hefur verið að taka þátt í uppbyggingu á frjálsum íþróttum á Akranesi sem hefur gengið vel. Sigfús talaði um möguleika á samstarfi við önnur aðildarfélög innna ÍA og bjóða upp á hreyfingu fyrir t.d. þau börn sem hætta í íþróttum eða vilja ekki stunda aðrar íþróttagreinar. Mikilvægt að hlúa að bæði fullorðnum og börnum í þessu samhengi, því ef foreldrum líður vel þá eru meiri líkur á að börnunum okkar líði vel. Mikilvægt að efla ungmennafélagsandann. Sigfús finnur fyrir jákvæðni fyrir frjálsum íþróttum frá bæjarbúum og telur að framundan sé margt skemmtilegt. Guðmunda Ólafsdóttir kemur sem fulltrúi UMFÍ í pontu og nefnir að opið sé fyrir styrkumsóknir í fræðslu og verkefnasjóð. Umsóknarfrestur fram í maí. Hægt að sækja um styrk fyrir góðum verkefnum þar.

Jónína frá Keilufélaginu tekur til máls og nefnir að veturinn hafi gengið vel hjá Keilufélaginu, sérstaklega afreksstarf í Fjölbrautarskólanum. Fór aðeins yfir aðstöðumál minni aðildarféлага og mikilvægt sé að bjóða upp fjölbreytt úrval íþróttá á Akranesi.

Þingslit

Björn Viktor þakkar fyrir sig og traustið sem honum hefur verið veitt.

Hrönn Ríkharðsdóttir fær orðið til að slíta þinginu. Þakkar fólki fyrir komuna. Tekur heilshugar undir orð Jónínu og að aðalmálið sé að við vinnum saman. Allar íþróttagreinar skipta máli. Saman getum við allt. Minnir að lokum á formannafund í maí.

Þingi slitið 19:59





Ársskýrslur
Aðildarféлага ÍA



Ársskýrsla 2024

1. Janúar 2023 – 31. desember 2023

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í íþróttahúsinu við Vesturgötu 14. mars 2023. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Lagabreytingar voru gerðar á aðalfundinum þar sem breyting varð á fjölda í stjórn félagsins tveir aðilar auk formanns og tveir til vara.

Breyting var gerð á stjórn félagsins í samræmi við nýjar lagabreytingar þar sem Egill G. Guðlaugsson og Daníel Þór Heimisson fóru úr stjórn félagsins eftir langan tíma og þökkum þeim mikið fyrir þeirra störf.

Stjórn félagsins:

Stjórn félagsins veturinn 2023:

Formaður:	Brynja Kolbrún Pétursdóttir
Gjaldkeri:	Arnór Tumi Finnsson
Ritari:	Irena Rut Jónsdóttir
Varamenn:	Hilda Björg Þorgeirsdóttir og Ellert Haraldsson

Iðkendur og starfsemin:

Iðkendur hafa verið duglegir í vetur en á vorönninni var mjög góð ásókn í badmintonið í öllu flokkum þar sem æfingar voru í íþróttahúsinu við Vesturgötu en eftir að því íþróttahúsi var lokað vegna viðgerða og æfingar fluttar í íþróttahúsið við Jaðarsbakka þá minnkaði tíminn sem var fyrir æfingar ásamt því að mjög fáir iðkendur gátu æft íþróttina á þeim tímum sem úthlutað var. Hins vegna hefur starfið gengið vel miðað við aðstæður.

Fjöldi iðkenda á síðasta ári voru um 92 sem skiptast í þrjú flokka, auk þess sem við höfum verið með fullorðins hóp þrisvar sinnum í viku. Fullorðins hópurinn hefur vaxið og er mikil aðsókn í þá tíma. Einn árgangur æfir frítt hjá félaginu og var það árgangurinn 2014 og eru það um 8 krakkar sem eru að æfa. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

Þjálfarar:

Helena Rúnarsdóttir var framkvæmdastjóri félagsins á árinu og aðalþjálfari Advait Vanarse frá Indlandi. Í lok árs 2023 tók stjórn félagsins ákvörðun um að Helena Rúnarsdóttir myndi einnig taka við sem aðalþjálfari félagsins og fara í stöðu íþróttastjóra. Advait mun vera Helenu til aðstoðar á árinu 2024.

Viðburðir starfsársins:

Á árinu 2023 hélt félagið þrjú mót. Grislingamót ÍA, Landsbankamót unglunga U11-U19, a og b flokka í mars og Meistaramót ÍA í TBR húsum..

Grislingamóti ÍA var haldið 8. janúar og var þátttakan góð. Mótið hafði ekki verið haldið í 2 ár vegna Covid. En mótið er fyrir U9 og U11 krakka og allir fá þátttökuverðlaun. Þetta er eina mótið sem er með þannig fyrirkomulag að það sé liðakeppni þvert á félög og spila fyrir landslið.

Landsbankamót ÍA var helgina 11. - 12. mars og var góð þátttaka í mótinu 153 þátttakendur frá 10 félögum. Það var gaman að sjá hversu margir komu á Akranes og fylltu stúkuna, það er því mikilvægt að halda mót fyrir íþróttina og starf félagsins. Þátttökuverðlaun eru veit fyrir alla spilar U11 og var ákveðið að styrkja einstök börn með því að kaupa lyklakippur frá þeim. Góð hefði að myndast með því.



Meistarmót ÍA var haldið í TBR á haustönninni 21. -22. október. 84 keppendur komu á mótið sem var hin besta skemmtun. Mótið tókst mjög vel og þökkum við TBR fyrir lánið á húsinu hjá þeim. Það var keppt um Atlabikarinn í einliðaleik í úrvaldsdeild til minningar um Atla Helgason og Harðarbikarinn í tvíliðaleik í úrvaldsdeild til minningar um Hörð Ragnarsson.

Flottur hópur fóru í keppnisferð til Færeyja 10. til 14. maí. Í för voru með iðkendur frá Borgarnesi, Mosfellsbæ, Hafnarfirði og Sauðárkrók. Ferðin var mjög vel heppnuð og kynntist hópurinn vel færeysku krökkunum.



Það er mikilvægt fyrir iðkendur að eiga kost á því að fara erlendis að keppa eða æfa. Þar myndast dýrmæt reynsla fyrir iðkendur. Safnað var fyrir ferðinni yfir veturinn.



Helgina 15. – 16. apríl fór fram Íslandsmót unglina í TBR húsum í Reykjavík. ÍA vann 2 Íslandsmeistaratitla og einn sigurvegara í U13B. Máni Berg Ellertsson varð Íslandsmeistari í einliðaleik U17 og varð í öðru sæti í tvíliðaleik U17 með Stefán Loga Friðrikssyni BH. María Rún Ellertsdóttir varð Íslandsmeistari í tvenndarleik U19 ásamt Gabríel Helgasyni BH. Jörundur Óli Arnarsson varð Íslandsmeistari í einliðaleik U13B. Davíð Logi Atlason varð í 2. sæti í einliðaleik U13A og Guðrún Margrét Halldórsdóttir varð í 2. sæti í einliðaleik U13A. Hilmar Veigar Ágústsson varð í 2. sæti í einliðaleik U17B.



Minningarskjöldur Súsönnu Steinþórsdóttur var veittur og fengu Árni Þór Hallgrímsson og Drífa Harðardóttir hann að þessu sinni.



Brynja, Árni Þór og Irena Rut



Drífa Harðardóttir og Brynja K. Pétursdóttir

Drífa Harðardóttir var valinn badmintonmaður ársins 2023 eftir góða frammistöðu á árinu. Drífa er okkar fremsta badmintonkona á Íslandi, hún hefur alla tíð spilað fyrir ÍA á Íslandi en hún býr og æfir í Danmörku. Drífa leggur áherslu á tvíliða- og tvenndarleik og spilar þær greinar með liði sínu í deildakeppni í Danmörku. Hún hvetur krakkana áfram og leiðbeinir þeim. Hún er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka, innan vallar sem utan. Hún hefur orðið Íslandsmeistari 13 sinnum, 5 sinnum í tvíliðaleik og 8 sinnum í tvenndarleik. Drífa er eina konan sem hefur orðið Íslandsmeistar í Meistaraflokki fyrir ÍA, hún er einnig sá badmintonspilari frá Íslandi sem hefur oftast orðið Heimsmeistari eldri spilara, 5 sinnum. Drífa kemur reglulega til Íslands og kemur alltaf á æfingar hjá ÍA.

Landsliðsmál:

Drífa Harðardóttir varð heimsmeistari í tvíliða- og tvenndarleik.



Helena er í hópi íslenskra þjálfara sem tekur þátt í nýju verkefni með Kenneth landsliðsþjálfara. Þar eru þau að læra ýmislegt gagnlegt í badmintonþjálfun af honum Kenneth Larsen ásamt því að þau eru að leysa verkefni í þjálfun landsliðshópanna, virkilega skemmtilegt og spennandi verkefni.

Rekstur félagsins:

Rekstur félagsins á árinu 2023 gekk vel en hagnaður varð 52.391 kr. Tekjur voru hærri en árið áður þar sem tekjur vegna styrkja hækkaði um tæplega 2 milljónir króna en tekjur vegna æfingagjalda lækkaði á milli ára enda hefur fækkað í iðkendahópnum. Laun og starfsmannakostnaður hefur hækkað talsvert en þar kemur til lækkunar tekjur vegna þjálfara þar sem félagið og Badmintondeild í Borgarnesi deila þjálfara Advait Vanarse frá Indlandi. Einnig hefur bæst við stöðugildi framkvæmdastjóra félagsins. Kostnaður vegna mótarhalds hækkar á milli ára enda var hægt að halda öll mót á árinu 2023, en Meistaramót ÍA var haldið í TBR húsum vegna viðgerða á íþróttahúsinu við Vesturgötu.

Framtíðarsýn:

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma því aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgang að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig viljum við að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Ársskýrsla Bresa 2023

Árið hjá blakfelaginu Bresa var nokkuð hefðbundið. Enginn aðalfundur var haldinn en stjórn félagsins hélst sú sama og er hún þannig skipuð:

Formaður: Valgerður Ása Kristjansdóttir.

Gjaldkeri: Helena Rut Steinsdóttir.

Ritari: Karitas Ósk Ólafsdóttir.

Varamenn: Eygló Karlsdóttir og Steindóra Steinsdóttir.

Endurskoendur: Álfheiður Águstsdóttir og Ingunn Sveinsdóttir.

Æfingar og þjálfarar

Michal Lakomy hélt áfram sem þjálfari Bresa æfinga- og keppnistímabilið 2022-2023. Enginn þjálfari var ráðinn inn fyrir haustið 2023 vegna dræmrar mætingar á æfingar tímabilið á undan.

Æfingatímarfélagsins voru a þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 19:30-21:00 og á sunnudögum frá klukkan 16:00-18:00.

Snemma um haustið komu upp loftgæða vandamal í Íþróttahúsinu við Vesturgötu svo allar æfingar voru færðar yfir á Jaðarsbakka. Þar sem Bresi er hvorki með afrekshópa né barna- og unglíngastarf þá varð svo úr að við misstum okkar æfingartíma í óákveðinn tíma.

Keppni og Íslandsmót

Bresi var með eitt lið skrað í Íslandsmót á keppnistímabilinu 2022-2023 og spilaði liðið í 3. deild. Liðinu gekk ágætlega framan af á Íslandsmótinu og var rétt neðan við miðja deild þegar kom að síðustu keppnishelginni, en þar var liðunum skipt upp í A og B riðill. Þar gekk Bresa ekki nógu vel í B riðli og fór svo að allir leikir töpuðust og fell Bresi niður í 4. deild.

Tekin var akvörðun um að skrá ekkert lið í Íslandsmótið keppnistímabilið 2023-2024 þar sem oft reyndist erfitt að manna liðið á fyrra keppnistímabil

Öldungamótið

Bresi sendi eitt lið í 5. deild a Öldungamótið sem haldið var á Akureyri í lok apríl. Ferðin var frábrætt hópefli þar sem var spilað skemmtilegt blak og fyrst og fremst haft gaman. Hópurinn gisti á Hótel Kjarnalundi, fór saman út að borða og í Skógarböðin meðal annars.

Lokaorð

Ljóst er að blakfélagið Bresi hefur átt ansi erfitt uppdrattar síðustu misserin. Eins og kemur fram her að ofan hefur mæting á æfingar verið lítil og erfitt er að halda úti keppnisliði þegar svo er. Ýmsar ástæður eru fyrir því að svo fámennt hefur verið, t.d. meiðsli, barneignir og félagaskipti leikmanna. Eins höfum við ekki getað æft það sem af er þessu keppnistímabili vegna vandamála við íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar.

Við erum þó ekki af baki dottnar og ljóst er að það er áhugi fyrir því að koma aftur af stað æfingum hjá blakfelaginu Bresa. Nú er bara að bíða og sjá hvort ekki séu betri tímar framundan og vonandi náum við aftur inn öflugum hópi kvenna á æfingar hjá Bresa.



ÁRSSKÝRSLA
FIMLEIKAFÉLAGS
AKRANESS 2023



Efnisyfirlit

Stjórn félagsins veturinn 2023-2024	55
Rekstur félagsins	55
Iðkendur og þjálfarar - hjartað í starfinu	56
Starf félagsins	57
Mótamál.....	59
Árangur félagsins á mótum ársins	61
Tilnefning til íþróttamanns Akraness	59
Framtíðarsýn	64
Lokaorð	65
Myndir úr starfi félagsins	Error! Bookmark not defined.

Stjórn félagsins veturinn 2023-2024

Formaður:	Steinar Helgason
Varaformaður:	Marín Rut Elíasdóttir
Gjaldkeri:	Anna María Þórðardóttir
Ritari:	Vilborg Helgadóttir
Meðstjórnandi:	Ívar Orri Kristjánsson
Varamenn:	Karítas Gissurardóttir og Viðar Engilbertsson

Rekstur félagsins

Rekstur félagsins á árinu gekk ágætlega en að loknu uppgjöri er hagnaður félagsins um tólf milljónir króna. Hagnaðinn má meðal annars rekja til þess að yfirþjálfari félagsins fór í fæðingarorlof í ágúst en einnig var félagið undirmannað af þjálfurum en færri þjálfarar voru á flestum hópum en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023. Æfingagjöld voru ekki hækkuð á árinu og hafa haldist óbreytt síðan á haustönn 2022. Félagið hóf á árinu að rukka inn mótagjöld á Bikar- og Íslandsmót með æfingagjöldum en að öðru leyti voru gjöldin þau sömu og áður.

Líkt og fram kemur í ársreikningi 2023 voru æfingagjöld samtals 54.660.135 kr á árinu en þar af eru 1.868.000 kr mótagjöld og 810.670 kr. dómaragjöld. Samtals er því hlutur móta- og dómaragjalda upp á 2.679.470 kr og er í innifalið í æfingagjöldum.

Félagið hefur náð að rétta sig af eftir rekstrartap ársins 2021 og er nú vel í stakk búið til að standa undir rekstrarkostnaði. Eigin fjárstaða er sterk og stendur félagið vel í dag. Sterkur og stöðugur rekstur auðveldar allt starf félagsins og uppbyggingu þess. Telur stjórn félagsins að félagið sé nú í stakk búið til að vinna við að efla félagið enn frekar og fara í frekari uppbyggingu innviða á komandi starfsári. Til gamans má geta að félagið stefnir á að bjóða iðkendum og þjálfurum upp á sálfræðipjónustu í samstarfi við ÍA á komandi starfsári.

Við fengum fjóra nýja styrktaraðila á árinu, til viðbótar við þá sjö sem áður voru. Allir gerðu þeir þriggja ára samning við félagið og fyrir það er félagið mjög þakklátt. Stjórnin er bjartsýn á að styrktaraðilum fjölgi enn frekar og er markmiðið að ná inn að minnsta kosti 15 styrktaraðilum fyrir lok árs 2024.

Fjáröflun iðkenda félagsins hélt áfram fyrir þá iðkendur sem fara í æfingaferðir til Ollerup og Svendborg sumarið 2024. Alls fara 69 iðkendur, þjálfarar og fararstjórar í æfingaferðirnar tvær, 38 til Ollerup og 31 til Svendborg og spennan eðlilega orðin gríðarleg.

Sala á FIMÍA æfingafatnaði hélt áfram á árinu og gekk vonum frammar og er nú lager félagsins að

tæmast. Fyrirhugað er að fara í samstarf með nýjum birgja sem mun hanna nýjan æfingafatnað fyrir öll kyn á árinu.

Iðkendur og þjálfarar - hjartað í starfinu

Á árinu 2023 voru iðkendur alls 703, 507 stúlkur og 196 drengir.

Á vorönn æfðu 576 iðkendur hjá félaginu en þar af voru 112 iðkendur í íþróttaskólanum og 464 almennir iðkendur. Aldursbil iðkenda var breytt en það var frá þriggja mánaða upp í 60+ ára eða heldri borgara.

Félagið bauð í annað sinn upp á ungbarnafimleika eða fyrir börn frá þriggja mánaða aldri og var það námskeið í yfirumsjón Stefaníu Sólar, þjálfara félagsins. Mikil ánægja var með námskeiðið og er stefna félagsins að bjóða upp á áframhaldandi námskeið á komandi starfsári. Sumarnámskeið voru sem fyrr í boði, leikjanámskeið fyrir börn í 1.-4. bekk, parkour námskeið, fimleikanámskeið og trampólínnámskeið sem var þar einna vinsælast og fullt á öll þrjú námskeiðin.

Á haustönn voru iðkendur 598 í heildina. Þar af var 121 iðkandi í íþróttaskólanum og 477 almennir iðkendur. Haldið var í annað sinn fimleikanámskeið fyrir 4 ára sem var mjög vinsælt en alls sóttu 58 börn æfingarnar. Meistaraflokkur hélt áfram að taka framförum og verður spennandi að fylgjast með liðinu á komandi tímum.



Meistaraflokkur sýnir hér gólfæfingar í glæsilegum ÍA keppnisbúningum

Starf félagsins heldur áfram að blómstra undir stjórn Þórdísar Þallar Þráinsdóttur yfirþjálfara og er stjórnin afar ánægð með hennar störf. Í félaginu er sterkur hópur þjálfara og eru í dag 32 starfandi þjálfarar með mikla sérþekkingu og reynslu. Margir af okkar þjálfurum eru eftirsóttir af öðrum félögum til starfa innan FSÍ sem við lítum á sem merki um að við séum á réttri leið í uppbyggingu á okkar þjálfarahóp.

Í byrjun ágúst voru ráðnir inn tveir nýir þjálfarar í fullt starf. Þeir Kevin Iversen sem kemur frá Svíþjóð og Tobias Quvang Christiansen sem kemur frá Danmörku. Báðir koma inn í félagið með góða menntun og reynslu og hafa þeir báðir staðið undir öllum þeim væntingum sem félagið hafði fyrir komu þeirra og rúmlega það.

Þær Harpa Rós Bjarkadóttir og Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir skrifuðu einnig undir nýjan samning við félagið. Harpa er nú þjálfari í fullu starfi hjá félaginu og sér að mestu leyti um starf yngri flokkanna og Stefanía er yfirþjálfari gólfæfinga og sér um að semja og útfæra allar gólfæfingar félagsins.

Það er margt fleira spennandi framundan, til að mynda eru fleiri þjálfara- og dómara námskeið á dagskrá á vegum Fimleikasambandsins. Þessi námskeið koma til með að nýtast félaginu öllu afar vel. Það er því óhætt að segja að við hlökkum til að fylgjast með okkar sterka þjálfarateymi á komandi tímum.



Hér má sjá þá Kevin og Tobias ásamt Steinari Helgassyni daginn sem þeir skrifuðu undir samning við félagið

Starf félagsins

Eyrún Reynisdóttir sinnti áfram starfi framkvæmdastjóra félagsins og okkar þriðja heila starfsár fór fram í okkar glæsilega fimleikahúsi við Vesturgötu. Mikil gróska var í starfi félagsins á árinu sem sífellt býður upp á fimleika fyrir breiðari hóp. Í annað sinn var boðið upp á námskeið fyrir ungbörn

og fimleikaprek fyrir íþróttakrakka. Einnig voru námskeið fyrir heldri borgara og fimleikaæfingar fullorðinna í boði. Áhugahóparnir okkar stækkuðu enn meira og keppti stór hluti þeirra iðkenda í fyrsta sinn á móti á árinu. Áskorun var að koma öllum hópum fyrir í Fimleikahúsinu eftir að félagið missti aðgengi sitt að íþróttasalnum við Vesturgötu sem var lokað vegna loftgæðavandamála í byrjun haustannar. Ljóst er að með stækkandi iðkendahóp verður sífellt meira krefjandi að koma öllum fyrir í fimleikahúsinu og þarf félagið því að nýta kvöld og helgar enn frekar.

Á haustönn hóf félagið samstarf við Kleppjárnsreyki og bauð í fyrsta sinn upp á fimleikaæfingar fyrir börn á aldrinum 4-10 ára einu sinni í viku. Mikil ánægja var með æfingarnar sem um 50 börn sóttu og ákveðið að halda þessu blómlega samstarfi áfram á vorönn 2024.

Undirbúningsvinna fyrir verkefnið „Allir með“ hófst á árinu en það er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF með það að markmiði að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.


Fimleikafélag ÍA og Knattspyrnufélag ÍA munu í samstarfi við ÍA skipuleggja æfingar fyrir börn með sérþarfir. Æfingar fara fram í Fimleikahúsinu við Vesturgötu og verða í boði á vorönn 2024. Við erum mjög spennt fyrir verkefninu og er óhætt að segja að félagið sé alltaf að færast nær því að vera félag sem býður upp á „Fimleika fyrir alla“, en það er einmitt markmið félagsins.

Starfið hefur verið til fyrirmyndar í flotta fimleikahúsinu okkar sem endurspeglast í framförum iðkenda. Þjálfarar og iðkendur hafa notið þess að vinna í nýja húsinu og er öll aðstaða til fyrirmyndar.



Félagið hélt eitt mót á árinu, 11. og 12. febrúar, á vegum FSÍ. Mótið var virkilega vel sótt og vel heppnað þar sem kynnir helgarinnar fóru á kostum sem og fánaberi innmarsins. Þann 3. júní var haldin okkar árlega

vorsýning þar sem allir iðkendur almennra hópa tóku þátt. Alls voru þrjár sýningar í boði og komu um 900 áhorfendur að þessu sinni. Eftir hverja sýningu voru seldar grillaðar pylsur og drykkir fyrir utan fimleikahúsið í ágætis veðri. Við höttum að sjálfsgöðu ekki þar en við héldum í annað sinn innanfélagsmótið Fim-leikarnir á árinu. Mótið var haldið í lok haustannar, dagana 13. og 14. desember. Allir iðkendur fengu tækifæri til að taka þátt í Fim-leikunum nema yngstu iðkendum í íþróttaskólanum en jólasveinarnir heimsóttu íþróttaskólann þess í stað. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag og allir fóru sáttir í jólafrí. Það má með sanni segja að Fim-leikarnir séu komnir til að vera og er stefnan á að halda Fim-leikana aftur á næsta ári. Síðasti viðburður ársins var svo Jóla-Bingó Meistaraflokks sem var virkilega vel heppnað og margir sóttu. Seldar voru heimagerðar jóla-möndlur og heitt súkkulaði sem iðkendur meistara-og 1. flokks útbjuggu sjálfir. Bingóið var fyrst og fremst fjáröflun fyrir félagið en ekki síður skemmtileg leið til að koma Skagafólki í jólaskap.



Mótamál

Árið 2023 var annasamt keppnisár. Árið áður hafði verið gerð tilraun um að fjölga mótum sem þótti heppnast vel svo sama háttalagi var haldið á núverandi keppnisári. Keppnistímabilið í fimleikum er frá september fram í maí. Eftir áramót var Mótariðin gerð að deildarkeppni fyrir 1. flokk og meistaraflokk þar sem keppt er á þremur mótum yfir tímabilið. Eins var tveimur mótum bætt inn í mótaskrána fyrir 2. og 3. flokk og stökkfimi eldri þar sem sama háttalag er haft og í keppni í mótariðinni þ.e. keppt í mýkri landingum.

Fyrsta mót ársins var GK mótið í hóp fimleikum yngri og stökkfimi yngri. Mótið fór fram í Egilshöll 4. og 5. febrúar. ÍA sendi 3 lið til keppni í 4. flokki og 2 lið í 5. flokki í hóp fimleikum. Öll lið stóðu sig virkilega vel. Þetta var fyrsta FSÍ mótið sem 5. flokkur keppti á og var mikil ánægja þegar 5. flokkurinn okkar fékk viðurkenningu fyrir fyrsta mótið. Helgina eftir fór GK mótið í hóp fimleikum eldri og stökkfimi eldri fram á

Akranesi og einnig Mótaröðin 2. GK mótið var stórt og umfangsmikið en mikil ánægja var með það eins og vanalega enda aðstaðan hér á Skaganum algjörlega til fyrirmyndar. ÍA sendi 3 lið til keppni í 3. flokki á GK mótið í hópfimleikum eldri og 2 lið úr 2. flokki og 1 úr meistaraflokki á

Mótaröðina 3.

Bikarmótið í hópfimleikum og stökkfimi eldri fór fram í Digranesi í umsjá Gerplu helgina 4.-5. mars og átti ÍA eitt lið í stökkfimi eldri sem stóð sig vel á mótinu. Í 3. flokki var ÍA með blandað lið sem varð bikarmeistari í 3. flokki mix. Í 3. flokki kvenna átti ÍA tvö lið sem stóðu sig einnig mjög vel. 2. flokkurinn hafnaði í 5. sæti á mótinu og meistaraflokkur í 3. sæti á eftir Stjörnunni og Gerplu.

1. apríl var mótaröð 3 haldin í Stjörnunni, Ásgarði, en það er síðasta mótið í deildarkeppninni. Meistaraflokkur ÍA mætti til keppni og mótið var nýtt til þess að prófa ný stökk fyrir Íslandsmót. Mótið gekk vel þar sem 16 lið tóku þátt en þetta var fjölmennasta mótaröðin til þessa. Í framhaldi af mótinu gerði tækninefnd í hópfimleikum breytingu á uppsetningu mótsins en á nýju keppnistímabili var mótið aðeins fyrir meistaraflokk og 1. flokk og 2. flokkur færður yfir í keppni með 3. flokki.

Íslandsmótið í hópfimleikum og stökkfimi var einnig haldið í Ásgarði helgina 29.-30. apríl. ÍA átti 5 lið á Íslandsmótinu í hópfimleikum sem öll skiluðu af sér flottum fimleikum. Blönduðu liðin okkar í 2. og 3. flokk stóðu sig einstaklega vel og voru bæði Íslandsmeistarar í flokki mix liða.

Keppnistímabilinu lauk svo með vormóti yngri flokka sem fór fram á Seltjarnarnesi undir stjórn Gróttu. Þar kepptu 4. og 5. flokkur og héldu blönduðu liðin okkar áfram að skína en blandað lið 4. flokks hafnaði í 1. sæti á mótinu.

Nýtt keppnistímabil hófst í febrúar með keppni á mótaröð 1 sem fór fram í Vatnsenda hjá Gerplu. Meistaraflokkur keppti á mótinu og frumsýndi nýjan dans saminn af Stefaníu Sól. Mótið gekk vel og var notað sem undirbúningur fyrir haustmótið í hópfimleikum sem fór fram næstu tvær helgar en mótið er orðið svo stórt að því er skipt niður á sex daga. Á mótinu er raðað niður í deildir eftir gengi liðsins. ÍA sendi 3 lið til leiks í 4. flokki sem flokkuðust í B og C deild. Í 3. flokki voru lið ÍA einnig 3 sem flokkuðust líka í B og C deild. 2. flokkurinn okkar tók bronsið og flokkaðist þ.a.l. í A deild og meistaraflokkurinn tók silfrið í efstu deild. Strákarnir í 2. flokki kepptu í stökkfimi og urðu í 1. sæti.

Alls sóttu okkar lið 17 mót á árinu sem dreifðust á báðar annirnar. Fjölgun hefur orðið í keppnisliðum frá ÍA sem er frábært en að sama skapi þarf félagið að manna fleiri dómaraöldi á hverju móti sem hefur reynst strembið og er mikilvægt að við sendum fleiri á dómaraámskeið.

Árangur félagsins á mótum ársins

GK mótið í hópfimleikum yngri flokkar 2023 í Egilshöll

4 flokkur kvenna – B deild

4. sæti ÍA 1 (30.695)

4 flokkur kvenna – C deild

5. sæti ÍA 2 (23.765)

4 flokku blönduð lið

1. sæti ÍA mix (19.380)

5 flokkur – ókynbundinn flokkur

5. sæti ÍA svartur (29.300)

12. sæti ÍA gulur (23,100)

Mótaröð 2 2023 á Akranesi

11. sæti ÍA meistaraflokkur (39.030)

12. sæti ÍA 2 flokkur 1 (36.600)

16. sætir ÍA 2 flokkur 2 (31.330)

GK mótið í hópfimleikum eldri flokkar 2023 á Akranesi

3 flokkur kvenna – A deild

8. sæti ÍA 1 (33.975)

3 flokkur kvenna – B deild

9. sæti ÍA 2 (25.610)

3 flokkur blönduð lið

1. sæti ÍA mix (29.815)

Bikarmót í hópfimleikum 2023 í Digranesi

3 flokkur kvenna – A deild

8. sæti ÍA 1 (36.995)

3 flokkur kvenna – B deild

8. sæti ÍA 2 (27.215)

3 flokkur blönduð lið

1. sæti ÍA mix (23.425)

2 flokkur kvenna – A deild

6. sæti ÍA 1 (40.015)

2 flokkur blönduð lið

1. sæti ÍA mix (36.990)

Meistaraflokkur kvenna

3. sæti ÍA (40.500)

Bikarmótið í stökkfimi eldri 2023 í Digranesi

10. sæti ÍA 2 fl (28.030)

Mótaröð 3 2023 í Ásgarði

7. sæti ÍA mfl (39.580)

Íslandsmótið í hópfimleikum 2023 í Ásgarði

3 flokkur kvenna – A deild

6. sæti ÍA 1 (40.765)

3 flokkur kvenna – B deild

9. sæti ÍA 2 (29.210)

3 flokkur blönduð lið

1. sæti ÍA mix (27.665)

2 flokkur kvenna – A deild

5. sæti ÍA 1 (40.210)

2 flokkur blönduð lið

1. sæti ÍA mix (34.395)

Meistaraflokkur kvenna

5. sæti ÍA (36.700)

Vormót í hópfimleikum 2023 í Gróttu

5 flokkur

10. sæti ÍA svartur (28.950)

22. sæti ÍA gulur (20.050)

4 flokkur B deild

6. sæti ÍA 1 (29.980)

4 flokkur C deild

6. sæti ÍA 2 (26.850)

10. sæti ÍA 3 (15.855)

Mótaröð 1 í hópfimleikum 2023 í Vatnsenda

6. sæti ÍA (39.660)

Haustmót í stökkfimi yngri í Mosfellsbæ

7. sæti ÍA (31.350)

Haustmót 1 í hópfimleikum í Mosfellsbæ

4 flokkur kvenna

14. sæti ÍA refir (29.210)

21. sæti ÍA íkornar (23.280)

26. sæti ÍA býflugur (15.500)

Haustmót 2 í hópfimleikum á Selfossi

3 flokkur kvenna

11. sæti ÍA sítrónur (33.545)

14. sæti ÍA apríkósur (28.945)

18. sæti ÍA vatnsmelónur (24.875)

2 flokkur kvenna

3. sæti ÍA (40.580)

Meistaraflokkur kvenna

2. sæti ÍA (44.800)

Haustmót í stökkfimi eldri

Kvenna deild

8. sæti ÍA (35.445)


karla deild

1. sæti ÍA kk (30.350)

Tilnefning til íþróttamanns Akraness


Fimleikafélag Akraness tilnefndi Guðrúnu Julianne Unnarsdóttur fimleikakonu ársins 2023 og þar með tilnefnd til kjörs í vali um íþróttamann Akraness árið 2023. Guðrún Julianne er 19 ára gömul og hefur æft hjá félaginu frá því hún var barn og verið lykilkona í liði meistaraflokks síðustu 6 ár.

Guðrún skarar fram úr bæði í stökkæfingum og á gólfi. Hún var á árinu valin í úrvalshóp fyrir kvennalandslið Íslands sem keppir á Evrópumóttinu í hópfimleikum 2024. Þetta er í annað sinn sem Guðrún er valin í hópinn. Guðrún keppti með liði meistaraflokks 1A á tímabilinu og skilaði liðið góðum árangri í efstu deild. Guðrún er frábær fimleikakona og öðrum iðkendum og liðsfélögum sínum mikil fyrirmynd. Hún er vinnusöm og metnaðargjörn sem hefur skilað henni þangað sem hún er í dag. Guðrún er mikill leiðtogi og mikilvæg liðsfélögum sínum þegar kemur að hvatningu og liðsheild. Þess má geta að í byrjun árs 2024 var Guðrún Julianne valin í úrvalshóp A-landsliðs kvenna í hópfimleikum. Það er því óhætt að segja að Guðrún sé búin að stimpla sig í fremstu röð á landsvísu í hópfimleikum.



Framtíðarsýn

Fimleikafélag ÍA er félag sem hefur fest sig í sessi sem eitt af stærstu aðildarfélögum Íþróttabandalags Akraness. Að halda úti svo stóru félagi og byggja undir framtíðarvöxt krefst aðhalds og útsjónarsemi. Rekstrarstaða ársins 2023 er sterk og er félagið í stakk búið til að takast á við áframhaldandi uppbyggingu og þá sérstaklega uppbyggingu innviða. Fimleikafélag ÍA heldur áfram að stækka með stöðugum iðkendahópi og framúrskarandi þjálfarateymi. Ljóst er að spennandi tímar eru framundan, aðstaðan til fyrirmyndar og þjálfarateymið sterkt. Markmið næsta árs er að styrkja þjálfarateymið enn frekar með fleiri námskeiðum og vonandi breikka teymið enn frekar. Meginmarkmið félagsins er einnig að koma í veg fyrir brottfall í elstu flokkum félagsins, styrkja þá og efla svo við stimplum okkur enn frekar sem eitt af bestu félögum landsins.



Lokaorð

Enn eitt árið er liðið hjá Fimleikafélagi Akraness og vissulega viðburðarríkt á margan hátt. Það sem stendur upp úr eftir árið er fyrst og fremst jákvæð þróun í þjálfaramálum þar sem við réðum inn fleiri vel menntaða og reynslumikla þjálfara í fullt starf. Það má með sanni segja að félagið hafi tekið skref í rétta átt í þjálfaramálum þó okkur vanti enn fleiri þjálfara í okkar flotta þjálfarateymi. Einnig má nefna stórskemmtilegt Jóla-Bingó meistaraflokks og vel heppnaða vorsýningu.

Stjórnin vill þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt fyrir þeirra framlag. Ljóst er að starfið gæti aldrei verið í þessari mynd án ykkar framlags. Akranes hefur mikla möguleika á að verða eitt af fremstu bæjarfélögum í íþrótt- og tómstundastarfi og við erum sannfærð um að fjölskyldufólk horfir til þess þegar það ákveður búsetu. Það er mikil gróska í bænum sem sýnir sig í 19 aðildarfélögum íþróttabandalagsins. Fimleikafélag Akraness er sem fyrri ár eitt stærsta aðildarfélag Íþróttabandalags Akraness og fögnum við því. Það er einnig frábært hversu mikið samstarf er við Íþróttabandalagið og þau íþróttafélög sem eru innan þess. Þá eigum við gott og farsælt samstarf við Akraneskaupstað sem hefur stutt vel við félagið og fyrir það erum við þakklát. Lokaorð þessarar skýrslu eru gildi ÍA sem segja mjög mikið um okkar starf.

Að koma saman er byrjun

Að vera saman eru framfarir

Að vinna saman er árangur

f.h. stjórnar Fimleikafélags ÍA,
Marín Rut Elíasdóttir, formaður

GOLFKLÚBBURINN LEYNIR

ÁRSSKÝRSLA 2023



Aðalfundur
23. nóvember 2023
Garðavellir, Akranesi

58. starfsár Golfklúbbsins Leynis – Skýrsla stjórnar

Golfsumarið á Íslandi árið 2023 fór frekar hægt af stað og setti veðurfarið þar helst strik í reikninginn. Veturinn á suðvestur horni landsins reyndist einn sá kaldasti í manna minnum og hafði það áhrif á vallaraðstæður í landshlutanum og var Garðavöllur þar ekki undanskilinn. Frostspungur þvert yfir brautir víðs vegar á vellinum var eitthvað sem kylfingar hafa ekki séð áður sem gáfu sterka vísbendingu um að frost var mjög djúpt í jarðveginum sem myndi skila sér í mikilli vætu inn í vorið. Kalskemmdir í flötum, teigum og brautum voru einnig verkefni sem vallarstarfsmenn glímdu við langt inn í sumarið. Í kjölfarið seinkaði opnun Garðavallar um tvær vikur miðað við eðlilegt veðurfar sl. ár. Kylfingar reyndu að láta vallaraðstæður ekki aftra sér en það var óumflýjanlegt og sýna tölur um umferð á Garðavöll það svart á hvítu.

Mótahald fór einnig úr skorðum þetta vorið og varð GL m.a. að hætta við stigamót GSÍ vegna bleytu og lakra vallaraðstæðna. Seinni hluti júní og fram í haustið var veðurtíðin mun skaplegri og náði umferðin á Garðavelli sér verulega á strik en skráðir hringir voru 24.155 talsins.



Eins og sjá má á súluritinu hér á eftir var umferðin mjög kaflaskipt í sumar borið saman við fyrri ár þar sem mikið fall var í spiluðum hringjum í maí og sögulegu hámarki náð í júlí og ágúst.

2020 - 2023 SPILAÐIR HRINGIR MAÍ TIL OKTÓBER



Það má teljast virkilega mikill varnarsigur eftir erfitt vor eins og lýst var hér að framan og gefur klúbbnum meðbyr fyrir komandi tíma.

Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 18.880 hringir skráðir á félagsmenn eða um 67% allra skráðra hringja sem er örlítið hærra hlutfall en árin 2022 og 2021. En inni í þeirri tölu er þátttaka félagsmanna í innanfélagsmótum á árinu 2023.

Aðalfundur 2022 og verkefni stjórnar

Aðalfundur síðasta árs var haldinn þann 24. nóvember 2022 á Garðavöllum. Fundurinn fór vel fram og gengu umræður vel fyrir sig, sem og þau mál sem þörfuðust afgreiðslu fundarins.

Á aðalfundi GL var kosin stjórn fyrir starfsárið 2023. Stjórn var þannig skipuð:

Oddur Pétur Ottesen, formaður.

Óli Björgvin Jónsson, varaformaður. Freydís Bjarnadóttir, gjaldkeri.

Ella María Gunnarsdóttir, ritari.

Ísak Örn Elvarsson, meðstjórnandi Hróðmar Halldórsson, varamaður.

Haldnir voru 16 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.


Félagatal GL

Félagsmenn GL töldu 733 í lok sumar 2023 en voru 650 á árinu 2022. Börn sem sækja golfleikjanámskeið telja inn í félagatalið og voru í ár 47 en heldur minni aðsókn var í námskeiðin í ár en fyrri ár. Hlutfall kvenna og karla í klúbbum er svipað í ár og s.l. tvö ár þar sem hlutfall kvenna er 30% og karla 70%.

Metnaður stjórnar stendur til að fjölga félagsmönnum áfram á komandi árum og geri klúbbinn þar af leiðandi sjálfbærari í rekstri. Beina þarf sjónarhorninu að fjölgun í barna- og unglingsstarfi en það er sannarlega ein mikilvægasta leiðin til að skapa framtíðar félagsmenn þegar til lengri tíma er litið. Fjölgun félaga skapar klúbbum auknar fastar tekjur og gerir hann minna háðan utanaðkomandi vallartekjum.


Fjaraðildarfélögum frá nærliggjandi sveitarfélögum fjölgaði frá fyrra ári og eru nú 110 en voru 83 á árinu 2022. Nýliðun á árinu 2023 var mjög góð en 52 kylfingar gerðust meðlimir í golfhreyfingunni í fyrsta sinn innan raða Leynis. Stjórn GL vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn á árinu sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor eins og alla aðra félagsmenn

Hér á eftir má sjá hvernig félagatal GL skiptist eftir gjaldskrárflokkum. Ánægjulegt er að sjá að fullgreiðandi félagsmönnum fjölgar hlutfallslega mest. Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2023. Í vetur voru félagsmenn nokkuð duglegir að nýta sér inni aðstöðuna ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla en takmörkuð opnun var í aðstöðunni vegna leka- og vatnsvandamála enn eitt starfsárið.



Að starfsmannahaldi GL. Valdís Þóra Jónsdóttir sem gegndi starfi íþróttastjóra GL sagði starfi sínu lausu í lok maí en lauk störfum í ágústlok. Stjórn GL þakkar Valdísi Þóru fyrir vel unnin störf á liðnum árum og óskar henni velfarnaðar í þeim verkefnum sem hún mun taka sér fyrir hendur í framtíðinni.

Golfklúbburinn Leynir hefur ráðið Birki Þór Baldursson í starf íþróttastjóra en hann hóf störf að fullu í lok október. Stjórn GL býður Birki Þór hjartanlega velkominn til starfa.



Miklar áskoranir framundan


Áskoranir Golfklúbbsins Leynis á komandi árum eru miklar, bæði sem snúa að framkvæmdum og viðhaldi á Garðavelli sem og fjárfestingum í tækjum og búnaði með það að markmiði að gera klúbbinn sem mest sjálfbæran í umhirðu og rekstri. Við höfum á liðnum árum bætt verulega við tækjakost okkar og höfum lagt drög að frekari kaupum á næstu árum. Enn og aftur hefur GL þurft að mæta áskorunum varðandi Garðavelli en þar hefur aðkomuvatn verið að gera okkur lífið leitt. Mest hefur aðstaða í kjallara hússins verið til vandræða. Er þetta viðfangsefni sem unnið er í samstarfi við eiganda húsnæðisins, Akraneskaupstað, en vonandi náum við tökum á baráttunni við vatnið á endanum.



Þessu til viðbótar eru atriði sem snúa að samstarfi kaupstaðarins og GL sem eru til þess fallinn að valda klúbbnum áhyggjum. Í því ljósi að vetrariðkun golfs, þá aðallega í formi golfiðkunar í hermum hefur aukist gríðarlega, þá verður ekki fram hjá því horft að æfingaaðstaða GL er ekki á nokkurn hátt ásættanleg. Aðstaðan er löngu sprungin og stöðug ógn vegna bleytu er eitthvað sem erfitt er að una við. Þegar horft er til þeirrar miklu fjölgunar sem orðið hefur í klúbbnum er það engum vafa undirorpið að þetta þarfnast úrlausnar – úrlausn sem tæplega verður hrundið í framkvæmd án aðkomu kaupstaðarins.

Annað atriði sem einnig er til þess fallið að valda áhyggjum GL eru skipulagsmál. Ekki er til undirritaður formlegur samningur um afnot GL af deiliskipulagssvæði golfklúbbsins og hefur ekki fengist raungerður þrátt fyrir ítrekaða beiðni þess efnis af hálfu GL. Aukinheldur þarf ef vel á að vera að víkka deiliskipulagssvæði golfklúbbsins út svo landleysi verði ekki hamlandi í vexti og viðkomu klúbbsins á komandi árum. Við höfum fjöldann allan af dæmum í nágrannasveitarfélögum okkar þar sem fyrirbyggja í skipulagsmálum hefur ekki verið með i för, með þeim afleiðingum að vaxtarmöguleikum golfklúbba er kastað á glæ.

Stjórn GL hefur fundað með umhverfis- og skipulagsráði og viðrað þessar áhyggjur og ítrekað óskað eftir frekari samtali án þess þó að hafa fengið skýr svör af hálfu ráðsins eða kaupstaðarins. Stjórn ætlar þó að leyfa sér að vera bjartsýn um að betra samtal komist á á næstu mánuðum.



Hlynur Guðmundsson hefur áfram sinnt veitingarekstri á Garðavöllum undir nafni Nítjándu / Bistro & Grill. Stjórn GL þakkar Hlyni og hans góða starfsfólki fyrir mjög gott samstarf á árinu og erum þess fullviss að það séu mikil sóknarfæri í samstarfinu, báðum aðilum til hagsbóta.

Á 79. ársþingi ÍA sem haldið var 25. apríl í Tónbergi voru félagsmenn GL, þeir Þórður Emil Ólafsson, Jóhann Þór Sigurðsson og Reynir Sigurbjörnsson sæmdir bandalags- merki ÍA.

Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.



Fjórir félagsmenn unnu það afrek að fara holu í höggi á Garðavelli í sumar. Fyrstur til þess þetta sumarið var Hallur Freyr Sigurbjörnsson þann 6. júní á 8. holu. Næstur í röðinni var Guðmundur Valdimarsson en draumahöggjð sló hann 23. júlí á 3. holu. Þá var það Arnar Gunnarsson sem fór holu í höggi þann 25. júlí á 18. holu en hann var að spila leik í holukeppni í Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar. Síðsumars, þann 10. september fór svo Dean Martin holu í höggi á 6. holu en það er par 4. hola sem er 255 metra löng. Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.



Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Íslandsmót golfklúbba, 2. deild karla, var haldið við góðar aðstæður á Garðavelli dagana 18.-20. ágúst. Stefán Orri Ólafsson, Alex Hinrik Haraldsson, Þórður Emil Ólafsson, Hróðmar Halldórsson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Pétur Vilbergur Georgsson, Hannes M. Ellertsson og Willy Blumenstein skipuðu sveit Leynis. Liðsstjóri Leynis var Örn Gunnarsson. Sveitin stóð sig mjög vel í mjög sterku móti og endaði í þriðja sæti.



Kvennasveit Leynis spilaði einnig í 2. deild en leikið var á Hamarsvelli í Borgarnesi dagana 18.-20. ágúst. Alls tóku 9 klúbbar þátt í ár og gerðu Leyniskonur vel og enduðu í 4. sæti. Í kvennasveit Leynis spiluðu; Aníta Ósk Pétursdóttir, Elín Dröfn Valsdóttir, Elísabet Valdi-marsdóttir, Ella María Gunnars-dóttir, Jóna Björg Olsen og Ruth Einarsdóttir sem jafnframt var liðsstjóri GL.

Íslandsmót golfklúbba í 2 deild karla 2023 í +50 ára og eldri fór fram dagana 24.-26. ágúst á Kirkjubólsvelli í Sandgerði. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var af Guðmundi Hreiðarssyni, Kristvin Bjarnasyni, Péttri Vilberg Georgssyni, Þórði Má Jóhannessyni, Sigurði Elvari Þórólfssyni, Kristjáni Kristjánssyni og Halldóri B. Hallgrímssyni sem einnig var liðsstjóri sveitarinnar. Sveit GL stóð sig vel og landaði fjórum sigrum gegn einu tapi og endaði í 5. sæti af 8 sveitum.



Íslandsmót golfklúbba í 1. deild kvenna 2023 í +50 ára og eldri fór fram dagana 24.-26. ágúst á Strandarvelli á Hellu. Golfklúbburinn Leynir sendi sveit til leiks sem skipuð var þeim Díönu Carmen Llorens Izaguirre, Ellen Ólafsdóttur, Helgu Rún Guðmundsdóttur, Jónu Björg Olsen, Elísabet Sæmundsdóttur, Elísabet Valdimarsdóttur, Nönnu Björg Lúðvíksdóttur og Ragnheiði Jónasdóttur. Liðsstjóri sveitarinnar var Ruth Einarsdóttir. Sveit GL stóð sig vel, endaði í 7. sæti og heldur sæti sínu í fyrstu deild að ári.



Í annað sinn sendi Golfklúbburinn Leynir karlasveit til leiks í sveitakeppni LEK í aldursflokknum 65 ára og eldri en mótið fór fram í Hveragerði dagana 9.-10. ágúst. Sveitin spilaði í 2. deild og endaði í 3. sæti. Sveitina skipuðu Hinrik Árni Bóasson, Guðmundur Haraldsson, Sæmundur Hinriksson, Mattías Þorsteinsson, Reynir Þorsteinsson og Einar Jónsson sem var liðsstjóri. Varamenn voru þeir Eiríkur Karlsson og Jón Smári Svavarsson.

Golfklúbburinn Leynir tók þátt í sveitakeppni unglunga í aldursflokkunum 17-21 árs og 16 ára og yngri dagana 20.-23. júlí en leikið var á Hellu og á Selfossi. Báðar sveitirnar stóðu sig með þryði og endaði sveit 17-21 árs í 8. sæti en sveit 16 ára og yngri í 4. sæti. Sveitir Leynis skipuðu:



U16

Arnar Gunnarsson
Bragi Friðrik Bjarnason
Guðlaugur Þór Þórðarson
Hilmar Veigar Ágústsson
Sigurður Brynjarsson
Vala María Sturludóttir

17-21

Björn Viktor Viktorsson Elsa
Maren Steinarsdóttir Ingimar Elfar
Ágústsson Kári Kristvinsson
Nói Claxton
Tristan Freyr Traustason

Úr afreksstarfi má nefna góðan árangur Elsu Marenar Steinarsdóttur en hún átti mjög gott sumar og vann sitt fyrsta mót á Unglingamótaröð GSÍ á Akureyri ásamt því að enda í öðru sæti í tveimur mótum. Þá varð hún stigameistari ársins í flokki 17-21 árs á mótaröðinni. Guðlaugur Þór Þórðarson hefur einnig átt gott sumar en endaði í 2. sæti í Íslandsmótinu í högggleik 15-16 ára drengja, ásamt því að fara holu í höggi á 17. holunni í Eyjum í sama móti.

Þrír kylfingar tóku þátt í Íslandsmótinu í högggleik sem haldið var á Oddfellow vellinum í ágúst. Það voru þau Björn Viktor Viktorsson, Elsa Maren Steinarsdóttir og Tristan Freyr Traustason. Öll komust þau í gegnum niðurskurðinn á mótinu og er það í fyrsta skipti sem Leynir á þrjá kylfinga sem komast í gegnum niðurskurð á Íslandsmóti.



Að lokum

Golf er göfug íþrótt. Þetta er íþrótt sem sameinar ánægjuna af því að vera úti í náttúrunni, líkamsrækt, leik, keppni, sjálfsaga og síðast en ekki síst góðum félagskap. Umgjörð og upplifun er órjúfanlegar þáttur iðkunar, sem og uppbyggilegt og gefandi félagsstarf. Og það síðastnefnda í þessari upptalningu er að mörgu leiti heilbrigðisvottorð fyrir stöðu félagsstarfs í hverju félagi fyrir sig. Þar raungerist hvað hlutverk sjálfboðavinnu er ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. Það er orðið fastur liður á hverju vori í aðdraganda opnunar, að fjöldinn af félagsmönnum sem mætir til að leggja hönd á plóginn er hreint ótrúlegur. Vill stjórn þakka öllum þeim sem unnið hafa ötult starf í nefndum fyrir GL á starfsárinu sem og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lagt hafa hönd á plóg í öðrum verkefnum. Það er ekki sjálfgefið að njóta svo mikils velvilja í garð félagsins. Sjálfboðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu, þetta starf þéttir raðir, bætir umgjörðina og gerir félagsstarfið skemmtilegra. Félagsmenn- og konur í GL, okkar glæsilegi Garðavöllur og félagsaðstaðan að Garðavöllum eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.



Stjórn þakkar vallarnefnd, vallarstjóra, vélarmanni ásamt öðru góðu starfsfólki sem unnu svo vel að umhirðu og viðhaldi Garðavallar í ár. Einnig fær starfsfólk í afgreiðslu GL þakkir fyrir fagmannlegar og hlýjar móttökur til handa félagsmönnum og gestum Garðavallar. Sú faglega umgjörð sem tekist hefur að skapa í rekstrinum er besta kennileitið um þá fagmennsku og þann metnað sem starfsfólk okkar býr yfir. Töluvert álag hefur verið á mótanefnd GL þetta sumar líkt og áður eins og má sjá í skýrslu mótanefndar. Aðsókn í golfmót sumarsins var mjög góð enda lagði mótanefnd og velunnarar hennar mikinn metnað í að skapa alla umgjörð móta eins vel og kostur var. Margar sjálfbóðaliðastundir liggja að baki slíkrar framkvæmdar. Stjórn færir mótanefnd sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt starf.

Í tengslum við Meistaramótið í sumar var aftur boðið upp á hið vinsæla reglurölt með dómurunum og félagsmönnum Viktori Elvari Viktorssyni og Rúnari Frey Ágústssyni sem mjög margir félagsmenn nýttu sér. Færir stjórn þeim bestu þakkir fyrir þetta framtak. Sérstakar þakkir fær Viktor Elvar Viktorsson fyrir aðkomu að ýmsum öðrum verkefnum sem hann hefur tekið að sér í sjálfbóðaliðavinnu fyrir félagið í ár og á



umliðnum árum. Að lokum vil ég þakka starfsfólki klúbbsins, meðstjórnarfólki mínu í stjórn, sem og nefndarfólki, fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóra þakkir fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

*Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
O. Pétur Ottesen, formaður
23. nóvember 2023*



Ársskýrsla Hestamannafélagsins Dreyra

Starfsár 2023



Hestahúshverfið á Æðarodda

Aðalfundur 9. nóvember 2023 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda.

Í stjórn Dreyra voru á árinu 2023:

Formaður: Ása Hólmarsdóttir **Varaformaður:** Sigurður Arnar Sigurðsson **Ritari:** Magnús Karl Gylfason.
Gjaldkeri: Hörður Þorsteinn Benónýsson **Meðstjórnandi:** Rúna Björt Ármannsdóttir.

Varamenn: Ásta Marý Stefánsdóttir og Viktoría Gunnarsdóttir.

Stjórn hittist alls 7 sinnum á fundum í félagsheimilinu enn einnig voru mörg mál rædd á samskiptamiðli stjórnar (facebook), í tölvupósti og í síma.

Félagar í ársbyrjun voru 270.

Frá aðalfundi 30. nóvember 2022 og að framhaldsaðalfundi 14. febrúar 2023 voru nefndir Dreyra eftirfarandi:

Nefndir Dreyra:

Endurskoðendur: Bergþór Helgason og María Hlín Eggertsdóttir. (kosið er um endurskoðendur á framhaldsaðalfundi)

Beitarnefnd: Einar Ólafur Jónsson, Jón Magnússon, Ármann Rúnar Ármannsson, Sigurður Valgeirsson og Guðjón Kristánsón.

Fræðslu- og skemmtinefnd. :Sigríður Snæbjörnsdóttir, Einar Gunnarsson, Stina Laatch og Aðalsteinn Maron Árnason.

Hússtjórn: Formaður félagsins og „þrifagengið“ = nokkrir sjálfboðaliðar í þrifum.

Mótanefnd: Stine Laatch, Einar Gunnarsson, Rúna Björt Ármannsdóttir, Stine Achille og Magnús Karl Gylfason.

Vallarnefnd: Einar Gunnarsson.

Reiðveganefnd: Þorstein Hörður Benónýsson, Sigurður Arnar Sigurðsson, Ása Hólmarsdóttir, Magnús Karl Gylfason og Guðmundur Gísli Sigurðsson.

Æskulýðsnefnd: Viktoría Gunnarsdóttir, Marie Greve Rasmussen. og Ásta Marý Stefánsdóttir.

Reiðhallarnefnd: Stina Laatch, Einar Gunnarsson, Sigmundur Kristjánsson, Aðalsteinn Maron Árnason og Jón Sigurðsson.

Byggingarnefnd vegna reiðhalla: Ása Hólmarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Magnús Karl Gylfason.

Öryggisnefnd: Brynjar Atli Kristinsson, Sigmundur Kristjánsson og Smári Njálsson.

-Það var talsverður erill í störfum stjórnar Dreyra á árinu rétt eins og venjan hefur verið síðustu ár sem einkennast af tíðum samskiptum, s.s símtölum, tölvupóstum og á samskiptamiðlum. Þar að auki þátttaka í fundum þar sem fulltrúar úr stjórn hittu bæjaryfirvöld á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, s.s bæjarfulltrúa, garðyrkjustjóra, skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa. Tílefni fundahalda var oftast út af málum tengdum reiðhöll, skipulagsmála, reiðvega, fjármála og beitarhólfa.

Tveir fundir vorum haldnir með formönnum aðildarfélaganna ÍA og framkvæmdastjórn ÍA. Einnig funduðu fulltrúar úr stjórn með nefndum Dreyra og höfðu samskipti við fjölmarga aðra aðila sem tengjast starfi hestamannafélaga. Formenn Vesturlandsfélaganna voru einnig í nokkrum samskiptum vegna sameiginlegra verkefna, svo sem styrkja vegna reiðvegamála.

-Árið 2023 var eftirminnilegt fyrir ýmsar jákvæðar og sögulegar breytingar í aðstöðumálum en einnig nokkuð róstersamt og slítandi, að minnsta kosti fyrir stjórnarmeðlimi, vegna eilítils þunga í samskiptum milli örfárra félagsmanna. En samt sem áður, var að mörgu leyti gott starf hjá hestamannafélaginu Dreyra þó svo að eitt og annað hefði mátt gera betur.

Eins og vanalega hófst okkar hestaár með smölun úr flóanum fyrir áramót. Það er ekki hægt að segja annað en að aðgengi að haustbeit í flóanum hér rétt við hesthúsahverfið eru ótrúleg þægindi. En nú eru blikur á lofti um breytingar í þeim efnum þar sem byggð færir nær og nær hesthúsahverfinu. Stjórn hefur unnið að því undanfarið að fá beitarhaga fyrir haustbeit í landi Hvalfjarðarsveitar en það mál er í ferli og ekki niðurstaða komin í það.

-Framhaldsaðalfundurinn var haldinn 14. febrúar s.l þar sem m.a ársreikningar 2022 voru samþykktir og gengið frá mönnun í nefndir. Fjárhagsleg staða félagsins er ágæt en þó í jánnum og lítið má koma upp á til að rugga ekki bátnum. Það er ekki búið að ganga frá uppgjöri við Akraneskaupsstað vegna reiðhalla og á Dreyri enn fjármagn á reikningum vegna uppgjörsmála. Fundað var með fulltrúum Akraneskaupsstaðar nokkrum sinnum á vormánuðum vegna uppgjörs.

-Mótanefndin var í miklu stuði á árinu og unnu þau afar gott starf við mótahaldið. Vetrarmótin í reiðhöllinni slógu gegn og voru vel sótt af félagsmönnum. Stigakeppni í „Götukeppni“ milli hesthúsagatna og sveitarinnar var vel lukkuð og mikil spenna í lokin. Mótanefndin hélt einnig opið Páskatölt, gæðingakeppni með hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ og opna ágúst-íþróttamótið sem var vel heppnað. Keppendur sem koma sem gestir okkar tala afar vel um okkar móttökur og þá aðstöðu sem við bjóðum uppá hér á Æðarodda.



Uppáhalds knaparnir okkar.

-Góugleðin var haldin með mikilli gleði 18. mars og voru það nokkrir gleðilegir félagsmenn sem buðu sig fram í að sjá um gleðina eftir að óskað var eftir sjálfboðaliðum í framkvæmdina. Þetta voru María Hlín, Rúna Björt, Ása og Birkir. Þetta varð hin besta skemmtun þar sem happdrættisvinningar voru í tugatali, sérhannað gleði-myndband fór í sýningu, góður matur og allir fóru glaðir heim.

Um miðjan maí var skipulögð kynjareið með kúrekaþema. Okkar séríslenska lágrétta rigning með roki var í stuði þennan dag með kúrekum í bláum og bleikum litatónum. Mjög skemmtilegt þó að veðrið hefði verið blautt.

-Því miður var starfið í æskulýðsnefndinni á árinu ekki eins burðugt og lagt var upp með. Ýmsar persónulegar ástæður urðu til þess að erfitt var að skipuleggja viðburði og sjá um utanumhald. Þó var boðið um á svokallað leikjanámskeið á hestum en því miður var þátttakan ekki góð. En nú vonum við bara að starfið fari upp á við á næsta ári. Þessu tengt er ánægjulegt að segja frá því að Hestamiðstöðin

Borgartún var að venju með reiðnámskeið fyrir börn sem eru alltaf afar vel sótt. Hestamannafélagið Dreyri og Hestamiðstöðin Borgartún gerðu með sér samning á árinu sem felur m.a í sér að HMB taki að sér umsjón og utanumhald er lýtur að námskeiðahaldi með áherslu á nýliðunarstarf í hestamennsku á svæðinu. HMB mun leggja fram kennsluhross, reiðtygi og öryggisbúnað fyrir börn og unglunga sem sækja námskeiðin. Starfsemi vegna nýliðunar í hestamennsku felst í því að bjóða fram reiðkennslu úti og inni, kenna umhirðu og almenna umgengni við hestinn. Þau byrjuðu að nota reiðhöllina nú á dögnum og er það afar gleðilegt.



Reiðnámskeið hjá Hestamiðstöðinni Borgartúni í reiðhöllinni.

-Langasandsreiðin var farin að venju á Sumardaginn fyrsta 20. apríl og hús tekið á heimilisfólki á Dvalarheimilinu Höfða og þeim afhent sumarblómin. Að þessu sinni var það Jón Guðjónsson félagsmaður Dreyra, er hefur í gegnum tíðina lagt hönd á plóg fyrir félagið, sem tók á móti blómvendinum á Höfða úr hendi ungliðans Matthildi Svönu Stefánsdóttur.



Sumardagurinn fyrsti 20. apríl á Höfða. Jón Guðjónsson Dreyrafélagi með sumarblómin.

Við fengum góðar þakkir fyrir Höfða-heimsóknina frá forsvaraðila Dvalarheimilsins og með þeim orðum að koma hestana hafi glatt heimilisfólkið mikið, að fá að koma við þá, finna lyktina og spjalla aðeins við þá. Skemmtilegur dagur.

-Umhverfisdagarnir voru 22. apríl til 28. apríl og var þá tekið til og rusli safnað í kringum Æðaroddatorfuna að venju. Gámar fyrir ýmsan flokkað úrgang voru í hverfinu á þeim tíma. Það er með ólíkindum hvað mikið af rusli er týnt á hverju einasta vori, í fjörunni, í skurðum, við reiðvegi og opnum svæðum.



Þær eru ófáar dýnurnar sem hafa fundist á Æðarodda



Umhverfisdagurinn og nóg af rusli.

-**1. maí.** Það var mikið um dýrðir þann 1. maí á 76 ára afmæli hestamannafélagsins Dreyra. Eftir langa bið var reiðhöllin loksins vígð. En þá voru liðin tæplega 6 ár síðan að ferðalagið hófst við undirbúning við umsókn um byggingu reiðhallar og gagnaöflun því tengt.



Hópreið í tilefni dagins, 1. maí 2023.

Það voru nýr bæjarstjóri á Akranesi Haraldur Benediktsson, Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar, ásamt unga fólkinu okkar, Reyni Snæ, Valey Rún, Aldís Emilía, Matthildur Svana og Agnes Rún sem klipptu á borðann.



1.mái 2023 – Klípt á borðann, .. loksins :-)

Á vígslunni var á dagskránni sérstök hátíðarsýning 10 félagsmanna sem var skemmtileg og vel heppnuð, sýning á úrvals fimmgangs og fjórgangshestum, töltsýning og síðast en ekki síst glæsileg sýning Jakobs Svavars Sigurðssonar í gæðingafimi. Það var Jón Sigurðsson sem hafði umsjón með sýningaratriðum og eru honum færðar bestu þakkir fyrir sitt framlag. Að lokinni formlegri vígslu var hefðbundin firmakeppni haldin á keppnisvellinum.



Frá hátíðarsýningu félagsmanna við vígslu reiðhallar

Úrslit firmakeppni Dreyra 1. maí 2023.

Dómarar voru: Steinar Adolfsson frá Akraneskaupsstað, Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍA og Birkir Snær Guðlaugsson frá Hvalfjarðarsveit og erum þeim færðar bestu þakkir fyrir sín störf í vorkuldanum á vellinum. Pulir voru Sigurður Arnar Sigurðsson og Gróa Guðbjörg Þorsteinsdóttir sem stóðu sig með afbrigðum vel í þularstarfinu.

Pollaflokkur:

Eydís Lilja Gunnarsdóttir á Eldari frá Gröf og Kristín Alma Valgerðardóttir á Bjarma frá Skipanesi. Þær voru með glæsilega sýningu og endur báðar í langfyrsta sæti. Þær kepptu fyrir Horn Hrossarækt og Skipaskaga.

Barnaflokkur:

Valey Rún Birkisdóttir og Reynir Snær Birkisson, sýndu góð tilþrif með föður sínum ferskum á hliðarlínunni. Þau kepptu fyrir: Vélaleigu Halldórs Sigurðsonar og Bílver.

Unglingaflokkur: Matthildur Svana Stefánsdóttir á Fönn frá Neðra Skarði. Þær áttu glæsilega sýningu og kepptu fyrir Veidifélag Laxár.

Konur:

1. Svandís Lilja Stefánsdóttir á Golu frá Laxholti. – Apótek Vesturlands.
2. Svenja Auhage á Ljúf frá Lambhaga. – Norðanfiskur.
3. Þorbjörg Gunnlaugsdóttir á Finni frá Feti. – Skipaneshestar.
4. Rúna Björt Ármannsdóttir á Dimmu frá Vindheimum. – Sláturfélag Suðurlands.
5. María Hlín Eggertsdóttir á Mekku frá Mel – Hestamiðstöðin Borgatún.

Karlar:

1. Leifur George Gunnarsson á Hlökk frá Kirkjufelli. – Draumhestar slf.
2. Benedikt Þór Kristjánsson á Óskar frá Stað. – Kallabakarí.
3. Brynjar Atli Kristinsson á Ósk frá Akranesi – Sigurður Valgeirsson og Selma Ólafsdóttir.
4. Ármann Rúnar Ármannsson á Bjarma frá Skipanesi. – Hafsteinn Daníelsson
5. Sigurður Arnar Sigurðsson á Nóa frá Garðsauka – Bifreiðastöð PPP.

- **Teymt undir börnum.** Á 17. júní, bæði á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, og á Hvalfjarðardögum tóku nokkrir Dreyrafélagar að sér að teyma undir börnum. Stjórn Dreyra vill þakka þeim sjálfboðaliðum sem tóku þátt og

buðu fram tíma sinn og reiðhross í verkefnið. Teymingarnar eru mikilvægur liður í fjáröflun fyrir félagið og kynna hestamennsku fyrir börnum.



17. júní á Akranesi.

-Nám í Reiðmanninum LBHÍ. Á haustmánuðum í fyrra hófst nám í Reiðmanninum I í reiðhöllinni sem lauk síðan í apríl á þessu ári. Námið er skipulagt á vegum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Það voru 14 Dreyrafélagar sem tóku þátt í náminu. Núna í haust 2023 var boðið upp á nám í Reiðmanninum II og eru 11 nemar að gæða sér á þessu áhugaverða námsefni og kennslu. Vera reiðmannsins í reiðhöllinni þessa tvo vetur skiptir miklu máli fyrir rekstur reiðhallarinnar. Það ánægja meðal nemenda með námið í Reiðmanninum og vonandi mun það halda áfram á næstu árum hér. Það er gaman að sjá hversu vel reiðhöllin er að nýttast og reiðkennararnir eru sammála um að höllin sé sérlega gott kennsluhús, hlýlegt og bjart.

-Reiðhöll. Þó að reiðhöllin sé komin í formlega notkun hjá okkur og mikið notuð þá eru enn eftir nokkur stór verkefni til að gera húsið og innivistina í því betri. Verið er að undirbúa að setja upp vökvunarkerfi fyrir gólfíð, en síðasta árið hefur reiðhallarnefndin notað brunaslöngurnar til að vökva gólfíð. Sú vinna er ærið tímafrek. Einnig vantar betri loftræstingu í húsið og stefnt er að því að setja lofttúður til að bæta inniveruna fyrir fólk og hross. Og síðast en ekki síst vantar dráttartæki til að draga gólfherfið sem keypt var í fyrra, en ýmis farartæki hafa verið notuð til að dráttarins síðustu mánuði. Óskað var eftir kaupum á tæki fyrir fjárhagsáætlun Akraneskaupsstaðar í fyrra en ekkert kom út úr því.

-„**Smástundarhólf**“. Í fyrra ákvað stjórn að kom upp nokkrum „grænum smástundar-hólfum“ á Æðarodda með það að markmiði með að hafa aðstöðu fyrir hross félagsmanna á beit í stutta stund undir eftirliti eiganda sinna, að vori og fram á haust. Þessi hólf eru öllum opin og þau „Á“ engin. Girt voru upp nokkur hólf í fyrra og takmarkið var að klára allt verkefnið á þessu ári. En því miður eins og í fyrra er ekki búið að girða allt svæðið eins og stefnt var að og má helst kenna um hálfgerðri „andlegri bugun“ stjórnarmanna og tímaleysi því þetta verkefni er ekki vinsælt meðal allra á Æðarodda. Til upprifjunar er kveikjan að þessum smástundarhólfum samskiptanúningur á milli hestamanna á vorin og sumrin þar sem heldur mikil „landnemastefna“ hefur verið uppi. Svona grasdeilur hafa oft endað inni hjá stjórn, eða amk í síma formanns, þar sem félagsmenn óska eftir úrlausn á þessu áratugagamla máli. Það er von fráfarandi stjórnar að næsta stjórn geti klárað þetta verkefni því búið er að kaupa eitthvað af girðingarefni. Í sumar voru þó girt upp hólf undir þrónni nyrst á Æðarodda sem ætluð er til leigu sumarlangt ár hvert og leggur stjórn til að heiti þessa svæðis/hólfa verði **Þrætumói**. Loka frágangur á hólfum í Þrætumóa bíður næstu stjórnar og þegar þessu aðstöðuverkefni er lokið þá ættu grasþrætur að vera úr sögunni og allir geta unað sáttir við sitt.

-**Félagsheimilið**. Útleiga á félagsheimilinu hefur gengið mjög vel á þessu ári. Það sem af er starfsársins eru greiddar útleigur orðnar 27 talsins og amk. tvær eftir. Útleigur hafa verið fyrir allt frá smáum fjölskyldubodum, skírnir, brúðkaup, stórafmæli, árshátíðir og árgansmót. Nú þegar eru komnar margar pantanir fyrir næsta ár. Þar sem engin bauð sig fram til að sjá um félagsheimilið var umsjónin í höndum formanns. Á vormánuðum var umsjónaraðilinn aðeins að týna gleðinni yfir álaginu og óskaði eftir sjálfboðaliðum í „Þrifagengi“ til að létta undir vinnunni. Það voru 11 einstaklingar sem buðu sig fram til aðstoðar og höfum við skipts á að þrifa hina ýmsu þrifaverkhlyta í félagsheimilinu eftir þörfum. Þetta fyrirkomulag hefur gengið afar vel og vil ég þakka þessum flottu sjálfboðaliðum margfalt fyrir aðstoðina.

-**Fræðslunefndin** var í miklum ham á árinu og bauð upp á fjölmörg námskeið, bæði í reiðhöll og utan hennar. Þrír reiðkennarar komu og buðu upp á reiðtíma sem voru vel sóttir og dýralæknir var með fræðsluerindi um magasár í hestum. Nefndin bauð síðan upp á fræðsluferð suður á land og heimsótti nokkur hrossaræktarbú.

-**Sameiginleg gæðingakeppni** Dreyra og Harðar í Mosfellsbæ var haldin 20. maí á mótsvæði Harðar. Helstu úrslit: Benedikt Kristjánsson sigraði í 100 m flugskeiði. Í gæðingatölti voru Magnús Karl Gylfason og Birting frá Birkihlíð í 3. sæti og Ólafur Guðmundsson og Eldur frá Borgarnesi í 4. sæti.



Gæðingamót Harðar og Dreyra. Okkar menn, Magnús og Ólafur fyrir miðju.

Í A-flokki var efsti hestur frá Dreyra: Stæll frá Hofsósi og Ólafur Guðmundsson og í B-flokki voru það Birting frá Birkihlíð og Magnús Karl Gylfason. Glæsilegasta hryssa mótsins, frá Dreyra, var áðurnefnd Birting frá Birkihlíð.

-Reiðvegir. Á árinu er nú þegar búið að leggja út fyrir kostnaði fyrir tæpum 5 milljónum vegna viðhalds reiðvega og enn eftir að vinna fyrir um 4 milljónir. Borið var ofan í reiðveginn upp með Berjadalsá, gerðir tveir nýir reiðstígur/bútar á Æðarodda og brjótur fenginn til að vinna á framangreindum reiðvegum ásamt því að fara yfir reiðveg frá Melahverfi að Lambhaga og frá Tungu að Steinsholti. Á næstum vikum verður síðan farið í að lagfæra reiðveg, um 3 km, frá Lambhaga að Galtarholti, en sá reiðvegur hefur verið án viðhalds í um 25 ár. Þetta verkefni er í samræmi við verkáætlun í gildandi samningi við Hvalfjarðarsveit um viðhald reiðvega á þessu kjörtímabili. Vonir standa einnig til að gert verði við reiðveginn bak við áhorfendabrekkuna hér á Æðarodda.

-Nefndateiti Dreyra var haldið 27. október en þá býður stjórn félagsins nefndarfólki og öðrum sjálfbóðaliðum í mat og drukk. Teitið góða fór mjög vel fram og fölskalaus gleði við völd fram eftir kvöldi.

-Stjórn Dreyra þakkar öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári. Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfböðavinnu.

Ég vil þakka félögum mínum í stjórn síðustu tvö árin fyrir sérlega gott samstarf. En að lokum kæru félagar og að gefnu tilefni, þá ég óska þess að við vöndum okkur öll í samskiptum við alla þá sem leið eiga um okkar vegi..., því þá er líklegra að lífið verði betra og skemmtilegra. Hestamennskan og allt það sem henni fylgir er okkar áhugamál og lífstíll, það eitt á að vera ánægjulegt.

9. nóvember 2023

Ása Hólmarsdóttir, formaður stjórnar Hestamannafélagsins Dreyra.



Hnefaleikafélag Akraness
Skýrsla barst ekki í tækatið.

Stjórn Þjóts 2022 - 2023

Sigurlaug Njarðardóttir, formaður
Freyja Þöll Smáradóttir, varaformaður
Hörður Svavarsson, ritari
Jón Þórir Guðmundsson, gjaldkeri
Bjarki Georgsson, meðstjórnandi

Varamenn:

Emma Rakel Björnsdóttir
Áslaug Þorsteinsdóttir

Aðalfundur var haldin 28. mars 2023

Sigurlaug Njarðardóttir setti fundinn. Fundarstjóri var Pétur Georgsson

Á dagsskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Varaformaður las upp ársskýrslu stjórnar sem innihélt samantekt af starfi stjórnar og félagsins, iðkendafjölda, þjálfaramál, þátttöku á mótum og árangur iðkenda og formaður gerði ársreikningum skil. Farið var yfir árið 2020,2021 og 2022 þar sem ekki höfðu verið haldnir aðalfundir vegna Covid. Ársreikningar og ársskýrslur stjórnar voru borin undir fundinn og var allt samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri stýrði kosningum og bar upp þær tillögur sem fyrir lágu.

- Sigurlaug var kosin formaður félagsins.

- Öll stjórn var endurkosin.
- Áslaug Þorsteinsdóttir var kosin um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Emma Rakel Björnsdóttir var kosin um áframhaldandi setu í stjórn félagsins.
- Andrés Ólafsson var kosin endurskoðandi félagsins og honum færðar þakkir fyrir störf hans á liðnu ári.
- Samþykkt var tillaga frá stjórn félagsins um að hækka æfingargjöldin 20.000 og félagsgjöld í kr 2500

Stjórn félagsins starfsárið 2023-2024 er skipuð:

Sigurlaug Njarðardóttir, formaður félagsins

Freyja Þöll Smáradóttir, varaformaður

Hörður Svavarsson, ritari

Jón Þórir Guðmundsson, gjaldkeri

Bjarki Georgsson, meðstjórnandi

Varamenn: Áslaug Þorsteinsdóttir og Emma Rakel Björnsdóttir

Haldnir voru 2 stjórnarfundir á árinu en einnig er stjórn í samskiptum bæði á sameiginlegri facebook síðu og í símtölum.

Styrkir

Þjótur fékk rekstrarstyrk frá ÍF, ÍA og lottótekjur. Einnig fjáröflun við að vinna á þorablóti Skagamanna

Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál

Iðkendafjöldi árið 2023 **24**

Boccia: Þjálfarar voru Freyja Þöll Smáradóttur og Ólöf Guðmundsdóttir. Æfingar voru 2x í viku.

Sund: Þjálfari var Sigurður Sigurðsson. Æfingar voru 2x í viku um vorið 2023 en um haustið var aðeins 1 sundæfing á viku

Sundleikfimi: Þjálfari var Sigurður Sigurðsson. Æfingar voru 1x í viku.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

- Pizzupartý var haldið í maí og desember og tókst vel.
- Aðalstjórnarfundir og Ársþing ÍA
- Fundir framkvæmdarstjórnar og aðildarfélaga

Þátttaka og gengi á mótum

Boccia:


Íslandsmót ÍF í sveitakeppni/Hængsmót á Akureyri: Alls fóru 3 lið frá Þjóti og stóðu allir sig með þryði.

Íslandsmót í einstaklingskeppni: Það fóru 9 keppendur frá Þjóti í Reykjanesbæ á Íslandsmót ÍF í einstaklingskeppni og stóðu allir sig vel. Einn náði á verðlaunapall, Jóhanna Nína Karlsdóttir varð í 3. sæti í 2. deild.

Innanfélagsmót í Boccia: Guðmundur Örn Björnsson stóð upp úr sem sigurvegari.

Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar

- Þjótur vonast til áframhaldandi uppbyggingar á íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar og horfum við þá hvað mest í bættu aðstöðu á Jaðarsbökkum og þá sérstaklega bætt aðstaða fyrir fatlaða í sund. Þjótur hefur komið að hönnun þess svæðis með það að markmiði að aðgengi fyrir fatlaða sé eins og best er á kosið.
- Einnig sjáum möguleikan á tækifærum til að auka starfið með möguleikanum á fjölbreyttara æfingum.



Karatefélag Akraness

ÁRSSKÝRSLA 2023



ALMENNT FRÁ STJÓRN KAK

Karatefélag Akranes hefur verið í nokkru húsnæðisbrasi á þessu ári. Skólaárinu lauk með æfingum í parketsalnum á Jaðarsbökkum. Í ágúst bauðst okkur að fara aftur niður á Vesturgötu í speglasalinn sem við þáðum. Þar teljum við vera heimastöðvar KAK. Húsnæðisvandamál á Vesturgötu urðu til þess að við færum okkur aftur upp á Jaðarsbakka í parketsalinn. Á sama tíma fækkuðum við flokkunum úr þrem í tvo en vorum lánsöm að því leyti að við náðum að halda okkar æfingatímum. Þar ganga æfingar vel en talsvert bras hefur verið á utanumhaldi utan um búnað okkar þar sem þar höfum við ekki sér aðstöðu og reglulega finnum við ekki einhvern búnað. Vonandi verður bót þar á er við komumst aftur á Vesturgötuna.

Á vorönn voru 2 flokkar með x iðkendum en á vorönn var fækkað í 3 flokka og voru skráður x iðkendum.

Sumarið 2023 bauðst elstu iðkendum KAK að sækja æfingar með Þórshamri sem einhverjir þáðu.

Kak stóð fyrir peysupöntun fyrir KAK en slíkt hafði ekki verið gert áður. Prentun fór fram hjá Jako og alls keyptu x börn sér peysu.

Stefnt er á æfingaferð til Noregs sumarið 2024 með elstu iðkendum félagsins. Hafin er söfnun

fyrir ferðinni og er það vona stjórnar að slík ferð verði til þess að styrkja elsta flokkinn en ekki hefur gengið nógu vel að halda elstu iðkendum. Stjórnin hefur lagt áherslu á að efla þann flokk og var því t.d. fjölgað flokkum þar til að þeir elstu nytu sín betur á æfingum.

Gerð var tilraun til þess að byrja með fullorðins æfingar. Eydís Líndal var fengin til starfsins en því miður náðist ekki nægileg skráning til þess að hægt væri að halda af stað. Sú tilraun verður endurtekin síðar þar sem reglulega koma fyrirspurnir varðandi fullorðins æfingar

STJÓRN KAK 2023

Aðalfundur KAK var haldinn 29. mars 2023 í Íþróttahúsinu Jaðarsbökkum. var farið yfir ársskýrslu og fjármál síðasta árs og kjörin ný stjórn.

Talsverðar breytingar urðu á stjórn þar sem formaður, gjaldkeri og meðstjórnandi viku allar úr stjórn

Stjórn KAK árið 2023 skipuðu:

Formaður: Nanna María Elfarsdóttir

Gjaldkeri: Hermína Huld Hilmardóttir

Meðstjórnendur: Elsa Jóna Björnsdóttir og Sólrún Friðlaugsdóttir

ÞJÁLFARAR KAK

Aðalþjálfari KAK á árinu 2023 var Vilhjálmur Þór Þóruson. Aðstoðarþjálfarar er Krístrún Bára Guðjónsdóttir, Eydís Glóð Guðlaugsdóttir og Adam Agnarsson. Villi hefur mikla reynslu í þjálfun í karate og er einnig aðalþjálfari Karatedeildar Breiðabliks og Þórshamars. Vilhjálmur sér um æfingu tvo daga í viku og Krístrún Bára sér um einn dag í viku.

ÞÁTTAKA OG ÁRANGUR Á MÓTUM 2023

Fyrirhugað var að halda tvö mót hér á Akranesi, annars vegar eitt Grand Prix mót og eitt Shotokan mót. Því miður þurftum við að senda frá okkur bæði mótin vegna ástands húsnæðisins á Vesturgötu.

Innanfélagsmót

Ekki var haldið innanfélagsmót þetta árið.

Grand Prix mótarröð KAÍ

Grandprix 1 2023:

Vorum með 8 keppendur. Davíð lenti í 3.sæti í kata 12 ára pílta.

Tómas lenti í 2.sæti í kata 13 ára pílta.

Grandprix 2 2023:

Vorum með 7 keppendur.

Grandprix 3 2023:

Vorum með 4 keppendur.



Reykjavík International Game – RIG

Vorum með 5 keppendur skráða þar.

Íslandsmeistaramót barna í Kata

Vorum með 17 keppendur.

Dariel lenti í 1.sæti í kata 10 ára pílta.

Vilborg lenti í 3.sæti í kata 10 ára stúlkna.



Íslandsmeistaramót unglunga í Kata

Vorum með 6 keppendur

Lentum í 3.sæti í hópkata 12-13 ára.

Davíð lenti í 2.sæti í kata 12 ára pílta.

Jacob lenti í 3.sæti í kata 13 ára pílta.





ÍM Fullorðinna 2023:

Krístúrín keppti á því en lenti ekki á palli

Kata pokalen Stockholm 2023 (Opna sænska):

Krístúrín 3.sæti í kata kvenna U21.

Lenti einnig í 1.sæti í hópkata kvenna með hópkata liði frá Breiðablik.

NM 2023:

Krístúrín lenti í 2.sæti í hópkata kvenna.



Gráðanir

Fyrri gráðun ársins fór fram 27. maí og lauk með bingó og pizzaveislu á þekjuni á Vesturgötu.

Alls gráðuðust 26 börn 27. maí



Seinni gráðun fór fram 13. des á Jaðarsbökkum og lauk með pizzaveislu í hátíðarsal.

Alls gráðuðust 29 börn



KARATEMAÐUR KAK ÁRIÐ 2023

Kristrún Bára Guðjónsdóttir var tilnefnd til kjörs í vali um íþróttamann Akraness árið 2023 frá Karatefélag Akraness.

Kristrún byrjaði að æfa Karate íþróttina 6 ára gömul í KAK. Það sem hefur einkennt hennar karateferil er keppnisskap. Síðan hún var lítil þá hefur hún alltaf keppt á öllum mótum með miklum sigurvilja og ákveðni. Þetta hugarfar hefur svo sannarlega skilað árangri en hún hefur verið afrekskona í íþróttinni síðan hún var táníngur. Án þess að hafa hægt á sínum eigin æfingum er Kristrún í dag einn helsti barna og unglingsþjálfari deildarinnar og algerlega ómissandi í því starfi.

Kristrún Bára hefur staðið sig afar vel á árinu sem er að líða. Hún var valin í landslið Íslands í Kata. Hún keppti á Opna sænska meistarmóttinu í Stokkhólmi og lenti þar í 3. sæti í einstaklingsflokki og fyrsta sæti í hópkata. Hún fór einnig á á Norðurlandamótið í Gautaborg og lenti þar í öðru sæti í hópkata. Þetta er henni besti árangur erlendis hingað til



MIDLUN UPPLÝSINGA OG FRÉTTIR AF FÉLAGINU

KAK notar Sportabler til að miðla upplýsingum til foreldra og setur þar inn upplýsingar um æfingar og æfingar falla niður. Því skiptir miklu máli að foreldrar og iðkendur setji upp Sportabler og eigi þar samskipti við félagið. Einnig setti félagið upp Instagram síðu karate_Akranes til að segja frá fréttum, einnig er facebook síða félagsins notuð fyrir fréttir af starfinu.

Ársskýrsla Keilufélags Akraness 2023

Síðasta ár var viðburðaríkt, ekki bara árangurstengt eins og gjarnan er greint frá í þessari skýrslu heldur einnig vegna lokunar Íþróttahúss Akraneskaupstaðar. Með lokuninni sem var vegna loftgæða, var bönnuð öll starfsemi í húsinu en stefnt er að því að öll félög verði komin aftur með sarfsemi sína í húsið haustið 2024. Þetta hefur sett strik í reikninginn hjá okkur því aðaltekjur okkar hafa verið af brautarleigu en Akraneskaupstaður veitti okkur styrk til að geta sótt æfingar og keppni í Keiluhöllina. Eftir lokun hafa verið æfingar um það bil 2svar í viku og mótaöld eins og venjulega að fráskyldu Íslandsmóti Unglingaliða sem að fellur niður þennan veturinn, alla vega í hefðbundnu sniði. Endurnýjun iðkenda hefur ekki átt sér stað eftir lokun salarins og nokkrir helst úr lestinni en við vonumst til að bæta úr því þegar að opnað verður aftur. Deildarkeppni fullorðinna er þó með sama sniði og einhverjir detta út og gamlir iðkendur koma í staðinn. Pílufélag Akraness hefur verið með aðstöðu hjá okkur og greitt leigu af píluspjöldum á æfingum og mótum ásamt því að við seljum þeim líka píluvörur. Það er stefna okkar og bæjarins að keilusalurinn okkar opni aftur í haust. Foreldraráð Keilufélags Akraness var stofnað á árinu og einbeyta þau sér að því að uppfylltar séu kröfur um aðbúnað barna og ungmenna í keilufélaginu og utan þess. Stjórn þar sitja Rósalind, Fríður, Kolbrún, Jóhanna Eva og Jóhanna.

Dagana 28.jan. til 2.feb. 2023 voru **RIG** leikarnir haldnir. Á tímabili vorum við með 3 iðkendur keilufélagsins í efstu 6 sætunum.

Evrópumót Öldunga (50+) fór fram í Álaborg dagana 28. janúar til 4. Febrúar og var Guðmundur Sigurðsson fulltrúi ÍA.

Íslandsmót Einstaklinga með forgjöf 2023 fór fram 18 – 21.feb 2023. Að venju átti ÍA fullt af þátttakendum. Ágústa Kristín Jónsdóttir lenti í 2.sæti í kvennaflokki en Steinunn Inga Guðmundsdóttir í því 3. Í karlaflokki var Matthías Leó Sigurðsson í 5.sæti.

Í afrekshópi fyrir Evrópumót karla sem haldið var í Wittelsheim í júní byrjun, átti ÍA 3 fulltrúa en að lokum var Magnús Sigurjón Guðmundsson valinn til fararinnar. Árangur karlaliðsins var besti árangur Íslands til þessa. Klárlega því það var Skagmaður þar.

Dagana 4. Til 7.mars fór fram **Íslandsmót öldunga** en rétt til að keppa á því móti eru þeir sem náð hafa 50 ára aldri.

Íslandsmót unglunga fór fram í mars og vorum við að venju með nokkra keppendur. Í 2.

Flokki pílta lenti Matthías Leó í öðru sæti, í 2. Flokki stúlkna náði Nína Rut í fyrsta sæti og í 3ja flokki stúlkna var Særós Erla í fyrsta sæti. Í fjórða flokki stúlkna var Friðmey Dóra í þriðja sæti og í fimmta flokki pílta vorum við með 2 keppendur í tveim efstu sætunum, Baltasar Loki og Davíð Þór. Vel gert hjá unglingunum okkar.

Íslandsmót einstaklinga fór einnig fram í mars og er gaman að segja frá því að elsti keppandinn á mótinu var 74 ára og yngsti 12 ára, það sýnir að keila er fyrir alla.

Evrópumót unglunga í keilu EYC, var haldið í Vínarborg í Austurríki. Matthías Leó Sigurðsson fulltrúi ÍA á mótinu. Besti árangur íslenskra unglunga hingað til en Mikael Aron Vilhelmsson KFR og Hafdís Eva Pétursdóttir ÍR fóru bæði í Masterskeppnina. Þjálfari og aðstoðarþjálfari voru Guðmundur Sigurðsson og Jónína Björg Magnúsdóttir ÍA.

Fyrstu Íslandsleikar Special Olympics í keilu fóru fram 23 og 24.maí. Jóhanna Nína Karlsdóttir ÍA sigraði í sínum flokki. Jóhanna spilar með ÍA-B og eru þau í harðri baráttu að komast uppúr 3ju deildinni á þessu tímabili.

YTC2023 U30 og yngri Ísak tók 300 leik þar.

YTC 2023 15 ára og yngri fór fram í Skotlandi dagana 23. til 28. ágúst. Það er í fyrsta sinn í sögu keppinnar sem að öðrum þjóðum er boðið að taka þátt en annars hafa Írland, Skotland, England og Wales keppt sín á milli. Ísland og Holland tóku einnig þátt. Alls fór frá Íslandi 30 manna hópur 16 keppendur 3 þjálfarar, 1 fararstjóri og 10 forráðamenn. Í fyrsta sinn í keilusögu Íslands er valið landslið U15. Matthías Leó Sigurðsson, Nína Rut Magnúsdóttir og Særós Erla Jóhannudóttir voru valin fyrir ÍA.

Venslasamningur kvenna við karlalið í neðrideildum er nýlunda sem að tekin var upp í september og er liður í að auka þátttöku kvenna í keilu. Þetta hefur komið sér vel fyrir ÍA og allir haft gaman af.

Íslandsmót fór fram í október. Ísak og Katrín í 1.sæti og Magnús og Steinunn í 2.sæti. Ísak tók 300 leik, það er samt nánast hætt að vera frétt næmt.

Íslandsmót í tvímenni var haldið í sama mánuði þar sem að Magnús og Ísak lönduðu sigri eftir harða baráttu og 300 leikur hjá Magnúsi.

Fyrsta umferð **Meistarakeppni ungmenna** fór fram laugardaginn 11. Nóvember. ÍA var með þónokkuð af fulltrúum og þar á meðal 2 keppendur í yngsta flokknum sem voru að taka sín fyrstu skref á keilumóti.

Í nóvember setti Matthías Leó Íslandsmet í fjórum leikjum í flokki 15-16 ára.

Fjáröflunarmót / keilubingó haldið í Egilshöll 3. Desember – jólamót með fullt af vinningum sem margir komu frá Akranesi.

ÍA og KR héldu saman ára-mót þann 30. desember þar sem voru flugeldar í vinning. Mótið var vel lukkað og ágætlega sótt.

Heimsókn - sænska landslið fatlaðra í keilu

Sænska landslið fatlaðra í keilu kom í heimsókn í byrjun September. 4 karlar og 4 konur ásamt 2 þjálfurum komu og kepptu við Íslenska liðið. Tómas Freyr Garðarsson frá ÍA var valinn í íslenska liðið en aðrir komu frá Öspinni. Áttum 3 daga saman með keppni og fórum svo og sýndum þeim Akranesvita í brjáluðu veðri og buðum þeim í Guðlaugu. Mikil ánægja var á báða bóga með þessa heimsókn og mikilvægt að binda slík vináttubönd sem mynduðust. Guðmundur Sigurðsson hefur verið þjálfari á Afrekssviði í vetur en þar stunda 3 ungmenni æfingar þau Matthías Leó Sigurðsson, Tómas Freyr Garðarsson og Nína Rut Magnúsdóttir.

Íslandsmet á árinu

Ísak Birkir Sævarsson setti Íslandsmet í fimm og sex leikjum í flokki 17-18 ára pílta á Vináttuleikunum í Katar

Á Pepsimóti sem fer fram öll sunnudagskvöld setti Matthías Leó Sigurðsson Íslandsmet í flokki 15-16 ára og var með 979 í 4 leikjum eða 244,75 að meðaltali.

Í lok árs valdi stjórn Keilufélagsins Ísak Birki Sævarsson keilumann Akraness og var hann í kjölfarið tilnefndur til íþróttamanns Akraness í janúar 2024.

Klifurfélag Akraness

Skýrsla stjórnar

Rekstur félagsins er að ná jafnvægi eftir stórar breytingar frá fyrra ári þar sem Smiðjuloftið og Þórður(Doddi) hættu rekstri. Akraneskaupstaður leigir aðstöðu sem félagið fær full afnot af en vildi engan þátt taka í daglegum rekstri salarins þar má nefna þrif og viðhald veggs. Einnig var tekið lán til kaupa vegg, klifur grip og annan búnað af smiðjuloftinu upp á rúma milljón.

Stjórn gerði sér strax grein fyrir að þessa kostnaðarliði væri ekki hægt að bæta á æfingagjöld barna því var leitað annarra leiða til að fjármagna rekstur félagsins.

Til að setja hlutina í samhengi þá kostaði rekstur veggs, leiðasmíði 2.550.600 krónur á síðasta ári og kostnaður við þrif var 140.000 krónur.

Farið var út í að leigja sal undir afmæli, liðum á NA mótinu boðið upp að kaupa tíma í salnum og gerðar tilraunir að halda úti tímum fyrir fullorðna.

Það hefur gengið vonum framar og gengur rekstur því ágætlega í dag.

Lorenzo sá um æfingar elsta hóp auk þess að sinna leiðasmíði til loka ársins 2023 en þá þurfti hann snú til heimalandsins vegna veikinda móður sinnar, Ágústa var þá fengin í verkið og hefur hún séð um þjálfun elsta hóp og leiðasmíði frá ársbyrjun 2024.

Kristín Halldórs hefur séð um þjálfun yngri hópa með aðstoð frá iðkendum úr elsta hóp, það fyrirkomulag virðist vera virka mjög vel.

Kristín tók einnig að sér að sjá um útleigu á salnum vegna afmæla.

Iðkendafjöldi hefur örlítið aukist frá fyrra ári og má þar helst þakka breytum æfingátímum yngri flokka. Góður kjarni er í elsta hóp og hefur hluti þess hóps verið virkur í keppnum hér á landi auk þess að hafa farið erlendis á vegum KÍ og tekið þátt í alþjóðakeppnum.

Klifrið á Akranesi á því bjarta framtíð

Stjórn Klifurfélags ÍA

Knattspyrnufélag ÍA

Ársskýrsla 2023



Almennt

Árið 2023 reyndist okkur Skagamönnum gott og einkenndist af góðum árangri í okkar starfi.

Starfsemi KFÍA er mjög mikil og öflug. Til þess að halda áfram að efla okkar starf enn betur er mikilvægt að hlúa vel að starfsmönnum félagsins og búa þeim gott vinnuumhverfi. Mikið af sjálfboðaliðum vinna öflugt starf, stjórnarmenn, foreldrar, iðkendur ofl., án þeirra væri ekki hægt að reka félagið.

Árangur meistaraflokka félagsins á árinu var frábær, eftir dapurt gengi árið 2022. Meistaraflokkur karla vann Lengjudeildina og spilar meðal þeirra bestu í sumar. Meistaraflokkur kvenna vann sig upp um deild og spilar í 1. deildinni í sumar.

Jón Þór Hauksson var áfram þjálfari mfl. karla og leiddi liðið áfram með sínu teymi, en hann tók við liðinu í byrjun árs 2022. Miklar breytingar urðu á leikmannahópnum og margir ungir leikmenn fengu stærra hlutverk. Jón Þór og hans teymi unnu frábært starf á árinu og árangurinn eftir því.

Magnea Guðlaugsdóttir stýrði mfl. kvenna áfram og var á sínu þriðja ári með liðið. Liðið er mjög ungt og deildin einkenndist af harðri baráttu allt til lokaleiks. Magnea vann gífurlega gott starf með sínu teymi í því að koma þessu unga liði upp um deild. Magnea hefur nú látið af störfum og KFÍA þakkar henni fyrir vel unnin störf og óskar henni góðs gengis á nýjum vettvangi.

Í ljósi sveiflukennds árs 2022 þar sem árangur meistaraflokkanna var undir væntingum þá ber að fagna þeim árangri sem náðst hefur og hvernig brugðist var við. Enn og aftur sýnir félagið styrk sinn þegar á móti blæs.

Félagið fór í naflaskoðun eftir þá stefnumótunarvinnu sem unnin var á árinu 2022 og innviðir félagsins voru styrktir, m.a. með fjölgun þjálfara í yngri flokkum.

Til að halda úti faglegu og góðu starfi er mikilvægt að innviðir og grunnstoðir séu öflugar. Mikilvægt er að veita gott aðhald að því faglega starfi sem er unnið. Það er m.a. hlutverk stjórnar að sjá til þess að búa til gott vinnuumhverfi og farið sé eftir stefnu félagsins.

Starf yngri flokka félagsins er frábært og það mótast af því uppeldisstarfi sem lagt er upp með og þeim kröfum sem iðkendur, foreldrar, starfmenn og stjórnarmenn félagsins setja sér. Hjá félaginu starfa vel menntaðir og færir þjálfarar. Iðkendafjöldinn er nánast sá sami og í fyrra og við viljum gera betur í að fjölga iðkendum og þá sérstaklega kvennamegin.

Það er kostnaðarsamt að reka íþróttafélag í dag og miklar kröfur eru gerðar um að starfið sé öflugt og faglegt á allan hátt. Til þess að endar nái saman er nauðsynlegt að eiga góða styrktaraðila, sem er annt um félagið. Þessum styrktaraðilum þökkum við fyrir frábæran stuðning.

Stuðningsmenn KFÍA eru gífurlega mikilvægir og hafa sýnt margoft að þeir geta gert gæfumuninn. Félagið þarf að halda vel utan um stuðningsmennina og búa til umgjörð og vettvang til þess að það sé eftirsóknarvert að mæta á völlinn og hvetja liðin okkar.

ÍA er stórt nafn í íslenskri knattspyrnu. Saga félagsins er frábær og sá árangur sem við höfum náð segir allt um það. Við eigum að nýta söguna sem meðbyr en einnig til að búa til nýja sögu sem við getum verið stolt af.

Félagið vill þakka starfsfólki, þjálfurum, sjúkraliði, liðsstjórum, leikmönnum, iðkendum, dómurum og síðast en ekki síst sjálfboðaliðum fyrir óeigingjarnt starf fyrir félagið sem er ómetanlegt.

Starfsmannamál

Á skrifstofu knattspyrnufélags ÍA var ráðinn nýr framkvæmdastjóri í upphafi árs, Eyjólfur Vilberg Gunnarsson, eftir að Geir Þorsteinsson lét af störfum. Páll Guðmundur Ásgeirsson er skrifstofustjóri. Haraldur Hróðmarsson var ráðinn teymisstjóri 11 manna bolta ásamt því að sinna starfi aðstoðarþjálfara meistaraflokks karla og Skarphéðinn Magnússon tók við teymisstjórn 7 og 8 manna bolta og þjálfaði yngri flokka að auki í fullu starfi. Í nóvember tók Aron Ýmir Pétursson við af Haraldi sem teymisstjóri 11 manna bolta þegar Haraldur lét af störfum hjá félaginu. Auk þeirra voru 4 þjálfarar yngri flokka í fullu starfi auk styrktarþjálfara. Alls störfuðu á þriðja tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2023 að aðstoðarþjálfurum yngri flokka meðtöldum.

Þjálfari meistaraflokks karla var Jón Þór Hauksson og meistaraflokks kvenna Magnea Guðlaugsdóttir. Aldís Ylfa Heimisdóttir starfaði sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna ásamt því að sinna þjálfun 2. flokks kvenna þar til hún fór í fæðingarorlof á fyrri hluta ársins. Þá tóku við hennar hlutverki Bryndís Rún Þórólfsdóttir og Unnur Ýr Haraldsdóttir og skiptu því með sér. Magnea Guðlaugsdóttir lét af störfum sem þjálfari meistaraflokks kvenna í október, Haraldur Hróðmarsson sem aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna og teymisstjóri 11 manna bolta, Hallur Freyr Sigurbjörnsson sem styrktarþjálfari og Daníel Þór Heimisson sem liðsstjóri meistaraflokks karla til margra ára, er þeim þakkað góð störf fyrir Knattspyrnufélag ÍA.

Stjórn og Barna- og unglingaráð

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA hélt 14 fundi á starfsárinu. Eftir síðasta aðalfund og verkskiptingu var stjórn félagsins þannig skipuð (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

- 1 Eggert Herbertsson (2023), formaður,
- 2 Sigurður Þór Sigursteinsson (2023), varaformaður,
- 3 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (2022), formaður Barna- og unglingaráðs,
- 4 Lára Dóra Valdimarsdóttir (2023), ritari,
- 5 Ellert Jón Björnsson (2022)
- 6 Lilja Gunnarsdóttir (2023),
- 7 Ingimar Elí Hlynsson (2023),
- 8 Freydís Bjarnadóttir (2023),
- 9 Jóhannes Smárason (2023)

Í framkvæmdastjórn sátu Eggert Herbertsson, Sigurður Þór Sigursteinsson og Linda Dagmar Hallfreðsdóttir.

Stjórn skipaði eftirtalda í meistaraflokksráð:

Meistaraflokksráð karla

- Reynir Leósson, formaður, Ragnar Þór Gunnarsson, Eggert Herbertsson, Ingimar Elí Hlynsson

Meistaraflokksráð kvenna

- Jóhannes Smárason, formaður, Lára Dóra Valdimarsdóttir, Heiðrún Sara Guðmundsdóttir


Barna-og-unglingaráð hélt 12 fundi á starfsárinu. Í ráðinu sátu (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

- 1 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (2022), formaður,
- 2 Berta Ellertsdóttir (2022), ritari
- 3 Anna María Þórðardóttir (2022),
- 4 Sædís Alexía Sigmundsdóttir (2023),
- 5 Andri Lindberg Karvelsson (2023),
- 6 Ívar Orri Kristjánsson (2023)
- 7 Örn Arnarson (2023)

Kjörnefnd var skipuð þeim Magnúsi D. Brandssyni formanni, Margréti Ákadóttur og Þórði Guðjónssyni.

Skipurit Knattspyrnufélag ÍA

Janúar 2021



Fjármál og rekstur

Tap var á hefðbundinni starfsemi í rekstri Knattspyrnufélags ÍA á starfsárinu sem nam rúmum 13 m.kr. Með tekjum af samningum vegna sölu leikmanna varð hins vegar jákvæð niðurstaða á rekstrinum sem nam 88 m.kr. Rekstrartekjur af hefðbundinni starfsemi voru rúmar 285 m.kr. (2022: 232 m.kr.) en rekstrargjöld rúmar 298 m.kr. (2022: 294 m.kr.). Hagnaður vegna samninga um sölu á leikmönnum var um 97 mkr. (2022: 73 m.kr.) sem þýðir eins og áður sagði jákvæða niðurstöðu ársins upp á 88 m.kr. að teknu tilliti til fjármagnsliða.

Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir mjög vel á árinu 2023. Knattspyrnufélag ÍA tók þátt í öllum mótum á vegum KSÍ auk Faxaflóamóta. Félagið tók þátt í Norðurlásmótinu, Orkumótinu og TM mótinu í Eyjum, N1 mótinu á Akureyri, Síamótinu í Kópavogi og Rey Cup, auk dags móta.

Samantekt um árangur yngri flokka

2. flokkur kvenna 2.fl kvk var með 1 lið í Íslandsmótinu, spiluðu þær 12 leiki og enduðu í 4.sæti í sinni deild. Tóku einnig þátt í Bikarkeppninni. Þjálfarar liðsins voru Bryndís Rún Þórólfsdóttir og Unnur Haraldsdóttir

2. flokkur karla; 2.fl kk var með tvö lið í Íslandsmótinu. A1 lið spilaði 9 leiki í A deild í lotu 1 og 2 og lentu í 8. og 9.sæti, 9 leiki í B deild í lotu 3 og lentu í 3.sæti Einnig tóku þeir þátt í Bikarkeppninni og komust í 8 liða úrslit.

A2 lið spilaði 5 leiki í D deild í lotu 1 og lentu í 4.sæti, spilaði 4 leiki í D deild í lotu 2 og lentu í 1.sæti og komust upp um deild, spilaði 7 leiki í C deild í lotu 3 og lentu í 6.sæti.

12 leikmenn 2.fl tóku þátt í leikjum Kára á Íslandsmótinu í 3.deild í sumar,

9 leikmenn tóku þátt í leikjum Skallagríms í 4.deildinni,

5 leikmenn með mfl.kk ÍA eru á 2.flokks aldri. Þjálfarar flokksins voru Aron Ýmir Pétursson, Kári Steinn Reynisson og Andri Júlíusson. ÍA var skráð til leiks með sameiginlegt liði ÍA, Kára og Skallagríms.

3. flokkur kvenna; var með 1 lið í Íslandsmótinu. Í lotu 1 var spilað í C deild og enduðu þær í 5.sæti, lotu 2 í 2.sæti og komust upp um deild, í lotu 3 spiluðu þær í B deild og enduðu í 4.sæti. Flokkurinn fór í æfingaferð til Spánar í sumar og kepptu á móti þar. Liðið stóð sig mjög vel og spiluðu til úrslita á mótinu en töpuðu í úrslitaleik. Þjálfari flokksins var Baldvin Ingimar Baldvinsson.

3. flokkur karla; sameiginlegt A lið ÍA og Skallagríms var með 3 lið í Íslandsmótinu.

A lið - spilaði í 1.lotu í A deild og enduðu í 6.sæti, lotu 2 í A deild og lentu í 2.sæti, lotu 3 í A deild og enduðu í 6.sæti A liðið komst í undanúrslit í Bikarkeppni og töpuðu þar á móti KA.

B lið endaði í 5.sæti í sinni deild. C lið endaði í 2.sæti í sinni deild. Liðið spilaði undanúrslitaleik í úrslitakeppni við Fylki, sem þeir töpuðu.

3.fl kk fór í æfingaferð til Spánar í sumar sem heppnaðist mjög vel. Þjálfarar flokksins voru Elínbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson.

4. flokkur kvenna; var með 2 lið í Íslandsmótinu og spiluðu bæði lið 14 leiki. A lið spilaði í B riðli og lenti í 8.sæti. C lið spilaði í B riðli og lenti í 7.sæti. Þjálfarar flokksins voru Unnar Þór Garðarsson og Samira Suleman.

4. flokkur karla; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms var með 4 lið í Íslandsmótinu og spiluðu öll lið 14 leiki. A lið spilaði í A riðli og lenti í 4.sæti. Spiluðu einnig í Bikarkeppninni en komust ekki áfram. B lið lenti í 7.sæti í sínum riðli. C lið lenti í 7.sæti í sínum riðli. D lið lenti í 8.sæti í sínum riðli. 4.fl keppti á ReyCup 26.-30.júlí s.l. og var ÍA með 3 lið á mótinu. A liðið lenti í 3.sæti eftir sigur á Breiðabliki, en liðið keppti á móti Blackburn í undanúrslitum. 12 erlend lið tóku þátt í mótinu. Þjálfarar flokksins voru Björn Sólmar Valgeirsson, Sigurður Jónsson og Dino Hodzic.

5. flokkur kvenna; var með 3 lið í Íslandsmótinu. A lið lenti í 6.sæti í sínum riðli.

B lið lenti í 6.sæti í sínum riðli. C lið lenti í 4.sæti í sínum riðli. 5.fl.kvk fór á TM mótið í Eyjum með 3 lið og spilaði hvert lið 10 leiki þar. C liðið vann Þórunnar Sveinsbikarinn í sínum riðli. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar Valgeirsson.

5. flokkur karla; var með 6 lið í Íslandsmótinu. A lið vann alla sína leiki í sínum riðli og unnu Breiðablik í undanúrslitum. A lið spilaði til úrslita um Íslandsmeistaratitil í 5.fl, töpuðu þar fyrir Stjörnunni og lentu í 2.sæti í Íslandsmótinu. B lið lenti í 4.sæti í sínum riðli. C lið lenti í 6.sæti í sínum riðli. D lið lenti í 2.sæti í sínum riðli og spilaði undanúrslitaleik við FH um úrslitaleik, töpuðu þar í æsi spennandi vítaspyrnukeppni. E lið lenti í 1.sæti í sínum riðli og spilaði undanúrslitaleik við Þrótt, þar sem þeir töpuðu. F lið lenti í 3.sæti í sínum riðli.

5.fl.kk fór á N1 mótið með 6 lið og spilaði hvert lið 9 leiki, lið 2 lið lenti í 2.sæti og lið 4 í 3.sæti í sínum styrkleikaflokkum. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon og Aron Ýmir Pétursson.

6. flokkur kvenna fór á Síamamótið og lenti liðið - ÍA Cecelía í 1.sæti og ÍA Alexandra J lenti í 2.sæti í sínum styrkleikaflokkum. 6.fl.kvk yngra ár tók þátt í Norðurlásmótinu sem gesta lið með tvö lið. Flokkurinn tók einnig þátt í dagsmótum. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar Valgeirsson.

6. flokkur karla; 6.fl kk eldri fór með 2 lið á Orkumótið, gekk vel og spiluðu liðin 10 leiki. 6.fl kk yngri fór á Set mótið Selfossi með 3 lið. Gekk vel og spilaði hvert lið 10 leiki. Flokkurinn tók einnig þátt í dagsmótum. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon og Aron Ýmir Pétursson.

7. flokkur kvenna fór á Síamótið í Kópavogi. Liðið -ÍA Sara Björk, lenti í 1.sæti og ÍA Glódís lenti í 3.sæti í sínum styrkleikaflokkum. 7.fl.kvk vann háttvísisverðlaun á mótinu. Flokkurinn tók þátt í Norðurlásmótinu og var með 4 lið á mótinu, ekki er keppt til verðlauna þar og var mikil gleði á því móti, öll lið upplifðu sigra og töp og eru reynslunni ríkari. Flokkurinn tók einnig þátt í dagsmótum. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar Valgeirsson.

7. flokkur karla fór á Norðurlásmótið með 8 lið – ekki er keppt til verðlauna þar og var mikil gleði á því móti, öll lið upplifðu sigra og töp og eru reynslunni ríkari. Flokkurinn fór einnig á Hamingjumót Víkings, Vormót Þróttar og TM mót Stjórnunnar. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon og Aron Ýmir Pétursson

8. flokkur karla og kvenna eldra ár, tóku þátt í Norðurlásmóti og margir að stíga sín fyrstu skref í keppnum. Þjálfarar flokksins voru Gísli Freyr Brynjarsson og Hjördís Brynjarisdóttir.

Félagið leggur sig fram um að félagsstarfið sé gott og að iðkendur séu ánægðir, hafi gaman að spila fótbolta og fái verkefni við hæfi.

Öllum krökkunum og öllum þeim sem að starfinu koma er þakkað fyrir frábært samstarf á árinu.

Fjöldi iðkenda

Eftirfarandi töflur sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum í lok árs 2023 hjá Knattspyrnufélagi ÍA og samanburð síðustu ára:

Flokkur KK	2023	2022	2021	Munur milli ára
2 flokkur	52	51	41	1
3 flokkur	42	47	54	-5
4 flokkur	72	55	47	17
5 flokkur	47	52	60	-5
6 flokkur	45	45	45	0
7 flokkur	49	45	47	4
8 flokkur	42	70	48	-28
Samtals	349	365	342	-16

Flokkur KvK	2023	2022	2021	Munur milli ára
2 flokkur	16	12	12	4
3 flokkur	25	18	15	7
4 flokkur	30	32	31	-2
5 flokkur	29	31	23	-2
6 flokkur	33	32	22	1
7 flokkur	23	22	25	1
8 flokkur	19	14	17	5
Samtals	175	161	145	14

Samtals iðkendur	524	526	487	-2
-------------------------	-----	-----	-----	----

Árið 2022 voru 526 iðkendur að æfa hjá félaginu en í lok árs 2023 voru 524 iðkendur. Líkt og sjá má í töflunni var mikil hækkun á milli ára 2021 og 2022 í iðkendafjölda en fækkun varð í 8.flokki karla á síðast ári þar sem breytingar voru gerðar á æfingatíma í Íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum vegna framkvæmda á húsnæði á Vesturgötu.

Norðurálmótið 2023

Norðurálmótið var haldið í 38. sinn á Akranesi dagana 22.-25.júní. Mótið hófst með keppni í 8. flokki barna. Föstudaginn 23. júní var mótið sett formlega með skrudgöngu og setningu. 7. flokkur barna keppti frá 23. – 25.júní og var þetta í fyrsta skipti sem 7. flokkur stúlkna tók þátt í mótinu. Alls tóku þátt um 1.800 börn þátt í Norðurálmótinu í ár, mótið er eitt það fjölmennasta á Íslandi.

Norðurálmótið er skipulagt á forsendum iðkenda, með það í huga að allir séu með í leiknum til að skapa jákvæða og skemmtilega upplifun barna sem eru að stíga sín fyrstu skref í fótbolta.

Viðburði eins og Norðurálmótið er ekki hægt að halda nema með öllu því góða fólki sem leggur á sig mikla vinnu svo þetta fari sem best fram. Ekki má gleyma styrktaraðilum sem leika mikilvæg hlutverk en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.



Donna- og Stínubikarinn

Á hverju ári eru verðlaun veitt einstaklingum í 3.flokki vegna framúrskarandi árangurs sem og að vera fyrirmyndar einstaklingur á öllum sviðum félagsins.

Donnabikarinn er afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla og var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Arnór Valur Ágústsson hlaut Donnabikarinn árið 2023.

Stínubikarinn er afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka kvenna og var fyrst afhentur árið 2015. Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Hugrún Stefnisdóttir hlaut Stínubikarinn árið 2023.



Meistaraflokkur karla



Meistaraflokkur karla lék í Lengjudeildinni sumarið 2023 og enduðu í 1. sæti deildarinnar og því Lengjudeildarmeistarar. Liðið mun því leika í Bestu deildinni árið 2024. Á myndina vantar leikmennina Steinar Þorsteinsson og Albert Hafsteinsson ásamt Daníel Þór Heimisson liðsstjóra.

Á síðustu leiktíð spilaði liðið 29 keppnisleiki í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Lengjudeildinni.

Að meðaltali mættu 381 áhorfendur á heimaleiki liðsins í Lengjudeildinni og voru áhorfendur samtals 4192 á leiki liðsins sumarið 2023.

Þjálfarar liðsins voru Jón Þór Hauksson og Haraldur Árni Hróðmarsson, sjúkráþjálfari Mario Majic, styrktarþjálfari Hallur Freyr Sigurbjörnsson og markmannsþjálfari Skarphéðinn Magnússon.

Meistaraflokkur kvenna



Meistaraflokkur kvenna spilaði í 2. deildinni sumarið 2023 og lauk keppni í 2. sæti eftir mikla baráttu í lokaumferðunum. Liðið fór upp um deild og spilar í Lengjudeildinni árið 2024.

Á síðustu leiktíð spilaði liðið 26 keppnisleiki í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og 2. deildinni.

Áhorfendur á leiki í 2.deildinni voru á bilinu 100 – 150 á leik.

Þjálfarar liðsins voru Magnea Guðlaugsdóttir, Aldís Ylfa Heimisdóttir, Bryndís Rún Þórólfsdóttir og Unnur Haraldsdóttir, sjúkráþjálfari Mario Majic og styrktarþjálfari Hallur Freyr Sigurbjörnsson. Liðsstjóri var Dagný Halldórsdóttir.

Landsliðsverkefni

Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2023

Birkir Hrafn Samúelsson U15 – Æfingaleikir við Ungverjaland 27.ágúst – 1.september

Viktor Gaciarski – U15 – UEFA Development í Póllandi 1-7 okt

Sunna Rún Sigurðardóttir U17 – Undankeppni EM í Póllandi 7-19.okt
U16 Norðurlandamót í Svíþjóð 5.-13.Júlí

Daníel Ingi Jóhannesson U17 – Milliriðil EM í Wales 19. – 28.mars

Arnór Valur Ágústsson U17 – Telki Cup æfingamót í Ungverjalandi 14 – 20 ágúst
Logi Mar Hjaltsted U19 – Æfingamót - Slovenia Cup 4. -13.September
Haukur Andri Haraldsson U19 – Milliriðil EM í Englandi 19.-29.mars og Lokakeppni EM í Möltu
30.júní – 16.júlí

Einnig á félagið fulltrúa sem hafa verið að spila fyrir A-landsliði Íslands sem spila nú með erlendum félögum:

Arnór Sigurðsson - Blackburn
Hákon Arnar Haraldsson – Lille
Ísak Bergmann Jóhannesson - Fortuna Dusseldorf
Stefán Teitur Þórðarson - Silkeborg IF

Dómarar og dómgæsla

Áfram eigum við dómara og eftirlitsmenn í fremstu röð á landinu, en á árinu 2023 störfuðu 19 dómarar og eftirlitsmenn fyrir hönd Knattspyrnudómarafélags Akraness (KDA) í leikjum á vegum KFÍA, KSÍ og UEFA.

Ívar Orri Kristjánsson og Egill Guðvarður Guðlaugsson eru áfram á FIFA lista yfir dómara og aðstoðardómara og fastagestir bæði í Bestu deild karla og fyrir utan landsteinana.

Ívar til dæmis dæmdi leiki í forkeppni Sambandsdeilar UEFA, tók U-21 landsleik í Sviss og dæmdi á tveimur U-19 mótum sem haldin voru í Írlandi og Norður Írlandi.

Egill átti sömuleiðis 2 leiki í undankeppni Sambandsdeildar UEFA og fór meðal annars til Kasakstan að dæma leik FK Ordabasy og Legia Warsaw. Egill dæmdi svo leiki Liverpool – Porto og Celtic – Lazio í UEFA Youth League ásamt því að hafa farið í U19 túrningu í Póllandi.

Þórður Þorsteinn Þórðarson steig sín fyrstu skref í Bestu deild karla (með flautuna) er hann dæmdi sinn fyrsta leik í Bestu deild karla í Keflavík, þegar heimamenn tóku á móti Fylki, Þórður var einnig valinn besti dómari Bestu deildar kvenna annað árið í röð.

Eftirlitsmenn frá KDA eru tveir, þeir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, sem er áfram formaður dómaranefndar KSÍ og situr í Aðalstjórn KSÍ og Ólafur Ingi Guðmundsson.

Á árinu 2023 gengu 3 nýir dómarar til liðs við KDA, það eru þeir Jóhann Pétur Pétursson, Mikael Ívan Axelsson og Óðinn Gunnarsson.

Aðrir sem komu að mikilvægum störfum í leikjum KSÍ og KFÍA voru: Arnþór Helgi Gíslason, Elvar Smári Arnarsson, Daniel Victor Herwigsson, Gilmar Þór Benediktsson, Guðmundur Valgeirsson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Helgi Ólafsson, Helgi Sigurðsson, Ragnar Heimir Gunnarsson, Uchechukwu Michael Eze og Viktor Ýmir Elíasson.

Samfélagsmiðlar félagsins

Heimasíða félagsins (www.kfia.is), fésbókarsíða, Instagram og Twitter eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild. Heimasíða Norðurlásmótsins er www.nordurlasmot.is og fésbókarsíða, þar sem upplýsingum er miðlað til þátttakenda í mótinu.

Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 60 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

Akraneskaupstaður	Norðurál ehf.
Brim hf.	Margt Smátt
Elkem Ísland ehf.	Flóki invest ehf.
Íslandsbanki hf.	Bónus
Norðanfiskur ehf.	Olíuverslun Íslands hf.
Höldur - Bílaleiga Akureyrar	Stay West / Ritari.is
Ölgerðin	Sterkir Skagamenn
Sjóvá Almennar	Byggingafélagið Bestla ehf.

Hópurinn Sterkir Skagamenn, sem stofnaður var vorið 2018, lagði félaginu til allar sínar tekjur en þeirra var aflað með árgjaldi. Sterkir Skagamenn hittast í fundarsalnum á Jaðarsbökkum fyrir heimaleiki til að spjalla og styðja liði

Aðalfundur og viðurkenningar 2023

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 20. febrúar 2023 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum heiðursviðurkenningar félagsins:

Heiðursmerki ÍA:

Pálmi Haraldsson

Pálmi hefur verið iðkandi, afreksmaður, stjórnarmaður, stuðningsmaður og styrktaraðili frá blautu barnsbeini. Pálmi hóf knattspyrnuíðkun á neðri Skaga og trúir enn að hann hafi ýmislegt fram að færa. Það er ansi oft sagt í góðra vina hópi þegar eitthvað vantar upp á spilamennsku okkar meistaraflokks- eigum við ekki bara að hringja í Pálma – og það án gríns. Pálmi er leikjahæsti leikmaður ÍA með 489 leiki og þar af 219 í deildarkeppni. Hann á 56 landsleiki með yngri landsliðum Íslands.

Hallbera Guðný Gísladóttir

Hallbera hefur lagt knattspyrnuskóna á hilluna eftir afar farsælan feril og við Skagamenn teljum okkur eiga mikið í velgengni hennar og frama. Hún spilaði árin 2004-2005 með mfl kvenna. Síðan þá hefur frægðarsól hennar risið og hún hefur verið lykil leikmaður með íslenskum landsliðum í fjölmörg ár, spilaði 131 A-landsleik, samtals 149 landsleiki. Hún á 400 KSÍ leiki skráða, sem verður að teljast frábær árangur.

Kári Steinn Reynisson

Kári Steinn er annar einstaklingurinn af 1974 árganginum sem við heiðruðum að þessu sinni. Kári Steinn hefur verið frábær liðsmaður og farið fyrir sínu liði með baráttu og trú sem hefur smitað allt í kringum sig. Kári á skráða 294 leiki hjá KSÍ og þar af alla í A-deild eða öðrum keppnum. Hann vildi bara spila meðal þeirra bestu eins og segir. Kári vill hafa gaman í kringum sig, það hefur margoft komið fram og haft er eftir honum í Knattspyrnubænum eftir Björn Þór, þegar hann var beðinn um að tjá sig um æfingar vetrarins að þetta hefur verið „erfiður og leiðinlegur vetur“. Hver ljáir honum það. Síðan Kári hætti að spila hefur hann setið í stjórn Barna- og unglingaráðs og þjálfað hjá félaginu og var annar af þjálfurum 2.flokks karla tímabilið 2022-2023.

Guðjón Heiðar Sveinsson

Guðjón Heiðar eða Gutti eins og hann er þekktur á Skaganum spilaði sína fyrstu leiki fyrir ÍA og í meistaraflokki í Landsbankadeildinni árið 2000, þá 20 ára gamall. Hans ferill stóð til 2012 og á hann skráða 309 leiki hjá KSÍ sem eru um 400 leikir í heildina fyrir ÍA á hans ferli. Í kjölfarið á leikmannuferli þjálfaði Gutti hjá félaginu í mörg ár við góðan orðstýr og væntir félagið þess að hann snúi fljótlega til baka í þjálfun.

Gullmerki ÍA:

Þórður Guðjónsson

Þórður hlýtur gullmerki ÍA fyrir hans frábæra starf fyrir félagið. Doddi er einn af neðri Skaga atvinnuönnunum sem ólst upp á Merkurtúni og mótast þaðan sem knattspyrnumaður. Hann hóf feril sinn með meistaraflokki árið 1990, þá á 17.ári, spilaði í heildina 148 leiki með Skagamönnum og skoraði í þeim 40 mörk. Doddi átti frábæran landsliðsferil, spilaði 92 landsleiki og skoraði 29 mörk. Ferill hans sem atvinnumaður varð einnig farsæll. Hann kom síðan til starfa fyrir félagið og var framkvæmdastjóri knattspyrnufélagsins við góðan orðstýr. Knattspyrnufélagi ÍA er heiður af því að veita Dodda Guðjóns Gullmerki félagsins.

Sigurður Jónsson

Sigurður Jónsson hlýtur gullmerki ÍA fyrir hans frábæra starf fyrir félagið. Sigga Jóns þarf ekki að kynna fyrir Skagamönnum, svo vel þekkjum við hans sögu og hans aðkomu að knattspyrnunni á Akranesi. Siggi hefur nú starfað fyrir ÍA sem þjálfari í rúmlega 8 ár og sjáum við fingraför hans alls staðar í okkar starfi, hvort sem það er yngri flokkastarf, meistaraflokksstarf eða leikmenn sem hafa orðið atvinnumenn, alls staðar er nafn Sigga ofarlega á blaði. Hann á skráða 186 leiki með ÍA og skoraði í þeim 35 mörk. Hann á skráða 72 landsleiki, þar af 65 með A-landslíði Íslands. Hans goðsögn mun lifa með félaginu um ókomna tíð. Knattspyrnufélagi ÍA er heiður af því að veita Sigga Jóns Gullmerki Knattspyrnufélags ÍA.

Jónína Halla Víglundsdóttir og Haraldur Ingólfsson

Jóna og Haddi komið að flest öllu því sem Knattspyrnufélag ÍA stendur fyrir, hvort sem það er að alast hér upp sem leikmenn í yngri flokka starfi, spila fyrir meistaraflokka félagsins og vinna titla, spila landsleiki fyrir Íslands hönd, eða síðar koma að því að vinna óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf, ala börn upp í félaginu og veita þeim og félaginu það aðhald sem þarf til að ná árangri. Þau eiga saman 341 skráðan leik með meistaraflokkum ÍA, þau hafa skorað 110 mörk í þessum leikjum, Jóna með ca. 40% nýtingu en Haddi bara með um 25% nýtingu. Þau eiga 70 landsleiki skráða og hafa skorað í þeim 18 mörk. Í dag standa þau þétt við bakið á félaginu og er það Knattspyrnufélagi ÍA mikill heiður að veita Jónínu Höllu Víglundsdóttur og Harald Ingólfssyni Gullmerki Knattspyrnufélags ÍA.

Ársskýrsla Kára 2023



Stjórn Kára 2023

Stjórn Kára var skipuð á aðalfundi félagsins eftirfarandi meðlimum: Sveinbjörn Geir Hlökkversson formaður, Valdimar Kristmunds Sigurðsson gjaldkeri, Ólafur Már Sævarsson ritari, Eyþór Ólafur Frímannsson meðstjórnandi, Valgeir Valdi Valgeirsson meðstjórnandi, Teitur Pétursson varamaður og Helga Sif Halldórsdóttir varamaður.

Káramenn hófu tímabilið með nýjum þjálfurum, en þeir Aron Ýmir Pétursson og Andri Júlíusson tóku við þjálfara keflinu og samstarfið við KFÍA eftt til muna, en auk þess að þjálfra Kára voru þeir báðir í þjálfarateymi 2.flokks ÍA ásamt Kára Stein Reynissyni. Með þessum breytingum var kominn góður grundvöllur til að nýta mun betur samstarf Kára og ÍA varðandi uppbyggingu og skipulag varðandi unga og efnilega leikmenn frá 2.flokki ÍA.

Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem er heildsöluaðili fyrir Nike á Íslandi og sér liðinu fyrir keppnis- og æfingafatnaði, en félagið hélt einnig samningi við Altis varðandi æfinga og keppnisbolta félagsins.

Fjárafilanir og fjárhagsleg staða

Árið 2023 var með sínar áskoranir, en ljóst að vegna samnings félagsins við KFÍA varðandi þjálfaramál yrði óvissan í fjármálum minni, en KFÍA tók að sér að stýra þjálfaramálum á móti vinnuframlagi leikmanna og stjórnar Kára. Á móti hefur kostnaður við mótahalda á síðustu árum aukist mikið, en KSÍ innheimtir í dag ferðajöfnunarkostnað, þáttökukostnað og dómarakostnað sem er farið að telja hátt hjá minni félögum. Ferðakostnaður var einnig stór liður enda ferðalög fram undan á Blönduós, Grenivík og til Vestmannaeyja.

Fjárhagsleg staða félagsins var í góðum málum í upphafi árs enda takmark félagsins að eiga góðan afgang fyrir komandi tímabil til að geta tekið vel á þeim fjárhaglegum áskorunum sem bíða félagsins í upphafi árs. Félagið naut stuðnings nokkurra fyrirtækja, bæði á Akranesi og víðar sem hjálpaði mikið til við reksturinn og skipti þar Upprisa aðalstuðningsaðili Kára gríðarlega miklu máli þrátt fyrir um helmings afskriftir vegna gjaldþrots félagsins. Að auki hjálpaði miðasala, ársmiðasala og kaffisala félagsins miklu við reksturinn. Tekjur af ársmiðasölu og miðasölu félagsins voru samkvæmt áætlun og skilaði góðum tekjum. Félagið tók líka að sér nokkur góð verkefni fyrir KFÍA eins og að sjá um grill og sölu á heimaleikjum félagsins ásamt skiltauppsetningu og vinnu á Norðurálmótinu. Helstu styrktaraðilar Kára á árinu 2023 voru Upprisa, Icepharma, Domusnova, MargtSmátt, Skagaverk, Apótek Vesturlands, Landsbankinn, ÞG Verk, Toppútlit, Kallabakarí, Íslandsbanki, Sjóvá Almennar. Stuðningur og styrkir í gegnum Íþróttabandalag Akraness og Akraneskaupstað voru ómetanlegir fyrir félagið.

Iðkenndafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkennda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en mótaðist smátt og smátt þegar leið á árið og kjarni hópsins mjög spennandi blanda af eldri leikmönnum í bland við efnilega leikmenn úr 2.flokki KFÍA. Á árinu æfðu á milli 50-60 leikmenn að einhverju leyti með félaginu,

en þó mismikið og sumir tímabundið. Fotbolti.net mótið var lagt niður á árinu og þurfti liðið því að fylla upp það gat með æfingaleikjum fram að byrjun Lengjubikarsins. 25 leikmenn tóku þátt í Lengjubikarnum sem hófst um miðjan febrúar, þar af aðeins fimm fæddir fyrir aldamót og samtals 9 strákar á 2.flokks aldri. 22 leikmenn tóku þátt í nýrri bikarkeppni neðri deilda sem bar nafnið fotbolti.net bikarinn. 23 leikmenn tóku svo þátt í Mjólkurbikar KSÍ. Að lokum tóku 28 leikmenn þátt í deildarkeppninni þar sem Kári spilaði í 3.deild, en 12 af þeim voru á 2.flokks aldri og 7 ungir leikmenn á samningi hjá KFÍA.

Þjálfaramál félagsins voru eins og fyrr segir unnin í samstarfi við KFÍA og þeir Aron Ýmir Pétursson og Andri Júlíusson sáu um þjálfun Kára 2023. Þær breytingar áttu eftir að heppnast mjög vel og styðja betur undir samstarf Kára og ÍA varðandi uppbyggingu ungra leikmanna og einnig til að styðja undir betri festu í skipulagi og þjálfun hjá Kára.

Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þátttaka félagsins á Íslandsmótinu 3.deild, en þar að auki tók félagið þátt Mjólkurbikarnum sem er bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum B-deild og nýrri bikarkeppni neðri deilda fotbolti.net bikarinn. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Liðið tók nokkur hópefli á tímabilinu til að lyfta félagsandanum. Kosning leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins fór fram eftir tímabil. Besti leikmaður Kára 2023 var Guðfinnur Þór Leósson sem kom til félagsins fyrir tímabilið frá Aftureldingu og er nú í leikmannahópi ÍA. Sá efnilegasti var valinn Kristófer Áki Hlinason. Miðjumaðurinn Guðfinnur Þór Leósson fékk svo gullskóinn eftir að hafa skorað 8 mörk í 19 leikjum í 3.deildinni.

Þátttaka og gengi í mótum

Kári byrjaði undirbúninginn af krafti og hófu árið á nokkrum æfingaleikjum. Fyrsta mótið var svo um miðjan febrúar þar sem liðið endaði B-riðil Lengjubikarsins í 4.sæti. Næsta mót var Mjólkurbikarkeppni KSÍ, en þar vann liðið fyrstu tvo leiki sína og komust þar af leiðandi í 32-liða úrslit. Þar mættu Káramenn Lengjudeildarliði Þórs frá Akureyri í Akraneshöll, en þar náðu Káramenn frábærum leik og endaði leikurinn í framlengingu þar sem bæði lið skoruðu sitthvort markið og úrslitin því ráðin í vítaspyrnukeppni þar sem Þórsarar voru sterkari og komust í 16-liða úrslitin. Liðið tók svo þátt í nýrri keppni á vegum KSÍ sem var bikarkeppni neðri deilda eða fotbolti.net bikarinn, þar sló liðið út KF á útivelli sem spilaði í deild fyrir ofan Káramenn. Næst slógu Káramenn út Elliða á útivelli sem spilaði í sömu deild. Liðið mætti svo KFK einnig á útivelli í 8-liða úrslitum en töpuðu naumt.

3.deildin hófst svo 6.maí, en Káramenn byrjuðu mótið ekkert sérstaklega vel og náðu aðeins í 1 stig í fyrstu þremur leikjunum. Liðið vann svo tvo leiki í röð og náðu að hífa sig upp töfluna, en fyrri umferðin einkenndist af naumum ósigrum og jafnteflum, en liðið endaði aðeins með 13 stig í 11 leikjum. Seinni umferðin gekk töluvert betur, en þar náði liðið í 19 stig í 11 leikjum og endaði liðið í 5.sæti af 12 mögulegum í 3.deild.



**24. nóvember
2009**

Ársskýrsla 2023

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	48
Aðalfundur.	49
Kraftlyftingamaður Akraness	49
Árangur á mótum.	50
Árið 2023	51

Aðalfundur.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 2. mars kl 18 í húsakynnum félagsins. Þokkaleg mæting var á fundinn og gekk hann vel fyrir sig. Borið var undir atkvæði að stjórn héldist óbreytt á milli ára og var það samþykkt einróma, önnur venjuleg aðalfundarstörf voru iðkuð og að þeim lokið voru rædd önnur mál svo sem nýja aðstöðu og möguleg tækjakaup. Stuttur en góður fundur.

Kraftlyftingamaður Akraness

Kristín Þórhallsdóttir var valin kraftlyftingamaður Akraness fjórða árið í röð. Kristín stóð sig vel á árinu og heldur áfram að vera innblástur fyrir nýliða jafnt sem þá sem eru lengra komnir. Hún vekur eftirtekt fyrir einstaka jákvæðni og góða nærveru hvar sem hún kemur og er félagið afar stolt af henni.

Eftirfarandi texti er úr tilnefningu Kristínar til íþróttamanns Akraness.

Vegna tilnefningar til íþróttamanns Akraness 2023

Kraftlyftingafélag Akraness tilnefnir Kristínu Þórhallsdóttur, kraftlyftingakonu, sem æfir klassískar kraftlyftingar með Kraftlyftingafélagi Akraness. Kristín hefur stundað klassískar kraftlyftingar frá árinu 2019.

Hún keppir í -84 kg opnum flokki fullorðinna og er stigahæsti Íslendingurinn í íþróttinni óháð kyni, þyngdarflokki og aldursflokki.

Helstu afrek Kristínar á árinu eru silfurverðlaun í samanlögðu á

Heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki sem fór fram á Möltu í júní.

Hún hlaut bronsverðlaun á Evrópumeistaramótinu í Eistlandi núna í desember í samanlögðu.

Einnig hlaut Kristín gullverðlaun á Reykjavíkurlaikunum (Reykjavík International Games – RIG) og varð stigahæsti keppandinn á Íslandsmeistaramóti í klassískri réttstöðulyftu.

Kristín setti fjögur Íslandsmet á árinu, eitt í bekkpressu og þrjú í réttstöðulyftu.

Besti árangur Kristínar á árinu er eftirfarandi:

Hnébeygja: 222,5 kg

Bekkpresa: 125 kg

Réttstöðulyfta: 240kg

Samanlagt: 565 kg

Kristín Þórhallsdóttir er fjórða á heimslista Alþjóðlega kraftlyftingasambandsins (IPF) -84kg flokki fyrir árið 2023.

Árangur á mótum.

Íslands og bikarmeistarar.

Sylvía Ósk Rodriquez

Íslandsmeistari í -76kg flokk í klassískum kraftlyftingum

Halla Rún Friðriksdóttir

Íslandsmeistari í -84kg flokki M2 í klassískri bekkpressu

Íslandsmeisari í -84kg flokki M2 í klassískum kraftlyftingum

Kristín Þórhallsdóttir

Íslandsmeistari í +84kg flokki í réttstöðulyftu

Bjarki Þór Sigurðsson

Íslandsmeistari í -120kg flokki í réttstöðulyftu

Íslandsmeistari í -120kg flokki M2 í klassískum kraftlyftingum

Harrison Asena Kidaha

Bikarmeistari í -93kg flokki í klassískum kraftlyftingum

Helgi Jón Sigurðsson

Íslandsmeistari í -105kg flokki unglunga í klassískum kraftlyftingum

Íslandsmeistari unglunga í klassíksum kraftlyftingum óháð þyngdarflokki

Pétur Oliver Einarsson

Íslandsmeistari drengja í -74kg flokki í klassískum kraftlyftingum

Arnar Gaui Björnsson

Íslandsmeistari drengja í -83kg flokki í klassískum kraftlyftingum

Annar árangur á árinu var með ágætum.

Árið 2023

Skýrsla formanns.

Árið 2023 var gott ár og héldu keppendur okkar áfram að blómstra á árinu sem leið. Við sendum keppendur á flest innanlandsmót og skipuðu keppendur okkar sér oft á tíðum í efstu sætin.

Við áttum áfram keppendur í flestum landsliðsverkefnum sem tekið var þátt í og er það mikil gleði hjá okkar litla félagi að eiga svo öflugt fólk á alþjóðlegan mælikvarða. Keppendur okkar halda áfram að vekja athygli hvar sem þeir koma fyrir þróðleika og styrk og ljóst er að jarðvegurinn er frjór og á sér enga hliðstæðu á íslenskan mælikvarða.

Ennþá er okkur þó efst í huga aðstöðumálin og er nokkuð ljóst að taka þarf til hendinni í þeim málum ef fer sem horfir og félagið heldur áfram að stækka því sú aðstaða sem við höfum til umráða núna var sprungin utan af sér áður en flutningar árið 2022 áttu sér stað og ekki hefur hún neitt rýmkað á þessum 2 árum. Flutningarnir voru óumflýjanlegir en húsnæðið sem við erum í núna átti að vera bráðabirgða húsnæði til eins árs en eru árin nú orðin 2 og ekki er farið að sjá fyrir endann á því.

Þetta setur töluverðan strík í reikninginn í mótahaldi því það er alltaf verið að pressa meira og meira á okkur að halda aftur mót herna á Akranesi en það hlýtur að finnast farsæl og góð lausn á þessu öllu saman.

Þó aðstaðan sé lítil er gaman að segja frá því að úr okkar röðum eigum við 5 landsliðsmenn og verður það að teljast ágætis prósentu af fjölda iðkenda.

Á árinu eignuðumst við 8 íslands og bikarmeistara og er það með mesta móti.

Það má því segja að 10% iðkenda séu íslands eða bikarmeistarar og eru fá félög sem geta státað sig af álíka tölfræði.

Á árinu var haldið eitt mót hér á Akranesi og eiga drengirnir í Ægi miklar þakkir fyrir frábæra framkvæmd á því, mótið var fjölmennasta innanlandsmót í kraftlyftingum sem haldið hefur verið og var þar allt til fyrirmyndar og ljóst er að hægt er að halda þar glæsileg mót ef til þess kemur.

En nú höldum við vextinum áfram það eru bjartir og sterkari tímar framundan hér á Akranesi.

Í lok árs eru 80 iðkendur skráðir í félagið og er það fjölgun frá fyrra ári.

- Einar Örn Guðnason

Körfuknattleiksfélag ÍA

Stjórn félagsins 2023:

Formaður: Fannar Freyr Helgason (6 ár í stjórn)

Gjaldkeri: Ómar Örn Helgason (2 ár í stjórn)

Ritari: Ragnheiður Rún Gísladóttir (2 ár í stjórn)

Meðstjórnendur: Birkir Guðjónsson (2 ár í stjórn) og Jón Orri Kristjánsson (6 ár í stjórn)

Á aðalfundi félagsins í mars 2023 kom inn ný stjórn þar sem Fannar Freyr tók við stöðu formanns af Jóni Þór Þórðarsyni, Ómar Örn tók við stöðu gjaldkera af Jónasi H. Ottóssyni og Ragnheiður Rún Gísladóttir tók við stöðu ritara af Hannibal Guðmundi Haukssyni. Fráfarandi stjórn er þakkað hið frábæra verk sem þeir unnu af hendi fyrir félagið. Ef ekki væri fyrir þeirra framlag væri ekki burðugt starfið hjá deildinni, það er óumdeilt.

Leiktíðin 2022 / 2023

Leiktíðina 22/23 lék meistaraflokkur karla í 1. deild karla og var Nebojsa Knezevic þjálfari liðsins. Nebojsa var sóttur í Borgarnes þar sem hann hafði þjálfað yngri flokka ásamt því að þjálfar meistaraflokk kvk þar í hálf ár. Nebojsa tók við ÍA liðinu af Hugo Salgado sem bauðst tækifæri að þjálfar í efstu deild í Noregi eftir eitt ár á Akranesi.

Markmiðin fyrir tímabilið voru að gefa ungum strákum tækifæri til að spila stórt hlutverk og að halda sér í deildinni.

Liðið sem spilaði í fyrstu deildinni var ansi ungt að árum og byggt uppi af drengjaflokksleikmönnum ÍA, þemur erlendum leikmönnum ásamt nokkrum strákum úr Reykjavík til að styrkja liðið enn fremur. Liðið stóð sig vel þrátt fyrir ungan aldur, sigraði 11 leiki en tapaði 16. Endaði því í 7-8 sæti í fyrstu deildinni. Sæti að ári í fyrstu deild var því tryggt með glæsibrag.

Yngri flokkar

Í heildina erum við núna með um 100 iðkendur, við erum með mjög umfangsmikið starf, fjöldi æfinga, mikið keppnishald og þátttaka í mótum. Það var áfall að missa Vesturgötuna mjög skyndilega í september en við höfum við náð að aðlaga okkur ágætlega og almennt hefur gengið nokkuð vel á æfingum og í keppnum. Það er meira fyrir öllu haft búandi við þróngan kost á Jaðarsbökkum, þetta hefur reynt mjög á alla og við þurft á öllum okkar kröftum að halda til að halda þessu gangandi.

Markvisst verið að móta nýja þjálfara sem hafa staðið sig með þryði og virkja sem flesta iðkendur í félagsstarfinu hvort sem það er dómgæsla eða störf á ritaraborðinu.

Við bættum í þjálfarateymið okkar úr því að Jón Þór var einn með 1-8 bekk þá tókum við inn 3 nýja unga og efnilega þjálfara fyrir yngri flokkana okkar.

Styrmir Jónasson, Amanda Bríet Bergsdóttir og Jón Þór Þórðarsson eru að þjálfar 1-4 bekk.

Amanda Bríet þjálfar stelpuflokkinn okkar.

Þórður Jónsson og Jón Þór Þórðarsson þjálfar 5-6 bekk.

Lucien Christofis þjálfar 9 og 10 bekk

Nebojsa Knezevic þjálfar 7 og 8 bekk. 12. Flokk stráka og meistaraflokkinn.

Gróflega staðan á einstökum flokkum

1. & 2. bekkur (14 iðkendur): ungir strákar sem eru að taka sín fyrstu skref í körfuboltanum.

3. & 4. bekkur (20 iðkendur): Stór og kröftugur hópur,

5. & 6. bekkur: (16 iðkendur): Keppni minnibolti þar sem við erum í topp 15 á landsvísu

7. & 8. fl strákar: (10 iðkendur): Fámennur en öflugur hópur, erum þar líka í topp 15 á landsvísu.

7. - 9. fl stelpur: (5 iðkendur): Mikil vonbrigði hvernig þessi hópur tvístraðist í haust. En við erum vongóð á að fá fleirri stelpur inn, með Amöndu sem þjálfarann okkar.

9. & 10. fl: (20 iðkendur): Fjölmenntur hópur sem hefur mikinn áhuga á íþróttinni og sjáum við miklar bætingar á hverju ári.

12.flokkur (9 iðkendur) Fámennur en mjög góður hópur sem er í topp 10 á landsvísu, flestir þeirra eru í æfingahóp í mfl og þrír í úrtökuhóp U20.

Heiðranir

Á ársþingi ÍA 2023 fengu þrír aðilar bandalagsmerki ÍA fyrir störf sín í þágu körfuboltans á Akranesi. Þeir Garðar Jónsson "málari", Guðmundur Egill Ragnarsson "kokkur" og Hörður Harðarson "bakari. Þeir þrír eiga allir gríðarstóran þátt í velgengni ÍA á árum áður.

Ragnar B. Sigurðsson

Þann 29. desember 2023 féll frá guðfaðir körfuboltans á Akranesi, Don Raggi Sig. Endurbirtum við hér pistil sem deildin sendi frá sér að því tilefni.

Það var þungbært að heyra af andláti Ragnars B. Sigurðssonar sem lést þann 29. desember, þá rétt nýlega sextugur að aldri. Ragnar var einn af brautryðjendum körfuboltans á Akranesi og var gjarnan nefndur "Don Raggi Sig, guðfaðir körfuboltans á Skaganum". Ragnar var fæddur 15. nóvember 1963 og ekki er hægt að segja að það hafi verið mikil körfubolta hefð á Akranesi á hans ungdómsárum, en Ragnar Sigurðsson átti heldur betur sinn þátt í að breyta því. Hann smitaðist snemma af miklum körfubolta áhuga og var strax innan við tvítugt farinn að vinna að framgangi körfuboltans á Akranesi. Mikil breyting verður á aðstöðu til körfuboltaíðkunar þegar íþróttahúsið við Vesturgötu var tekið í notkun árið 1976 og upp úr 1980 komst töluverður skriður á körfuboltastarf innan ÍA. Ragnar kom að formlegri stofnun Körfuknattleiksfélags Akraness þann 9. janúar 1986 og var ritari í fyrstu stjórn félagsins þá aðeins 22 ára að aldri. Árið 1988 varð hann svo formaður félagsins og hélt því gangandi nánast einn síns liðs á mjög viðkvæmum tímum þegar yngriflokkastarf var að byggjast upp. Þessi þrautseigja og elja Ragga átti svo sannarlega eftir að skila sér því upp úr 1990 komu fleiri að félaginu og hófst mikill uppgangur í körfuboltanum á Akranesi. Uppaldir leikmenn skiluðu sér uppí meistaraflokk og Iðkendafjöldinn jókst mikið. Árið 1993 sigrar ÍA 1. deild karla og kemst upp í úrvalsdeild og fer þar alla leið í úrslitakeppni strax á sínu fyrsta ári. Árið 1995 sendir ÍA lið í úrvalsdeild kvenna í fyrsta skipti og karla liðið kemst í bikarúrslit árið 1996. Árið 1998 kemst liðið í undanúrslit úrvalsdeildar með því að slá lið Grindavíkur óvænt út í 8 liða úrslitum. Allan þennan tíma er Ragnar í hringið körfuboltans á Akranesi bæði sem stjórnarmaður og sem ritari á öllum heimaleikjum ÍA. Leikskýrslurnar hans Ragga voru sannkölлуð meistaraverk, hann var með einstaklega fallega rithönd og allt unnið af mikilli vandvirkni og nákvæmni. Upp úr aldamótum 2000 verða ákveðin þáttaskil í starfi Körfuknattleiksfélags ÍA og ákveður Ragnar þá að láta staðar numið og dregur sig smám saman í hlé frá formlegum félagsstörfum. Hann hafði þá staðið körfubolta vaktina í rúma tvo áratugi, hann var sæmdur silfurmerki KKÍ og árið 2006 var hann sæmdur bandalagsmerki ÍA fyrir störf sín í þágu íþróttar á Akranesi. Ekki var það svo að Ragnar hafi sjálfur verið mikill körfuboltaíðkandi, en sem íþróttaldhugi var hann sannur afreksmaður. Hann var alla sína tíð dyggur stuðningsmaður Körfuknattleiksfélags ÍA, mætti reglulega á leiki og fylgdist vel með eins og sannur guðfaðir. Síðasta embættisverk Ragnars fyrir körfuboltann var þegar hann var ritari á landsleik Íslands gegn Belgíu sem fram fór í íþróttahúsinu við Vesturgötu 29. júlí 2017. Árið 2019 greindist Ragnar með krabbamein og við tók mikil barátta við þann vágast, sigur hafðist en baráttan tók sinn toll af heilsunni. Andlát Ragnars er okkur öllum mikið áfall, missirinn er mikill og vottum við ættingjum hans og vinum innilegrar samúðar. Ragnar var ókvæntur og barnlaus en hans arfleifð er allur sá fjöldi barna og unglinga sem fundið hafa sér farveg í körfuboltanum á Akranesi. Öll höfum við alist upp í hans anda, þetta er ekki bara að hafa gaman að spila körfubolta, það þurfa líka allir að leggja sitt af mörkum í að sinna félagsstörfum á einhvern hátt, hvort sem það eru stjórnarstörf, þjálfun, fjáraflanir, ferðalög, dómgæsla eða hvað annað sem til þarf til að halda íþróttafélagi gangandi. Það er kaldhæðni örlaganna að útför Ragnars fer fram frá Akraneskirkju þann 9. janúar nk, sem einmitt er stofndagur Körfuknattleiksfélags Akraness fyrir 38 árum. Þetta sama kvöld keppir okkar efnilegasta drengjalið gegn Keflavík, það verður eflaust hörku leikur á milli tveggja efstu liðanna í deildinni. Þessir drengir sem þar keppa standa á herðum

Ragnars B. Sigurðssonar sem ruddi fyrir þá brautina. Í hjarta okkur trúum við því að guðfaðirinn Don Raggi Sig. muni fylgjast stoltur með á góðum stað. Blessuð sé minning þín okkar kæri og hafðu eilífa þökk fyrir.



Ragnar Bergþór Sigurðsson

Grenigrund 18 Akranesi

Útfarardagur:

Þriðjudagur 9. janúar 2024

Gamall Indíáni sat með barnabörnunum og sagði þeim sögu:
„Í lífi hvernar manneskju er mikil barátta. Barátta milli tveggja úlfa. Annar þeirra er ótti, reiði, ófundsfúki, græðgi, hroki, sjálfsvorkunn, rógur og svik. Hinn er gleði, kærleikur, auðmýkt, tillitsemi, gjafmildi, heiðarleiki og samúð.“
Eitt barnanna spurði: „Afi, hvaða úlfur vinnur?“ Sá gamli horfði alvörufeginn á barnahópinn og sagði:
„Sá sem þú fóðrar.“

Körfuknattleiksmaður ársins

Körfuknattleiksmaður ársins 2023 hjá ÍA var valinn Þórður Freyr Jónsson

Þórður Freyr Jónsson hefur sýnt ótrúlega hæfileika og leiðtogahæfni, sem fyrirlíði ÍA í körfuknattleik. Þrátt fyrir að vera aðeins 18 ára hefur hann tekið að sér þetta mikilvæga og krefjandi hlutverk. Hann hefur stjórnað liðinu af öryggi og kunnáttu og vaxið mjög í þessu hlutverki.

Þórður Freyr er sjöundi stigahæsti Íslendingurinn í fyrstu deild, þrátt fyrir að vera í stífri gæslu andstæðinga. Þetta sýnir framúrskarandi getu hans og þrautseigju til að skila stigum í hús fyrir sitt lið.

Hann hefur einnig verið lykilmáður í að leiða ÍA-liðið til fjölda sigra á núverandi tímabili, þar sem liðið situr nú í úrslitakeppnissæti. Það sýnir fram á getu hans til að hafa áhrif á úrslit leikja og lyfta liðinu í nýjar hæðir.

Á alþjóðavettvangi hefur Þórður Freyr leikið fyrir hönd Íslands í 18 ára landsliði karla, þar sem hann var einn af lykilmönnum í liðinu sem náði eftirtektarverðum árangri.

Hann hefur einnig verið valinn í æfingahóp 20 ára landsliðs Íslands, sem sýnir enn frekar hve mikilvægur hann er fyrir framtíð íslensks körfubolta.

Fyrir þennan framúrskarandi árangur á vellinum, bæði innanlands og erlendis, ásamt leiðtogahlutverki sínu í liðinu, er Þórður Freyr Jónsson án efa réttmætur körfuknattleiksmaður Akraness ársins 2023.

Fjármál

Fjármál félagsins eru í jafnvægi og var um 1.938 þúsund króna hagnaður á árinu. Um áramót ber félagið engar langtímaskuldir einnig nánast skuldlaust að öllu. Eigið fé stendur í 2.000 þúsund krónum. Félagið reiðir sig enn sem fyrr á styrki frá fyrirtækjum, auk æfingagjalda iðkenda og eigin fjáraflanna.

Aðalstyrktaraðilar félagsins eru Brim, Norðanfiskur, Þróttur ehf,

Við þennan lista bætast svo við fleiri fyrirtæki og einstaklingar sem studdu við bakið á félaginu með minni framlögum og kann félagið stuðningsaðilum þess bestu þakkir fyrir.

Aðstöðumál

Leiktíðina 22/23 spilaði meistaraflokkur ÍA alla sína heimaleiki í Íþróttahúsinu við Vesturgötu. Þar náðist að mynda afar góða stemmningu þrátt fyrir miklar framkvæmdir í húsinu í anddyri og á fleiri stöðum.

Þegar bæta átti í og reyna að byggja á árangrinum sem náðist á 22/23 tímabilinu ríður yfir deildina mikið áfall þegar fram kemur að Vesturgatan er ónothæf sökum loftgæða. Þetta þýddi að á sama tíma og stjórnin var

ein huga í því að reyna að bæta í upplifun áhorfenda á leikjum þurfti deildin að sæta því að spila sína leiki að Jaðarsbökkum.

Eins og allir ættu að vita og er alveg augljóst mál eru Jaðarsbakkar alveg afleitt keppnishús fyrir kappleiki þar sem saman koma áhorfendur, keppendur og dómara. Þetta er einnig sérstaklega sárt fyrir deildina þar sem stjórnin sá fram á að hafa loks nothæft anddyri á Vesturgötunni og geta haldið utan um heimaleiki liðsins af meiri myndarbrag heldur en hefur verið hægt undanfarin ár.

Lokaorð

Þegar við lítum til baka á liðið ár, fyllist hugur okkar bjartsýni fyrir þeirri vegferð sem framundan er. Körfuboltinn hjá ÍA hefur ekki verið í svona góðum málum í ansi mörg ár. Framfarir okkar á þessu tímabili hafa verið stórstígar, og við erum stödd á barmi þess að ná enn hærri hæðum á næstu árum.

En til þess að deildin geti náð á þann stað sem við vonumst til að hún komist á þurfa ýmsir hlutir að gerast.

Aðstöðumál liðsins þurfa að komast á hreint til langs tíma litið, þjálfurum deildarinnar þyrfti að fjölga og deildin þyrfti að vera í stakk búin til að ráða inn e-a manneskju til að sjá um rekstur deildarinnar að e-u leyti. Þetta eru þó allt verkefni sem stjórnin er að reyna að ná í gegn.

Í samstöðu er styrkur, og saman getum við tryggt að næstu blaðsíður í sögu okkar séu fylltar af afrekum bæði innan vallar og utan. Til hamingju með bjarta framtíð, og megi andi körfuboltans halda áfram að blómstra í hjarta Körfuknattleiksdeildar ÍA.

Með körfuboltakveðju, Áfram ÍA!



Ársskýrsla Sigurfara 2023

Starfsemi Sigurfara er á krossgötum. Sumarið 2023 misstum við húsnæðið sem við höfum haft undir sumarstarfsemi félagsins. Að auki var ástandið í höfninni vegna framkvæmda þannig að ekki þótti fullkomlega öruggt að hafa námskeiðin þar. Engin viðunandi aðstaða er annarsstaðar á Akranesi og varð því að ráði að fella námskeiðshald niður.

Við vorum þó ekki alveg aðgerðalaus. Við tókum þátt í sjómannadeginum í samstarfi við Blue Water kajakleiguna og fylgdum sjósundfólki í Helgasundi á írskum dögum. Einnig rérum við með nemendur af starfsbraut Fjölbrotaskólans.

Það má því segja að við höfum viðhaldið lágmarksstarfsemi. Félagið býr yfir ásættanlegum flota og búnaði þó hann sé nokkuð við aldur. Stóra málið er að það fái húsnæði við hæfi.

F.h. stjórnar Sigurfara siglingafélags Akraness,
Guðmundur Benediktsson formaður.

UMF Skipaskagi

Starfsárið 2023

Við höldum áfram með æfingar í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum. Þar vorum með æfingar á laugardögum kl 10-12 fyrir alla aldurshópa og stóðu þessar æfingar fram í maí. Ágæt mæting var á æfingarnar en mörg börn sem komu voru að æfa aðrar greinar og því rakst laugardags tíminn oft á við mót sem eru oft um helgar.

Í sumar auglýsti ég eftir þjálfurum í frjálsum fyrir komandi vetur og fékk nokkrar fyrirspurnir. Eins var ég í sambandi við FRÍ og nágretta sveitarfélögin. Í byrjun september var okkur úthlutað þremur æfingum í viku að Jaðarsbökkum. Ein var fljótlega tekin af okkur þar sem við höfðum verið tvíbókuð og önnur var felld niður þar sem skera þurfti niður æfingar vegna lokunar á húsinu á Vesturgötu. Þá áttum við eina æfingu eftir á laugardögum frá kl 10 til 12. Daníel Glad hafði samband við mig og bað mig að kanna hvort við hefðum möguleika á að færa æfinguna okkar eftir hádegi þar sem það væri sótt í tímann okkar. Ég hafði samband við minn þjálfara og skoðaði hann málið en því miður þá sá hann sér ekki fært að starfa eftir hádegi á laugardögum.

Ég lét Daníel vita af því að við gætum ekki nýtt okkur þann tíma þar sem ég hefði ekki þjálfara til að þjálfna á þeim tíma. Daníel tók tímann af okkur á laugardögum kl 10-12 og þar með voru lagðar niður okkar frjálsíþrótt æfingar það sem eftir lifði árs 2023.

Þó þetta hafi slegið okkur svoldið út af laginu þá horfi ég fram á veginn og við í stjórn UMF Skipaskga finnum fyrir áhuga hjá almennum borgurum á Akranesi með að við komum aftur á stað æfingum í frjálsum íþróttum.

Ég fór á opinn vinnufundur með íbúum á vegum skipulags- og umhverfisráðs Akraneskaupstaðar vegna skipulagsvinnu á Jaðarsbökkum sem var haldinn fimmtudaginn 22. febrúar s.l. að Garðavöllum. Það kom fram hjá mörgum fundarmönnum að það yrði settur Frjálsíþróttavöllur á grassvæðin hjá Höllinni og því styrkir það mig í þeirri skoðun að stórhloti Akranesbúa vilji fá val um að setja börnin sín í frjálsar íþróttir. Þá komast húsnæðis mál vonandi í betri farveg með komandi hausti og við getum fengið fleiri æfingar, það er mikilvægt að geta skipt hópunum niður eftir aldri. Við erum að vinna í því að fá úti aðstöðu svo við getum verið með frjálsíþrótt æfingar í sumar og það er mikilvægt að finna fljótlega lausn á því svo við getum farið í að leita að þjálfurum.

Sigfús A. Jónsson Formaður

Uchechukwu Ese Vara formaður

Anna Bjarnadóttir Gjaldkeri

Indiana Taroni Ritari

Jóna Ágústa Adolfsdóttir Meðstjórnandi

Heiðbjört Heide Sigfúsdóttir Meðstjórnandi

Árskýrsla Sundfélag Akraness

2023



Almennt:

Sundárið 2023 hjá Sundfélagi Akraness var árangursríkt. Iðkendur sóttu fjölda sundmóta út fyrir bæjarmörkin, nokkur innanfélagsmót voru haldin ásamt mótum erlendis. Æfingarferðir voru einnig nokkrar bæði innan og utanlands. Iðkendafjöldinn var minni árið 2023 heldur en 2022 sem skýrist aðalega á því að ekki var möguleiki á að halda ungbarnasundsnámskeið á haustönn. Skráðir voru 370 iðkendur árið 2023, þá eru taldir allir iðkendur frá ungbarnasundi upp í afrekshóp. Stjórn Sundfélags Akraness er afar þakklát og glöð fyrir þennan mikla áhuga á sundíþróttinni á Akranesi undanfarin ár.

Akranesmet og persónulegir sigrar voru unnir í sundlauginni hjá sundmönnum í öllum aldurshópum. Allir iðkendur sundfélagsins eru félaginu til sóma, sinna íþróttinni af dáð og hafa flest ef ekki öll gaman af. Það er virkilega gaman að sjá einstaklinga vaxa og dafna með okkur í okkar félagi jafnvel frá nokkurra mánaða aldri og fylgja okkur þar til á eldri árum..

Einar Margeir Ágústsson var útnefndur Sundmaður Akraness í kjörinu um Íþróttamann Akraness fyrir árið 2023. Einar Margeir sigraði þann titil og er félagið afar stolt af Einari. Óskum við honum aftur til hamingju með titilinn.

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi félagsins hefur sundfélagið miklar áhyggjur af sunaðstöðunni sem við höfum aðgang að. Jaðarsbakkalaug er komin vel yfir þolmörk hvað varðar æfingar allt árið um kring. Viðhaldi er ekki sinnt nógu vel. Oft kemur fyrir að ekki er hægt að halda lauginni við rétt hitastig og stærð laugarinnar bíður ekki upp á sundæfingar og sundiðkun almenning í lauginni á sama tíma. Bjarnalaug stendur fyrir sínu en þyrfti þó að vera möguleiki á að bjóða upp á fleiri tíma fyrir æfingar og námskeið fyrir yngri hópa og einstaklinga með sérþarfir. Það er okkur hjartans mál að leyst verði hratt og örugglega úr aðstöðumálum sundlauganna fyrir félagið okkar en einnig fyrir bæjarbúa, skólana, eldri borgara, fatlaði og gesti sem koma í bæinn okkar. Að öllum sé gert kleift að fara í sund og hafi tækifæri til sundiðkunar því sund er svo dásamleg íþrótt, styrkjandi fyrir allan líkamann, svo allt um vefjandi og frábær fyrir alla fjölskylduna.



Stjórn og starfsmenn:

Stjórn

Stjórn SA breyttist á árinu þar sem Ruth Jørgensdóttir Rauterberg for úr stjórn og Valdimar Ingi Brynjarsson kom nýr inn í stjórn á aðalfundi í mars 2023.

Stjórn SA er skipuð þannig:

Formaður: Valdimar Ingi Brynjarsson
Varaformaður: Guðrún Guðbjarnadóttir
Gjaldkeri: Marianna Pálsdóttir
Ritari: Þórdís Bj. Guðmundsdóttir
Meðstjórnendur: Ágúst Júlíusson, Nína Björk Gísladóttir og Emilia Orlita

Starfsmenn

Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA er sem áður Kjell Wormdal.

Jill Syrstad þjálfari yngri hópar í 50% starfi, og Bjarney Guðbjörnsdóttir er með B-hóp.

Smá breytingar voru á árinu þar sem Guðrún Carstensdóttir var með C-hópur á vorönn, enn Jill og Kjell tóku við þeim hópi um haustið.

Námskeiðsþjálfarar voru

Hlín Hilmarsdóttir (Ungbarnasund vor 2023)

Heiður Haraldsdóttir (Fjörfiskar)

Guðrun Carstensdóttir (Skriðsundnámskeið)

10 aðstoðarþjálfara.

Það reyndist erfitt að fá Ungbarnasundskennara um haustið Ungbarnasundsnámskeiðum fyrir kennara var frestað sem kom sér illa fyrir félagið. Nýr ungbarnasundskennari mun taka til starfa á árinu 2024.



Fjármál og rekstur:

Fjárhagstaða félagsins er góð og er eigið fé að verðmæti 12.642.443 kr

Rekstargjöld félagsins á rekstarárinu 2023 voru þó heldur hærri en árinu á undan. Farið var í að bæta við og skipta út búnaði sem kominn var á tíma ásamt því að bæta við búnaði sem aðstoðar sundmenn í að bæta árangur sinn sem er mjög mikilvægt þar sem æfingaaðstaðan er ekki eins og best verður á kosið. Búnaðurinn sem um ræðir er myndavél sem myndar sundmenn ofan í lauginni og hægt er að taka upp og horfa á um leið hvað gott er gert og hvað má styrkja. Sú myndavél kostaði rúma milljón.

Innkoma félagsins í æfingagjöldum og styrkjum var: 36.287.587

Rekstargjöld voru: 33.649.827

Hagnaður félagsins var: 3.061.157

Hagnað félagsins má skýra á tvennan hátt: Annars vegar var um styrk vegna covid-heimsfaraldurs og hins vegar velgengni og fjölgun þátttakenda á Akranesleikunum 2023. En mikilvægt er fyrir okkur að mótið hafi verið vel sótt og salan í sjoppunni gekk vonum fram. Mikil spennan er fyrir mótinu í ár og erum við að fá mikið af fyrirspurnum varðandi skráningar. Velgengni á þessu móti er okkur gríðarlega mikilvæg fjáröflun sem skilar sér til iðkenda okkar með því að þurfa ekki að hækka æfingargjöld fyrir komandi starfsár.

Fjöldi iðkenda:

370 yfir árið sem er fækkun úr 450 árið á undan og, eins og áður hefur komið fram, má sýra þann mun á því að færri ungbarnasundnámseið voru haldin.

Samantekt yngri hópa:

Smá breytingar voru gert haustið 2023, með að bjóða upp á hópa sem keppa ekki á mótum, og þátttaka í þessi hópar hefur verið mjög vinsæl.

4 innanfélagsmót voru haldin í Bjarnalaug með 30-40 þátttakendum á aldrinum 7-12 ára.

Landsbankamótið og Barumótið voru haldin með hefðbundnu sniði og svo voru 2 æfingamót haldin.

Stór hópur iðkenda tóku þátt í helsta mótum sem fóru fram í Reykjanesbæ og Reykjavík.

7 sundmenn tóku þátt í Aldursflokkameistaramóti Íslands sem fór fram á Akureyri og Kajus Jatautas varð aldursflokkameistari í 12-13 ára flokki.

Samantekt afrekshóps

Sundfélag Akraness eignaðis tvo Íslandsmeistara á árinu, þau Einar Margeir Ágústsson og Sunnu Arnfinnsdóttir.

Félagið er stolt af unglíngameisturunum fjórum, þeim Einari Margeiri Ágústssyni, Kristjáni Magnússyni, Guðbjörgu Bjartey Guðmundsdóttur og Sunnu Arnfinnsdóttur.

Samtals vann félagið til 49 verlauna á Íslandsmeistaramótum ársins á IM50 (15) og IM25 (34)

Verlaunahafar félagsins voru:

Í einstaklingsgreinum: Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Sunna Arnfinnsdóttir

Einar Margeir Ágústsson, Enrique Snær Llorens, Kristján Magnússon, Guðbjarni Sigþórsson.

Í boðsundi: Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Sunna Arnfinnsdóttir, Ingibjörg Svava Magnúsardóttir, Viktoria Emilia Orlita

Einar Margeir Ágústsson, Enrique Snær Llorens, Kristján Magnússon, Guðbjarni Sigþórsson, Vikingur Geirdal Birnusson.

Á Bikar vann stelpuliðið 2. deild með yfirburðum og vann sér inn sæti aftur í 1. deild. Strákanum voru í 4. sæti í keppninni.

Landslið:

Einar Margeir Ágústsson tóku þátt í EMU í Serbía í júní þar sem hans besta árangur var að ná inni undanúrslit í 50m bringusund og varð í 15. sæti.

Hann tóku svo þátt á EM25 fullorðinna í desember en þetta er í fyrsta sinn síðan 1980 sem ÍA á sundmann á mótinu. Einar sýndi fram á góðan árangur á mótinu, var í 21. sæti í 50m bringusundi.

Einar synti einnig á World Cup í Berlin í október.

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir tóku þátt í æfingabúðum í Tyrklandi, Taastrup open og

Norðurlandameistaramótinu í Estlandi þar sem hún synti til úrslita í 100m skriðsundi og varð í 4. sæti. Hún vann til verlauna með íslensku boðsundssveitinni.

Sunna Arnfinnsdóttir tóku líka þátt í NM í Eistlandi, og synti í úrslitum í 400m fjórsundi og 200m flugsundi.

Kristjan Magnússon tók þátt í Taastrup open.

Kajus Jatautas hefur verið fastur í Framtíðarhópi Íslands á árinu

Kjell Wormdal fór sem þjálfari á EMU í Serbia og NM í Estlandi.

Bjarney Guðbjörnsdóttir var farastjóri á Æfingabuðum í Tyrklandi, Taastrup open og NÆM.

Akranesmet

23 Akranesmet voru sett í fullorðinsflokki einstaklinga:

Einar Margeir Ágústsson 15 stk

Enrique Snær Llorens 5 stk

Guðbjarni Sigþórsson, 1 stk

Kristjan Magnússon 1. Stk

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir

12 met í boðsundi:

Brynhildur Traustadóttir, Sunna Arnfinnsdóttir, Ingibjörg Svava Magnúsdóttir, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir Einar Margeir Ágústsson, Guðbjarni Sigþórsson, Kristján Magnússon, Enrique Snær Llorens, Ágúst Júlíusson, Sindri Andreas Bjarnasson.

35 Akranesmet voru sett í unglingsflokki 18 ára og yngri:

Einar Margeir 21

Kristján Magnússon 7

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir 5

Guðbjarni Sigþórsson 2

Íslandsmet Unglinga:

Einar Margeir 100m fjórsund, 50m bringusund, 100m bringusund, 200m bringusund

4x100 fjórsund blandað (skriðsundsprett)

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir

4x100 skriðsundi

4x100 fjórsundi

Akranesleikar 2023

Akranesleikarnir 2023 voru stærstu Akranesleikarnir til þessa með yfir 380 keppendur og 320 manns í mat og gistingu sem er rúmlega helmingi meira en árinu á undan. Mikil spennu ríkir í yngri keppendum fyrir sundmótinu á Skaganum sem við erum öll mjög glöð með að heyra. Sundfélag Hafnarfjarðar var stigahæðsta félagið og Sunddeild Ármanns unnu brosbikarinn. Bros bikarinn hefur oft á tíðum ýtt mikið undir gleði og jákvæðni keppenda sem gefur mótinu í held sinni jákvæða og sterka orku. Til að allt gangi upp á móti sem þessu þurfa margir að leggjast á eitt og við höfum svo sannarlega séð hversu öflugt fólk stendur að Sundfélagi Akraness. Foreldrar, sundmenn og venlamenn skiptust á að standa vaktina alla helgina, hvort sem það var dómgæsla, riðlastjórn, kaffisala, skólagæsla, uppvaskeiða eða annað. Það gleður félagið alltaf þegar stuðningur berst frá fyrrum sundiðkendum og foreldrum á helgum eins og Akranesleikunum.

Sundmótið gekk vonum frammar, frábær þátttaka, sjoppa er nú á nýjum stað (hátíðarsal) og gekk frábærlega, keppendurnir gláðir og enn og aftur stuðningur starfsmanna / foreldra / aðstandenda ómetanlegur.

Starfsfólk Jaðarsbakkalaugar hefur ávallt staðið við bakið á félaginu og er okkur afar hjálplegt í einu og öllu. Það er ekki síst þeim að þakka að mótshelgin gekk jafn vel og raun ber vitni og berum við þeim miklar þakkir fyrir.

Viðurkenningar 2023

Smá breytingar á því hjá okkur. Viðurkenningar fyrir hvert sund ár verða eftir fundinn gefnar út í lok tímabilsins í stað nóvember ár hvert. Enn verður þó haldið í að tilkynna sundmann Akraness í nóvember eða desember mánuði vegna kjöri um íþróttu mann akraness.

Annað:

Æfingar í Hafnarfirði

Afrekshópur SA hefur haldið því fyrirkomulagi að keyra til Hafnarfjarðar á laugardögum til að ná inn æfingum í laug sem eru 50m svo sundmenn okkar haldi tilfinningunni fyrir því. Sundfélag Hafnarfjarðar hefur stutt við bakið á okkur með því að leyfa okkur að æfa í lauginni og kunnum við þeim miklar þakkir fyrir.

Æfingarbúðir í Noregi

Yfir lokunar/viðhaldstíma Jaðarsbakkalaugar í ágúst fór okkar elsta sundfólk til Noregs í æfingarbúðir. Þessi tími var frábær fyrir krakkana til að geta haldið áfram æfingum sínum ásamt því að það var ýmislegt brallað. Krakkarnir sáu oftast sjálf um að elda sér mat og var þessi tími fyrir þau frábær skemmtun. Okkar fólk kom vel fyrir og fengu hrós fyrir kurteisi og góða umgengni hvert sem þau komu.

Faxaflóasund

Faxaflóasund sundfélags Akraness fór fram fimmtudaginn 14. september og heppnaðist sundið mjög vel. Á meðan sundi stóð var frábært veður, góð stemning, flottir sundkrakkar og áhorfendur. Það voru syntir 1-2 km sprettir í sjónum í einu, samtals 21 km en það samsvarar vegalengdinni ef synt væri yfir Faxaflóann.

Útvarp Akranes

Útvarp Akranes hélt sínu striki fyrstu helgina í aðventu og gekk útvarpið vonum frammar eins og alltaf.

Fjölmarginir þáttastjórnendur stýrðu skemmtilegum og fróðlegum þáttum og komu fjölmarginir viðmælendur í hljóðstofu. Við viljum þakka fyrirtækjum, félögum og stofnunum fyrir stuðninginn við Sundfélag Akraness með því að auglýsa í útvarpinu. Tæknimenn útvarpsins, Óli Valur og Óli Páll láta allt virka þannig að við hin fáum að njóta. Við erum þeim óendanlega þakklát fyrir að taka fyrstu helgina í aðventu árlega frá til að sinna þessu verkefni með okkur.

Gamlármót Gústa

30. desember, var haldið „Gamlármót Gústa 2023“ í Jaðarsbakkalaug. Ágúst Júlíusson fyrrum afreksmaður í sundi er helsti hvatamaður mótsins og því ber mótið nafn hans.

Mikil eftirvænting var fyrir mótinu þar sem löng hefð ríkir fyrir viðburðinum. Mótið var með svipuðu sniði og fyrri ár þar sem stuttar greinar voru eingöngu í boði og áhersla lögð á að allir gætu tekið þátt. Sérstaða mótsins er líklega sú að sundreglur skipta litlu máli og dómarar og tímaverðir eru sagðir frekar utangátta þegar kemur að öllum formsatriðum sundíþróttarinnar.

Alls stungu 35 þátttakendur sér til sunds og beittu ýmsum brögðum til að koma sem fyrst í bakkann. Fjölmargir óskuðu eftir að taka einungis þátt í kökuhlaðborðinu sem tók við að móti loknu ásamt happadrættinu en þar voru glæsilegir vinningar í boði dyggra stuðningsaðila Sundfélagsins.



SKA 30 ára
AÐALFUNDUR SKOTFÉLAGS AKRANESS
20.02.2024
ÁRSSKÝRSLA 2023

Stjórn félagsins og hvert var starf hennar:

Formaður: Stefán Gísli Örlygsson

Gjaldkeri: Óskar Arnórsson

Meðstjórnendur : Guðmundur Sigurbjörnsson, Elías M. Kristjánsson og Hafsteinn Þór Magnússon.

Varamenn: Vignir Ragnarsson og Ólafur Steinn Ólafsson.

Helstu verkefni stjórnar 2023:

Fá endurnýjað starfsleyfi frá HEV, það var svo gefið út frá 27.06.2023 og gildir til 27.06.2027. Nokkrir fundir með Akraneskaupstað vegna skriðunnar sem rann yfir riffilbraut, það er komið í undirbúningsferli þegar þetta er skrifað og búið að mæla út fyrir endurbótum. Almennu viðhaldi hefur einnig verið sinnt eins og kostur er. Byssuleyfisnámskeið og hreindýrapróf.



Fjáraflanir og fjármál:

Félagið fékk rekstrarstyrk frá ÍA að upphæð 315.000,kr-. Hagnaður félagsins var 2.202.449,- kr.

Iðkendafjöldi

Félagsmenn sem greiddu félagsgjald voru 151 og teljast 163 félagar í félaginu.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Félagið stóð fyrir hreindýraprófum Umhverfisstofnunar að venju og voru tekin **59** próf sem er fækkun frá fyrra ári.

Félagið sá um verklegt skotvopnanámskeið fyrir Ríkislögreglustjóra, það voru **146** sem tóku námskeiðið að þessu sinni. Sem er met fjöldi hjá okkur.

Nokkuð var um heimsóknir hópa sem fengu leiðsögn og fengu að prófa að skjóta, m.a hópur sem var á vegum VGTV frá Noregi sem var að taka upp þátt með ungum raunveruleikastjörnum. Norðurál, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins svo nokkrir séu nefndir.

Félagið hélt tvö landsmót í SKEET á árinu, í maí og ágúst.

Engin starfsemi var í loftgreinum, þar sem aðstaða okkar hefur ekki skilað sér til baka.



Þátttaka og gengi í mótum:

Félagsmenn kepptu á flestum landsmótum sem haldin voru árið 2023. Voru þetta 2-3 keppendur á hverju móti frá félaginu.

Viðurkenningar og tilnefning til Íþróttamanns Akraness:

Skotfélag Akraness tilnefndi ekki fólk úr sínum röðum þetta árið

Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar:

Haldið verður áfram að hlúa að og halda við eignum okkar. Félagið ákvað á fundi í haust að kaupa tvær nýjar sporting vélar og auka fjarstýringu, búið er að panta það. Til stendur á næstu misserum að grafa upp úr skurðum og gera mön aftan við markið, sem verður gert samhliða viðgerðum á riffilvelli. Vonumst til að fá inni aðstöðu okkar í gagnið hið fyrsta svo æfingar geti hafist í loftgreinum að nýju eftir ára langt hlé, en salurinn á Vesturgötu hefur verið ónothæfur síðan byggingarframkvæmdir við fimleikahús hófust þar og óvíst hvenær starfsemi hefst þar aftur. Þetta hefur dregist óhóflega mikið og félagið hefur borið skaða af því þar sem ekki er hægt að æfa þessa grein á Akranesi.

Lokaorð og þakkir:

Skotfélag Akraness þakkar fyrir veitta styrki á árinu og félagsmönnum fyrir það góða sjálfboðastarf sem er unnið til að halda uppi starfsemi og uppbyggingu félagsins.

Akranesi 16.02.2024,
f.h. Skotfélags Akraness,
Stefán Gísli Örlygsson, formaður

Ársskýrsla Vifa árið 2023

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 16 janúar í íþróttahúsinu við Jaðarsbakka.

Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir

Stjórn félagsins: árið 2022-2023

Formaður : Jóhann Pétur Hilmarsson

Varaformaður : Márus Líndal Hjartarson

Gjaldkeri: Guðrún Hjaltalín

Ritari: Petronella Kristjánsdóttir

Brautarstjóri: Sveinbjörn Reyr Hjaltason

Fjárafilanir og fjármálaleg staða

Vifa annast daglegan rekstur á Akrabraut og fær til þess fjárhags aðstoð hjá Akraneskaupstað, einnig eru þeir fjármunir notaðir til uppbyggingar á svæðinu.

Vifa er duglegt við að sækja um styrki hjá hliðhollum fyrirtækjum í bæjarfélaginu, og fær einnig styrki hjá ÍA, þá t.d lotto peninga. Tap var á rekstri árið 2023 en kom það ekki að sök þar sem félagið átti inni hagnað frá síðasta ári.

Iðkenda fjöldi, flokkar og þjálfaramál

Jóhann Pétur var þjálfari Vifa árið 2023. Unglinga og barna motocross námskeið var allt sumarið og gekk það vel. Styrktarþjálfun var allann veturinn, þrisvar í viku. Iðkenda fjöldi er 150 félagar.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins

Vifa hefur verið í samstarfi við vinnuskólann undanfarin ár og það samstarf hefur gengið mjög vel, og vonandi heldur það samstarf áfram.

Yfir Vetrarmánuðina stunda félagsmenn Vifa ís akstur á einkalandi inni hvalfirði, með leyfi landeigandans. Er það góð viðbót í fjölbreytnina í sportinu.

Vifa hefur undanfarinn áratug haldið íslandsmót í motocross, og var engin breyting á því þetta árið. Mótið fór fram í Akrabraut. Var þáttakan mjög góð, veðrið var uppá 10, sól og smá gola. Fjölmenntu áhorfendur, jafnt börn sem fullorðnir. Náði bíla fjöldinn niður að rimlahliði, sem sagt allt pakkað. Mjög lítið var um óhöpp þetta árið og engin alvarlega slasaður.

Þáttaka og gengi í mótum:

Félagar Vifa tóku þátt í öllum motocross mótum á árinu, og einnig í flestum enduro mótunum. Og á félagið innan sinna raða íslandsmeistara kvenna í motocross, Anitu Hauksdóttur. Sem var einnig hársbreidd frá því að vera íslandsmeistari í enduro akstri líka. (hún var íslandsmeistari í bæði motocross og enduro akstri árið áður ,2022) Vifa tilnefndi hana til íþróttamanns ársins árið 2023 og lenti hún í 3 sæti. Eru Vifa félagar mjög stoltir af henni.

Framtíðarsýn:

Motocross iðkendur á landinu fengu þær gleðifréttir í lok síðasta árs, að tollstjóri hefði gefið eftir og felld niður vörugjöld á motocross hjólum. Sem lækkar hjólin um ca 30%. Sem hefur verið mikil lyftistöng fyrir sportið.

Annars lítur Vifa björtum augum á framtíðina, svæðið er frábært og eitt það besta á landinu.

Enduro þrautabraut er næst á dagskrá hjá Vifa , og eru félagar Vifa búnir að vera duglegir að safna aðföngum fyrir hana.

Fjárfest var í tveimur tækjum á árinu. Annars vegar tætara sem auðveldar allt viðhald á brautinni. Og hins vegar rudda sláttuvél. Sem nýtist við að gera allt svæðið snyrtilegt og fínt.

Iðkendum fer alltaf aðeins fjölgandi . Félagið eignaðist 1 krakka hjól fyrir 4 árum síðan, sem áhugasamir geta prufað gegn vægu gjaldi.

Lokaorð og þakkir

Vifa vill þakka verktaka fyrirtækjunum, Þrótti, GT tækni og Meitli fyrir að standa þétt við bakið á félaginu í tæp 13 ár.

Akraneskaupstaður á mikið lof skilið fyrir veittann fjárstuðning í formi framkvæmdarstyrks undanfarin ár. Þar á bæ eru allir alltaf jákvæðir og hafa alltaf tekið vel í allt sem Vifa félagar hafa verið að framkvæma í uppbyggingu á Akrabraut og svæðinu í kring.

Síðast en alls ekki síst , vill Vifa þakka IA fyrir alla þá styrki sem þeir hafa veitt félaginu, og endalaust góða hjálp við öll þau viðfangsefni sem við höfum leitað til þeirra með.